SIGRÚN ÞÖLL ÞORSTEINSDÓTTIR
*Náði kjörþyngd á einu ári*
heilsa
allt Í MIÐJU BLAÐSINS




FOOD & FUN
*Hátíð sem vekur athygli víða um heim*
Sérblað um matarhátíðina Food & Fun
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG




TIGER
bæklingurinn fylgir blaðinu í dag

# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

20. febrúar 2007 — 50. tölublað — 7. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 550 5000

## ÞRIÐJUDAGUR

### Öll að braggast



Inga Sæland missti framan af löngutöng í alvarlegu slysi á laugardaginn.
FÓLK 30

### Poppstjarna fer yfir um



Hegðan Britney Spears verður undarlegri með degi hverjum.
FÓLK 22

### Einmana börn

„Með því að draga úr verslunarferðum er hægt að spara umtalsverðan tíma sem betur er varið til samskipta eða samveru með börnum," segir Inga Rósa Þórðardóttir.
Í DAG 16



### Leikdómur

Sextugsafmæli Ladda í Borgarleikhúsinu.
MENNING 21

### 100 þúsund króna sekt



Handknattleiksdeild ÍBV fékk hæstu mögulega sekt vegna hegðunar formannsins. Hann hefur fengið tvær sektir og leikbann í vetur.
ÍÞRÓTTIR 26

## VEÐRIÐ Í DAG




**ÁFRAM VINDASAMT** - Í dag verður norðaustan- eða austanátt, víða 8-15 m/s en hvassara með suðurströndinni. Skúrir eða slydduél austan og suðaustan til annars úrkomulítið. Hiti 2-7 stig, mildast sunnan til.
VEÐUR 4




# Stinningartöflurnar stöðvaðar í tollinum

**Mikil aukning varð milli ára á haldlögðum póstsendingum vegna gruns um að lyfjainnihald samræmdist ekki íslenskum reglum. Hluti lyfjanna voru fölsuð lyf, meðal annars stinningarlyf. Lyfin voru endursend eða þeim fargað.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Tollgæslan í Reykjavík stöðvaði 1.081 póstsendingu á síðasta ári vegna gruns um að lyfjainnihald sendinganna samræmdist ekki íslenskum reglum varðandi innflutning einstaklinga á lyfjum til landsins. Árið áður voru 642 sendingar stöðvaðar, sem þýðir tæplega 70 prósenta aukningu milli ára. Reglugerðin bannar að öll lyf utan EES-svæðisins komist til Íslands með pósti og er meginþorri haldlagninganna af þeim sökum. Þó eru einnig tekin lyf sem eru lyfseðilsskyld hér á landi, meðal annars stinningarlyf.

Guðrún Sólveig Ríkarðsdóttir, yfirtollvörður hjá póstmiðstöð Tollgæslunnar, segir öll bönnuð lyf fá sömu meðferð. „Ef Lyfjaeftirlitið metur sendingarnar þannig að þær fara í bann þá er það móttakandans að ákveða hvort hann vill láta farga lyfjunum eða hvort hann vill láta endursenda vöruna."

Einnig hafa borist hingað til lands fölsuð lyf, en framleiðsla þeirra hefur farið vaxandi á undanförnum árum. Regína Hallgrímsdóttir, sviðsstjóri eftirlitssviðs Lyfjastofnunar, segir þau lyf mestmegnis vera einhvers konar stinningarlyf eða fugla-flensulyf. „Yfirleitt eru þetta lyf sem geta verið feimnismál líkt og stinningarlyfin eru gjarnan. Eða, líkt og með fuglaflensulyfin, lyf sem fólk var farið að hamstra. Þá verður mjög vinsælt að taka svona lyf og setja á markað vegna þess að það er mikil eftirspurn eftir þeim."

Lyf eru flokkuð sem fölsuð ef um er að ræða eftirlíkingar á lyfjum sem verið er að framleiða á markaði. Að sögn Regínu skiptast þau að mestu í tvo flokka. „Annars vegar geta lyfin innihaldið allt önnur efni en framleiðendurnir segja í þeim. Hins vegar geta lyfin innihaldið sama virka efnið og er í upprunalegu lyfjunum en þau eru ekki framleidd í viðurkenndum lyfjaframleiðslufyrirtækjum. Það getur því verið að falsað lyf hafi sömu virkni og það er sagt hafa."

- þsj



**OLÍUBLAUTUR FUGL VIÐ GARÐSKAGAVITA** Gunnar Þór Hallgrímsson með olíublautan æðarfugl sem fannst við Garðskagavita í gærmorgun. Seinni partinn í gær fannst stór olíuflekkur í fjörunni við strandstað Wilson Muuga. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Olíumengun í Hvalsnesfjöru skammt frá Garðskagavita hefur áhrif á lífríki:

# Olíumengunin skaðar fuglalíf

**UMHVERFISMÁL** Æðarfuglar fundust með olíu í fjaðurhamnum við Garðskagavita í gærmorgun. Farið var með fuglana í hreinsun og aðhlynningu í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í Reykjavík. Óttast er að fleiri fuglar finnist næstu daga. „Við þurfum að finna uppruna olíunnar og kanna betur ástand fuglanna á svæðinu," sagði Gunnar Þór Hallgrímsson líffræðingur í gær.

Stór flekkur fannst löðrandi í olíu á tíu til tuttugu metra löngu svæði við strandstað flutningaskipsins Wilson Muuga seinni partinn í gær en flekkurinn er einmitt á svæði þar sem vaðfuglar á borð við sendlinga gætu leitað sér ætis.

- ghs / sjá síðu 4



**MOHAMMED ELBARADEI** Yfirmaður kjarnorkustofnunar SÞ fundar með Ali Larijani, samningafulltrúa Írans í kjarnorkumálum, í dag.

Frestur Írana að renna út:

# Hóta frekari refsiaðgerðum

**ÍRAN** Fresturinn sem Sameinuðu þjóðirnar settu Írönum til þess að hætta úranauðgun rennur út á morgun. Refsiaðgerðum hefur verið hótað verði þeir ekki við kröfunni. Íranar standa fast á því að þeir þurfi á kjarnorku að halda til friðsamlegra nota.

Ali Larijani, aðalsamningafulltrúi Írans í kjarnorkumálum, gengur á fund Mohammed Elbaradei, yfirmanns kjarnorkustofnunar Sameinuðu þjóðanna í dag. Vonast er til að samkomulag náist þar, en viðamestu heræfingar í Íran síðan í mars 2006 hófust í gær.

- sþs/gb / sjá síðu 14

Æðiskast í Bandaríkjunum:

# Trylltist og henti kjötstykki í barn

**BANDARÍKIN** Fimm ára bandarísk stúlka liggur á sjúkrahúsi eftir að hafa fengið frosið kjötstykki í höfuðið. Skyldmenni hennar, tuttugu og fimm ára gamall karlmaður, trylltist þegar kvöldmaturinn hans var ekki tilbúinn, opnaði frystinn og henti mat um alla íbúðina. Þetta kemur fram á vef bandarísku fréttastofunnar CBS.

Stórt frosið kjötstykki lenti í enni stúlkunnar, sem var í öðru herbergi, með fyrrgreindum afleiðingum. Maðurinn var handtekinn og hefur verið kærður fyrir líkamsárás og vítavert gáleysi.

- sþs






## SPURNING DAGSINS



*Friðbjörn, eiga íslensk yfirvöld að skammast sín?*

Já, ef þau ætla að hindra funda- og ferðafrelsi.

Friðbjörn Orri Ketilsson er formaður Frjálshyggjufélagsins sem hefur lýst yfir mótmælum sínum.

Páll Magnússon útvarpsstjóri segir ekki hvað söngvakeppni Sjónvarpsins kostaði:

# Samningar eru trúnaðarmál

**FJÖLMIÐLAR** Páll Magnússon útvarpsstjóri neitar að gefa upp heildarkostnað Ríkisútvarpsins vegna Söngvakeppni Sjónvarpsins sem lauk síðasta laugardagskvöld. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var kostnaðurinn á milli þrjátíu og fjörutíu milljónir króna.

„Þessar tölur eru ekki gefnar upp af samkeppnisástæðum,“ segir Páll. „Við erum með viðskiptasamninga við aðila úti í bæ og gefum eðli málsins samkvæmt ekkert uppi um innihald þeirra.“

Fyrirtækið BaseCamp sá um framkvæmd keppninnar sem sýnd var í fjórum hlutum. Eins og fram hefur komið sigraði Eiríkur Hauksson og verður hann fulltrúi Íslands í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva. Hann söng lag Sveins Rúnars Sigurðssonar við texta Kristjáns Hreinssonar.

Stór hluti kostnaðar RÚV vegna keppninnar eru laun til lagahöfunda, en samkvæmt heimildum fékk hver lagahöfundur í undankeppninni hálfa milljón króna. Innifalið í þeirri upphæð eru laun til allra þeirra sem koma að laginu, svo sem söngvara, dansara og hljóðfæraleikara.

Málið verður kært til úrskurðarnefndar um upplýsingamál þegar skrifleg neitun hefur borist. **- sþs**



**ÚRSLITAKVÖLDIÐ** Ragnheiður Eiríksdóttir syngur lagið „Ég og heilinn minn“. Lagahöfundar fengu hálfa milljón fyrir að komast í undankeppnina.

Skólastjórafélag Reykjavíkur:

## Harmar að ekki náist sátt

**MENNTUN Skólastjórafélag Reykjavíkur harmar það að samninganefndir Launanefndar sveitarfélaganna og Kennarasambands Íslands hafi ekki náð samkomulagi um framkvæmd endurskoðunarákvæðis greinar 16.1. í samningi aðila frá árinu 2004.**

**Skólastjórafélagið lýsir jafnframt yfir áhyggjum sínum komist aðilar ekki að niðurstöðu innan skamms.**

**Þá skorar fundurinn á samninganefndirnar að taka upp þráðinn að nýju og freista þess að ná samkomulagi sem tryggir starfsfrið innan grunnskólans. - þo**

Steggjunin fór úr böndunum:

## Sló konu í andlitið með flösku

**DÓMSMÁL Karlmaður hefur verið dæmdur í 30 daga skilorðsbundið fangelsi fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás.**

**Atvikið átti sér stað við Eldsmiðjuna í Reykjavík, þar sem maðurinn hafði gengið berserksgang og slegið konu í andlitið með glerflösku með þeim afleiðingum að hún hlaut stóran skurð á ennið. Sauma þurfti skurðinn saman. Fram kemur að verið var að „steggja“ manninn, sem lenti í orðaskaki við gest. Stúlkan sem fékk flöskuna í andlitið starfaði á staðnum.**

**Maðurinn var dæmdur til að greiða konunni 100 þúsund krónur í skaðabætur, auk 500 þúsund króna í sakarkostnað. - jss**

Kristinn H. Gunnarsson:

## Formlega orðinn frjálslyndur

**STJÓRNMÁL** Kristinn H. Gunnarsson hefur skráð sig sem félaga í Frjálslynda flokknum, og hefur jafnframt gengið til liðs við þingflokk Frjálslynda flokksins. Hann sat sinn fyrsta formlega fund með þingflokknum í gær. Tilkynning um inngöngu hans í þingflokkinn var lesin upp af forseta Alþingis við upphaf þingfundar í gær.



**KRISTINN H. GUNNARSSON**

Að sögn Magnúsar Þórs Hafsteinssonar, þingflokksformanns Frjálslynda flokksins, tekur Kristinn við af Sigurjóni Þórðarsyni sem aðalmaður í iðnaðarnefnd auk þess sem hann verður áheyrnarfulltrúi í efnahags- og viðskiptanefnd. **- sþs**

# Heiðmerkurlögn gat verið neðanjarðar

**Björn Oddsson hjá Línuborun ehf. segist vel hafa getað borað fyrir vatnslögn Kópavogsbæjar í Heiðmörk þannig að hún lægi undir yfirborðinu og gróður yrði ósnertur. Bæjarstjórinn segist telja þetta vera of dýra aðferð.**

**UMHVERFISMÁL** Björn Oddsson hjá Línuborun ehf. segir fyrirtækið hafa yfir að ráða búnaði sem gæti borað fyrir stofnlögn Vatnsveitu Kópavogsbæjar þannig að hún lægi neðanjarðar.

Línuborun hefur meðal annars borað fyrir lögn frá Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í Laugardal niður að sjónum við Sæbraut. Með sömu tækni segir Björn að hægt hefði verið að ganga frá vatnslögninni í Heiðmörk án þess að valda jarðraski og skemmdum á gróðri. Björn segir að þótt Kópavogsbæ hafi verið fullkunnugt um að Línuborun réði yfir þessari tækni hefði aldrei verið haft samband við hann vegna málsins.

„Mennirnir vita alveg að ég á þessar græjur en það var aldrei talað við mig,“ segir Björn sem eins og flestir aðrir frétti fyrst af framkvæmdunum í Heiðmörk nokkru eftir að þær voru hafnar. Hann segist þá hafa farið á staðinn og skoðað aðstæður.

„Þeir hugsa bara um að búa til skurðinn, ýta ofan í hann og svo eru þeir farnir,“ segir Björn sem telur að sennilega setji menn fyrir sig þann kostnað sem fylgir því að leggja lögnina neðanjarðar. Þar séu menn hins vegar að misreikna sig.

„Þó að verðið sé kannski dýrara þegar maður segir töluna þá eiga menn eftir að reikna inn fráganginn og jarðraskið. Þá kemur borinn alltaf ódýrari út,“ fullyrðir Björn.

Að sögn Björns tæki það aðeins tvo til fjóra daga að bora undir ásinn þar sem nú er búið að ryðja burt miklu af trjágróðri. Það sé um 200 metra leið sem bora þurfi fyrir hina pípuna. Klöpp væri þar undir og borunin því í dýrari kantinum þar sem nota þyrfti mjög dýra borhausa. Kostnaðurinn gæti numið um 20 milljónum króna. „Það er nú ekki mikið miðað við allan þann skaða sem þegar er orðinn á þessum stað,“ segir Björn.





**BJÖRN ODDSSON OG ERLINGUR REINHOLD BJÖRNSSON** Feðgarnir í Línuborun segja að þegar kostnaður við frágang sé tekinn inn í myndina sé ódýrara að bora fyrir vatnslögninni í Heiðmörk heldur en að grafa upp landið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



**GUNNAR I. BIRGISSON** Bæjarstjórinn segir að gengið verði vel frá vatnslögninni í Heiðmörk. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Kristinn Wium Tómasson, eftirlitsmaður Kópavogsbæjar með framkvæmdunum í Heiðmörk, segir tæki Línuborana ekki duga. Vatnslögnin væri 630 millimetrar en Línubor gæti mest borað 530 millimetra. „Þannig að sú framkvæmd fellur um sjálfa sig,“ segir Kristinn. Björn á hinn bóginn fullyrðir að Línubor geti vel ráðið við verkefnið.

Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri Kópavogs, segir að borunarleiðin hafi ekki verið uppi á borðinu. „Þetta er rosalega mikil lögn og kostnaðurinn yrði morð hugsa ég,“ segir bæjarstjórinn.

**- gar@frettabladid.is**

Viðhorfskannanir vestra:

## Fylgi við konu á forsetastól

**BANDARÍKIN, AP** Tveir af hverjum þremur Bandaríkjamönnum telja að þjóðin sé tilbúin til að kjósa sér konu til forseta, en fylgi við demókratann Hillary Rodham Clinton og repúblikanana John McCain og Rudolph Giuliani mælist nánast hnífjafnt í nýjustu viðhorfskönnunum vestra.



**HILLARY RODHAM CLINTON**

Drjúgur meirihluti svarenda telur að kona á forsetastóli myndi sinna innanríkismálum á borð við heilbrigðis-, mennta-, félags- og orkumál, sem og viðbrögðum við náttúruhamförum, betur en karl. Konu er aðeins verr treyst í hermálum, samkvæmt niðurstöðum könnunar Siena-stofnunarinnar fyrir Hearst-dagblöðin. **- aa**

Eldsvoði á Hringbraut:

## Íbúi talinn hafa kveikt í sjálfur

**LÖGREGLUMÁL Kona á fimmtugsaldri er talin hafa valdið eldsvoða í íbúð sinni í fjölbýlishúsi við Hringbraut í Reykjavík seint á sunnudagskvöld. Nágrannar konunnar höfðu haft samband við lögreglu vegna mikils reyks sem lagði frá íbúðinni. Greiðlega gekk að slökkva eldinn og allir aðrir íbúar hússins komust heilu og höldnu út.**

**Að sögn varðstjóra hjá lögreglunni var konan þó enn í sinni íbúð þegar slökkvilið kom á staðinn. Hún var flutt á sjúkrahús til aðhlynningar. Íbúð konunnar er mikið skemmd, ef ekki ónýt, og töluvert tjón varð á annarri íbúð í stigaganginum. Konan á við geðræn vandamál að stríða og því er málið ekki rannsakað sem sakamál. - þsj**

**BÍLL DAGSINS**

**ISUZU D-MAX 32”**

Nýskr. 01.07 - Sjálfskiptur - Ekinn 1 þús. km. - Allt að 100% lán.





**Ingvar Helgason** **NOTAÐIR BÍLAR**

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.

Fimmtíu tré úr Heiðmörkinni fundust í Hafnarfirði:

# Lögreglan rannsakar flutning

**UMHVERFISMÁL** Lögreglan í Reykjavík leitaði í gær og fann um fimmtíu stór tré við afleggjara út frá Krísuvíkurvegi í Hafnarfirði. Hún mun rannsaka hvort hugsanlega hafi staðið til að endurselja trén, en flutningur þeirra er partur af umdeildri framkvæmd Kópavogsbæjar í Heiðmörk.

Kristinn Wium Tómasson, eftirlitsmaður Kópavogsbæjar með framkvæmdinni, segir engan fót fyrir hugsanlegum endursöluáformum. „Í samráði við garðyrkjustjóra Kópavogsbæjar var ákveðið að halda í og reyna að bjarga trjám sem eru þrír metrar og undir. Þeim verður plantað aftur að framkvæmd lokinni. Þau voru sett á geymslusvæði og mold yfir ræturnar svo þau næðu að dafna þangað til að verktaki myndi ljúka verki og þá færu þau aftur upp eftir,“ segir hann.

Klæðning ehf. færði trén á lóð Garðafells ehf. að beiðni Kópavogsbæjar, segir Kristinn, því þar hafi verið meiri líkur á að þau lifðu af en ella. Hann tekur skýrt fram að það hafi „alltaf verið eindregin vilji Kópavogsbæjar að þau yrðu sett á sama stað aftur“.

Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri Kópavogs, furðar sig á athyglinni sem framkvæmdin hefur fengið og viðbrögðum Skógræktarfélagsins. „Við munum bæta þetta tjón og punktur. Við ætlum ekki að vaða yfir einn eða neinn. Þetta er móðursýki, ég bara botna þetta ekki. Við gróðursetjum tré í staðinn fyrir þessi, þannig að það verði til sóma.“ **- kóþ**



**SPJÖLLIN** Mikil sár eru í gróðrinum í Heiðmörk eftir vinnuvélar Klæðningar hf. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

www.toyota.is

# SUMIR NOTAÐIR BÍLAR ERU EINFALDLEGA BETRI EN AÐRIR



**Toyota Avensis W/G Sol** 1800 Bensín sjsk.
Á götuna: 06.05 Ekinn: 95.000 km
Verð: 2.090.000 kr. Skr.nr. JE076



**Toyota Corolla L/B Terra** 1400 Bensín 5 gíra. Á götuna: 06.01 Ekinn: 101.000 km
Verð: 690.000 kr. Skr.nr. ZP963



**Chevrolet Lacetti W/G** 1800 Bensín 5 gíra
Á götuna: 06.05 Ekinn: 45.000 km
Verð: 1.390.000 kr. Skr.nr. JG815



**Citroen C3 H/B** 1400 Bensín sjsk.
Á götuna: 08.03 Ekinn: 54.000 km.
Verð: 990.000 kr. Skr.nr. KI018



**Ford Fiesta H/B Trend** 1600 Bensín sjsk.
Á götuna: 04.06 Ekinn: 9.000 km
Verð: 1.590.000 kr. Skr.nr. VB763



**Ford Focus S/D Ambiente High Series**
1600 Bensín sjsk.
Á götuna: 03.00 Ekinn: 72.000 km
Verð: 750.000 kr. Skr.nr. YI908



**Ford Mondeo L/B Ghia** 2000 Bensín sjsk.
Á götuna: 01.03 Ekinn: 65.000 km
Verð: 1.590.000 kr. Skr.nr. RE297



**Toyota Avensis L/B Sol** 1600 Bensín 5 gíra
Á götuna: 07.00 Ekinn: 114.000 km
Verð: 950.000 kr. Skr.nr. VU039



**Toyota Avensis S/D Sol** 1800 Bensín 5 gíra
Á götuna: 01.05 Ekinn: 45.000 km
Verð: 2.070.000 kr. Skr.nr. TB387



**Nissan Double Cab E** 2500 Dísel 5 gíra
Á götuna: 07.05 Ekinn: 33.000 km
Verð: 2.490.000 kr. Skr.nr. VF059



**Toyota Corolla H/B Sol** 1600 Bensín sjsk.
Á götuna: 11.05 Ekinn: 27.000 km
Verð: 2.090.000 kr. Skr.nr. VI765



**Toyota Corolla H/B Terra** 1600 Bensín sjsk.
Á götuna: 08.03 Ekinn: 44.000 km
Verð: 1.450.000 kr. Skr.nr. RY046



**Toyota Land Cruiser 100** 4700 Bensín sjsk.
Á götuna: 01.02 Ekinn: 72.000 km
Verð: 3.920.000 kr. Skr.nr. DZ711



**Toyota Land Cruiser 100** 4700 Bensín sjsk.
Á götuna: 01.03 Ekinn: 94.000 km
Verð: 4.750.000 kr. Skr.nr. MO448



**Toyota Land Cruiser 120 GX** 3000 Dísel sjsk.
Á götuna: 05.05 Ekinn: 69.000 km
Verð: 4.460.000 kr. Skr.nr. SR483



**Toyota Previa** 2400 Bensín sjsk.
Á götuna: 05.04 Ekinn: 58.000 km
Verð: 2.590.000 kr. Skr.nr. TJ231

BNB-sölugreining
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

**Núna bjóðum 16 betri notaða bíla á sannkölluðum gæða- og úrvalskjörum.**

BETRI **NOTAÐIR** BÍLAR **TOYOTA**

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

ÚRVALSBÍLL GÆÐABÍLL

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 36328 02/07

## GENGIÐ 19. 02. 2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 66,4 | 66,72 |
| Sterlingspund | 129,18 | 129,8 |
| Evra | 87,17 | 87,65 |
| Dönsk króna | 11,691 | 11,759 |
| Norsk króna | 10,829 | 10,893 |
| Sænsk króna | 9,426 | 9,482 |
| Japanskt jen | 0,5551 | 0,5583 |
| SDR | 99,54 | 100,14 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
119,4185

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Sprengjuárás á lestarvagna í Indlandi:

# Reynt að tefja friðarviðræður

**INDLAND, AP** Nærri 70 manns fórust þegar tvær sprengjur sprungu í fyrrakvöld í járnbrautarlest í bænum Dewana, sem er um 80 kílómetra norður af Nýju-Delí.

Indverskir embættismenn sögðu tilganginn með sprengjuárásinni greinilega vera þann að trufla eða koma í veg fyrir friðarviðræður milli Indlands og Pakistans.

Lestin var á leiðinni frá Indlandi til Pakistans þegar sprengingarnar urðu stuttu fyrir miðnætti. Flestir farþeganna voru frá Pakistan.

Friðvænlegra hefur verið milli Indlands og Pakistans síðustu árin, þótt helsta deilumál þeirra, sem er staða Kasmírhéraðs, sé enn óleyst. Ekki leit út fyrir að þessi árás myndi tefja fyrir viðræðum, en pakistönsk stjórnvöld krefjast þess að Indverjar hafi uppi á sökudólgunum og refsi þeim.

Í tveimur af þeim lestarvögnum, sem sluppu óskemmdir, fundust ferðatöskur með heimatilbúnum sprengjum sem talið er að hafi átt að springa um leið og hinar tvær.

Margir farþegar komust ekki út úr lestarvögnunum vegna þess að ekki var hægt að opna gluggana. Lestinni var ekið áfram til Pakistans eftir að eyðilögðu vagnarnir höfðu verið leystir frá henni. **- gb**



**GJÖRÓNÝTIR LESTARVAGNAR** Indverskir hermenn ganga framhjá lestinni sem eyðilagðist í sprengjuárás í fyrrakvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Frjálshyggjufélagið ályktar:

# Afskipti háttur einræðisríkja

**FÉLAGSMÁL Stjórn Frjálshyggjufélagsins telur afskipti stjórnvalda af ferðum og fundum saklauss fólks vera hátt einræðisríkja og svartan blett á góðri ímynd landsins. Þar er átt við fyrirhugaða ráðstefnu fólks í klámiðnaðinum sem fram fer í byrjun næsta mánaðar, og viðbrögð vegna hennar.**

**Í ályktun frá félaginu segir að mikilvægt sé að átta sig á því að mansal og erótík sé ekki sami hluturinn.**

**Nánast allir þeir sem starfi í og við framleiðslu á erótík geri það af fúsum og frjálsum vilja. - sþs**



**STEFÁN EIRÍKSSON** Vill að ný lögreglustöð verði miðsvæðis.

Höfuðstöðvar lögreglunnar:

# Verði byggðar miðsvæðis

**SKIPULAGSMÁL** Stefán Eiríksson, lögreglustjóri lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, segir að einu kröfurnar sem lögreglan geri séu að nýjar höfuðstöðvar hennar verði byggðar miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu og að þær verði nálægt helstu umferðaræðum.

Stefán segir að hann hafi ekki sett fram neinar kröfur um í hvaða sveitarfélagi nýju höfuðstöðvarnar verði byggðar. Forsvarsmenn Reykjavíkurborgar, Garðabæjar, Hafnarfjarðar og Kópavogs skoða mögulegar staðsetningar stöðvarinnar ásamt fjármálaráðuneytinu á næstunni. **- ifv**

# Olíuflekkur fannst við strandstaðinn

**Flekkur löðrandi í olíu fannst á tíu til tuttugu metra svæði við strandstað Wilson Muuga í Hvalsnesfjöru í gær. Tveir olíublautir æðarfuglar fundust. Tugir fugla munu drepast segir líffræðingur. Hreinsun flekksins hefst í dag.**

**UMHVERFISMÁL** Stór olíuflekkur fannst í þanghrönn, 10-20 metrar á breidd, í Hvalsnesfjöru í gær. „Þetta vekur upp spurningar hvort þarna geti verið fleiri flekkir sem fuglar geti lent í,“ segir Gunnar Þór Hallgrímsson, líffræðingur hjá Náttúrustofu Reykjaness. Starfsmenn Umhverfisstofnunar fara á staðinn í dag til að hreinsa olíuna upp.

Tveir æðarfuglar fundust á Garðskaga í gær og var annar þeirra greinilega olíublautur. Olíusýni var tekið og farið með fuglana til hreinsunar og aðhlynningar í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum. „Við ætlum að reyna að átta okkur á því hvaðan olían kemur,“ sagði Þorkell Heiðarsson, aðstoðarforstöðumaður í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum.

Um helgina sáust hundruð olíublautra fugla frá Garðskagavita að Njarðvíkurfitjum. Gunnar Þór segir að mest hafi sést af blautum fugli í Garði. Tíu tegundir af fuglum hafi fundist, allt fuglar sem lifa á sjó að einhverju leyti nema ein tegund af vaðfugli, sendlingur. Í gær hafi aðstæður verið verri og þá hafi minna sést.

„Þessi olía hefur náð landi en við vitum ekki nákvæmlega hvar hún er,“ sagði Gunnar Þór og hafði áhyggjur af því að olían væri víðar en bara í Hvalsnesfjöru. „Við þurfum að finna uppruna olíunnar og kanna betur ástand fuglanna á svæðinu. Ég held það megi fullyrða að tugir fugla munu drepast hið minnsta en það er útilokað að segja nánar á þessu stigi hver áhrifin verða, hvort mengunin hafi áhrif á stofna eða fuglalíf á svæðinu almennt,“ sagði hann og taldi ólíklegt að fugla færi að reka dauða á land því að vindáttin væri óhagstæð.

Umhverfisstofnun var tilkynnt um olíumengunina um helgina og lögreglu líka. Starfsmenn Náttúrustofu Reykjaness fylgdust með ástandinu í gær, athuguðu dreifingu og fjölda blautra fugla. Gunnar Þór sagði að dauðum fugli yrði safnað en lifandi fugla yrði farið með í Húsdýragarðinn.

„Það sem kemur mér mest á óvart er hve erfitt er að sjá olíubletti á fuglum og auðvelt að láta blettina fram hjá sér fara. Slíkir blettir gætu hafa verið um allt í nokkurn tíma.“

Flugvél Landhelgisgæslunnar fór í eftirlitsflug yfir svæðið í gær en sá ekki neina olíubrák á sjónum. **ghs@frettabladid.is**



**LEITAÐ AÐ OLÍUBLAUTUM FUGLI** Talið er næsta víst að tugir fugla muni drepast vegna olíumengunar í fjöru á Reykjanesi og að það gefi ekki fulla mynd hversu marga fugla rekur á land því marga rekur einnig á haf út. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### FUGLAR MEÐ OLÍUSMIT

- Æðarfugl
- Stokkönd
- Rauðhöfðaönd
- Toppönd
- Hettumávur
- Bjartmávur
- Silfurmávur
- Trjámávur
- Dílaskarfur
- Sendlingur



**BARÁTTAN HARÐNAR** Skopstyttur af Sarkozy og Royal í kjötkveðjuhátíðargöngu í Köln. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Segolene Royal í vanda:

# Nicolas Sarkozy eykur forskotið

**FRAKKLAND, AP** Segolene Royal, forsetaefni franskra sósíalista, á nú í vök að verjast í kosningabaráttunni. Samkvæmt nýjustu viðhorfskönnunum er forskot höfuðkeppinautarins Nicolas Sarkozy úr íhaldsflokknum UMP sífellt að aukast. Þegar kjósendur eru beðnir að gera upp á milli þeirra tveggja, eins og sennilegast er að gerist í síðari umferð kosninganna 6. maí, segjast nú 55 af hundraði styðja Sarkozy og 45 prósent Royal.

Royal hefur ákveðið að stokka upp í kosningabarátturáðgjafahópi sínum, og kemur sú uppstokkun til framkvæmda í vikunni. Tveir mánuðir eru nú til fyrri umferðar kosninganna. **- aa**

Vefspjall Reykjavíkurborgar:

# Borgarstjóri tók vefspjall í notkun

**STJÓRNSÝSLA Reykvíkingar þurfa ekki lengur að örvænta ef þeir þurfa að komast að einhverju um borgina sína því nú geta þeir farið inn á vefspjall Reykjavíkurborgar á www.reykjavik.is og spurt þjónustufulltrúa.**

**Vefspjallið er opið alla daga milli klukkan 8 og 17 og virkar á mjög svipaðan hátt og MSN.**

**Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri tók vefspjallið í notkun í gær. - ifv**

### FÆREYJAR

**Vilja einkavæða Atlantsflog**

Færeyska landstjórnin hefur aftur tekið upp áform um að einkavæða flugfélagið Atlantsflog, sem annast hefur mestallt áætlunarflug til og frá eyjunum. Í fyrsta áfanga á að selja þriðjungshlut, en ætlunin mun vera að selja annan þriðjung í framhaldinu.

### FINNLAND

**Leave Me Alone í Eurovision**

Söngkonan Hanna Pakarinen verður fulltrúi Finna í Eurovision í Finnlandi í vor, að sögn Helsingin Sanomat. Pakarinen mun flytja lagið Leave Me Alone.






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**HÆGT KÓLNANDI VEÐUR**

**Vindar á landinu verða smám saman heldur norðanstæðari en verið hefur og þá kólnar um leið. Norður- og Austurlandið sigla smám saman inn í frost og á morgun ætti víða að verða vægt frost á þessum svæðum. Samfara þessu má búast við éljagangi. Almennt má segja að það verði vindasamt á landinu næstu daga, síst þó á landinu norðaustanverðu.**

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

**Norðaustan 8-13 m/s. Skýjað. Hiti 4-6 stig í dag.**




*um hádegi »*

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 4°C | léttskýjað | London | 12°C skúrir | | Alicante | 17°C skúrir |
| Þórshöfn | 8°C | skúrir | París | 14°C hálfskýjað | | Mallorca | 14°C léttskýjað |
| Osló | 0°C | él | Frankfurt | 12° alskýjað | | Algarve | 15°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | -3°C | alskýjað | Friedrichshafen | 9°C hálfskýjað | | Krít | 18°C skúrir |
| Gautaborg | 4°C | alskýjað | Berlín | 9°C hálfskýjað | | Las Palmas | 19°C léttskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.


Lambakjöt
ELDAMENNSKAN ER LAMB AÐ LEIKA VIÐ
Saltkjöt og baunir eru skemmtilegasta matarhefðin sem Íslendingar eiga.
Sprengidagurinn er í dag, tökum hann með trompi.
Saltkjöt og baunir,
túkall
www.lambakjot.is
ALLIR ELSKA LAMBAKJÖT, MAÐUR

**KJÖRKASSINN**



*Ert þú sátt(ur) við framlag Íslands í Eurovision?*

| | |
|---|---|
| Já | 69% |
| Nei | 31% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Fékkst þú þér bollu á bolludaginn?*

Segðu skoðun þína á visir.is vísir

Orkuveita Reykjavíkur (OR) virkjar jarðhita til raforkuframleiðslu í Djíbútí:

# Bjóða fram aðstoð í Djíbútí

**ORKUMÁL** Orkuveita Reykjavíkur mun aðstoða yfirvöld í Afríkuríkinu Djíbútí, sem er í austurhluta Afríku og liggur að Eþíópíu, við að virkja jarðhita til raforkuframleiðslu. Fyrsti hluti samstarfsins felst í því að vísindamenn Orkuveitunnar munu yfirfara mæligögn úr borholum í Djíbútí og afla frekari gagna með mælingum.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, borgarstjóri Reykjavíkur, Mahmoud Ali Youssouf, utanríkisráðherra Djíbútís, og Guðlaugur Þór Þórðarson, stjórnarformaður Orkuveitunnar, skrifuðu undir samning í höfuðstöðvum Orkuveitu Reykjavíkur í gær þar sem þetta kemur fram. Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, og forseti Djíbútís, Ismail Omar Gulleh, voru viðstaddir þegar skrifað var undir samninginn.

Nýting jarðhita er á frumstigi í Djíbútí sem þarf að flytja inn 85 prósent þeirrar orku sem notuð er í landinu. Stjórnvöld í Djíbútí telja að skortur á traustri og ódýrri orku hindri frekari þróun í landinu.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson fagnar samningnum og segir hann vera lið í að flytja út íslenska þekkingu, hugvit og reynslu. Hann telur að Íslendingar hafi náð einstæðum árangri við að beisla jarðhita til orkuframleiðslu og að með samningnum séu Reykjavíkurborg og OR að miðla þekkingu þar sem þörfin er brýnust. - ifv



**ISMAIL OMAR GUELLEH OG ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Með 50 myndir í tölvu sinni:

# Dæmdur fyrir barnaklám

**DÓMSMÁL Karlmaður hefur verið dæmdur í eins mánaðar fangelsi, skilorðsbundið, fyrir að hafa barnaklám í tölvubúnaði sínum.**

**Maðurinn hafði í tölvu sinni 50 ljósmyndir sem sýndu börn á kynferðislegan og klámfenginn hátt og höfðu 48 myndir verið afmáðar af hörðum diski tölvunnar. Gögn málsins báru með sér að maðurinn hafi haft myndirnar í vörslu sinni í skamman tíma og svo eytt þeim. Hann játaði brot sitt. Hann hafði ekki áður gerst sekur um refsiverða háttsemi.**

**Auk þess var manninum gert að greiða rúmlega 77 þúsund krónur í málskostnað.** - jss




# Lögreglan þarf fleira fólk í vinnu

**Skortur er á lögreglumönnum á höfuðborgarsvæðinu. Málin eru leyst frá degi til dags í samvinnu lögreglustjóra og ríkislögreglustjóra. Sérsveitin er með löggæslu í tveimur hverfum á tilteknum tímum. Staðan lagast með vorinu.**

**LÖGREGLUMÁL** Skortur hefur verið á lögreglumönnum á höfuðborgarsvæðinu að undanförnu. Það horfir þó til betri vegar með vorinu þegar um 50 manna hópur sem stundar nám í Lögregluskóla ríkisins kemur til starfsþjálfunar, flestir á höfuðborgarsvæðinu, að sögn Stefáns Eiríkssonar lögreglustjóra.

„Það vantar lögreglumenn og það er í sjálfu sér ekki nýtt,“ segir Stefán. „Fjölgað hefur verið í Lögregluskólanum vegna þessa. Alls 48 manns voru teknir inn í skólann í janúar og þeir fóru margir úr störfum innan lögreglunnar. Það skapar þetta gap sem hefur myndast núna, þannig að það er bæði skortur á menntuðum lögreglumönnum og einnig fólki sem hefur áhuga á að koma hingað í störf sem ómenntað. Það kann að hljóma mótsagnakennt, en þetta er eins konar „lúxusvandamál“ sem við glímum við núna. Það felst í því að lögreglumönnum hefur verið fjölgað mikið á undanförnum árum, bæði með átaki í fíkniefnalöggæslu og eflingu sérsveitarinnar. Það eru því fleiri lögreglumenn á götunni en eru að einhverju marki í sérhæfðum verkefnum, svo sem sérsveitarverkefnum, rannsóknardeildum og fleiru þess háttar.“

Stefán kveðst ekki hafa nákvæma tölu um hversu marga lögreglumenn þyrfti til að jafnvægi komist á vaktirnar en segir að á sumar vaktir vanti nokkra menn. Þá sé mikið um veikindi innan lögreglunnar eins og annars staðar í þjóðfélaginu þessa dagana. Það setji einnig strik í reikninginn.

Hann bendir á að á næsta ári útskrifist um 100 manns úr Lögregluskólanum og þá eigi að fást endanleg lausn á mönnunarvandanum. Hópurinn sem komi til starfsþjálfunar með vorinu lagi ástandið til mikilla muna.

„Við erum að leysa þessi mál núna dag frá degi í góðri samvinnu við meðal annars Ríkislögreglustjóra og sérsveitina, sem er með tvö hverfi undir eftirliti á tilteknum tímum. Það eru allir meðvitaðir um að staðan er erfið, en eins og fréttirnar hafa borið með sér undanfarna daga standa lögreglumennirnir hér sig alveg frábærlega þrátt fyrir undirmönnun stöku sinnum á vöktunum. Ég bendi á ítrekaðan ofsaakstur, innbrot og fíkniefnabrot sem þeir eru að fást við með frábærum árangri. Þetta eru ofurmenn og konur á öllum sviðum hér innan lögreglunnar sem standa og starfa þétt saman.“

jss@frettabladid.is




**ANNRÍKI** Mikið annríki hefur verið hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu að undanförnu eins og fréttir fjölmiðla hafa borið með sér. Með vorinu bætist henni liðsauki, þegar nemar úr Lögregluskólanum koma til starfsþjálfunar. Myndin er úr safni.

Stærsti flokkurinn í Pakistan vill bæta rétt kvenna:

# Afnám nauðungarhjónabanda

**PAKISTAN, AP** Stærsti stjórnmálaflokkurinn í Pakistan hefur kynnt frumvarp um að banna nauðungarhjónabönd í landinu, þar með talin hjónabönd þar sem konur eru giftar mönnum til að sætta deilur samkvæmt fornri ættbálkavenju. Í frumvarpinu segir að þeim sem neyði konu í hjónaband skuli refsað með fangelsisvist í allt að þrjú ár og fjársekt.

Flokkurinn hefur meirihluta í báðum þingdeildum og styður forseta landsins, sem hefur heitið því að gefa konum meiri réttindi í samræmi við stefnu sína um að kynna Pakistan sem hófsama og framsækna múslimaþjóð. Annað ákvæði í frumvarpinu kveður á um að bannað sé að neyða konur í „hjónaband með hinum heilaga kóran,“ sem er enn stundað sums staðar í afskekktari hlutum Pakistan og felur í sér að konan sver við kóraninn að giftast aldrei. Gagnrýnendur segja þetta aðferð sem sé notuð til að hindra konur í að taka sinn hluta af jörð fjölskyldunnar með sér þegar þær giftist.

Að minnsta kosti 565 konur og stúlkur urðu á síðasta ári fórnarlömb svonefndra „heiðursmorða“, sem er næstum tvöfalt meira en árið áður samkvæmt tölum sem Óháða mannréttindanefndin í Pakistan kynnti fyrir skemmstu. - sdg



**MÓTMÆLA ÓRÉTTI** Þrjú þúsund konur mótmæltu óréttlæti gagnvart konum í Pakistan á alþjóðadegi kvenna, 8. mars í fyrra. NORDICPHOTOS/AFP

# Parket og flísar á enn betra verði í Múrbúðinni



*Corten Metal gólf- og veggflísar 30x60 cm*

**Kr. 3.590,-** pr.m²



*TAU Valois gólfflísar 33 x 60 cm*

**Kr. 3.590,-** pr.m²



*Steinskífa, náttúrusteinn 30x60*

**Kr. 1.990,-** pr.m²

**Eik ★★★★★** GÆÐAPARKET
2200x182x14mm 4mm



**Kr. 2.280,-** pr.m²

Hvítar glans veggflísar 15x15 cm



**Kr. 795,-** pr.m²

Hvítar glans veggflísar 20x25 cm



**Kr. 995,-** pr.m²

Gráar Marbella veggflísar 20x25 cm



**Kr. 995,-** pr.m²




**Kr. 2.190,-** pr.m²

Brúnar Regina gólfflísar 33,3x33,3 cm




**Kr. 1.250,-** pr.m²

Beige Slide gólfflísar 33,3x33,3 cm



**Kr. 1.195,-** pr.m²

Porcelain gólfflísar 33,3x33,3 cm



**Kr. 1.250,-** pr.m²

*Austurrískt gæðaparket*

***ALLT Á EINUM STAÐ***

- *Undirlag undir parket og flísar*
- *Parketlím og -listar*
- *Flísalím og fúga*
- *LITHOFIN flísabón ofl.*

NÝ SENDING
MIKIÐ ÚRVAL

**Opið mán. - fös. kl. 8-18**
**laugardaga 9-15**

## Rakavarið plastparket

Beiki & eik aðeins **kr. 690.-** pr.m²

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

## MÚRBÚÐIN

*Byggingavöruverslunin í Árbænum*

Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

***Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!***




# e-kortið er gott fyrir veskið

**Með því að nota e-kortið færðu alltaf endurgreiðslu í beinhörðum peningum af öllum þínum viðskiptum innanlands**



**Þú sækir um á www.ekort.is**

**Þú sparar í hvert skipti sem þú notar e-kortið**

- Þú færð endurgreiðslu hvar sem þú verslar innanlands.
- Þú færð endurgreiðslu af öllum boðgreiðslum eins og orkureikningum, leikskólagjöldum, fasteignagjöldum, sjónvarpsáskriftinni og öllu hinu sem fylgir því að reka heimili.
- Þú færð 0,65–25% viðbótarendurgreiðslu og ýmis sértilboð hjá yfir 200 fyrirtækjum.
- Með því að nota e-kortið getur þú áunnið þér tugi þúsunda króna sem þú notar í það sem þér hentar.

SPRON / Sími: 550 1400 / thjonusta@ekort.is / www.ekort.is

e kort

Síðasti áfangi í uppbyggingu FH-svæðisins:

# Framkvæmt fyrir milljarð á FH-svæði

**HAFNARFJÖRÐUR** Útboð eru að fara af stað vegna framkvæmda við lokaáfanga á FH-svæðinu í Kaplakrika í Hafnarfirði en áætlað er að framkvæmdir hefjist 1. apríl. Verkið verður boðið út í þremur til fjórum áföngum á næstu vikum. Verkinu á að vera lokið að fullu í júníbyrjun 2009.

Kostnaður er áætlaður 1-1,2 milljarðar króna. FH greiðir tuttugu prósent kostnaðarins. Gunnar Svavarsson, formaður bygginganefndar FH, segir að framkvæmdin sé á vegum aðalstjórnar félagsins.

Samtals er um að ræða nýbyggingar upp á sjö þúsund fermetra. Meðal bygginga eru félags- og skrifstofuaðstaða í Kaplakrika, nýtt búningsherbergi, stúka og skyggni, aðstaða fyrir fréttamenn og keppnisstjórn, endurgerð á eldra húsnæði, nýtt frjálsíþróttahús, tækja- og lyftingasalur, tengibygging og framkvæmdir við lóð.

- ghs



**RÆDDUST VIÐ** Ehud Olmert, Mahmoud Abbas og Condoleezza Rice á hótelinu í Jerúsalem þar sem fundurinn fór fram í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Lítil hreyfing í átt að sátt

**Utanríkisráðherra Bandaríkjanna og leiðtogar Ísraels og Palestínumanna hittust á sameiginlegum fundi í Jerúsalem í gær. Vonir um að hann kynni að marka nýjan áfanga í friðarumleitunum brugðust.**

**JERÚSALEM, AP** Þríhliða fundur Condoleezzu Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, með Ehud Olmert, forsætisráðherra Ísraels, og Mahmoud Abbas, forseta Palestínumanna, fór fram í Jerúsalem í gær, en vonir sem fyrir fram höfðu verið bundnar við að hann kynni að marka nýjan áfanga í friðarumleitunum brugðust.

Fundurinn stóð yfir í hálfa aðra klukkustund og að honum loknum ávarpaði Rice fréttamenn stuttlega. Hún greindi frá því að Olmert og Abbas hefðu skipst á skoðunum um framvinduna í stjórnmálunum og ákveðið að hittast aftur.

Hvorki Olmert né Abbas tóku þátt í blaðamannafundinum með Rice. Hún svaraði heldur ekki spurningum eftir að hafa flutt ávarpið.

Síðar lét Olmert hafa eftir sér að hann og Abbas hefðu orðið ásáttir um að halda opnum samskiptum sín í milli, „sem miðuðu að því fyrst og fremst að bæta lífsskilyrði palestínsks almennings á hinum ýmsu sviðum, og að sjálfsögðu að palestínska heimastjórnin héldi áfram baráttu gegn hryðjuverkum – í reynd – til að stöðva hryðjuverk með öllu.“

Þeir Abbas og Olmert ræddu einnig að vopnahléssamkomulag á Gazasvæðinu, sem gert var fyrir þremur mánuðum, yrði einnig látið ná til Vesturbakkans, að því er Saeb Erekat, samningamaður Palestínumanna, greindi frá.

Það dró úr væntingum til fundarins að bæði Ísraelar og Bandaríkjamenn höfðu lýst nýgerðu samkomulagi palestínsku fylkinganna í Hamas og Fatah um að semja um myndun þjóðstjórnar sem ófullnægjandi. Krafan er sú að palestínska stjórnin, hvernig sem hún er samsett, viðurkenni Ísraelsríki og fyrri friðarsamninga og afneiti ofbeldi.

Öll þrjú, Abbas, Olmert og Rice, ítrekuðu að fast skyldi haldið við leiðarvísinn til friðar, sem hefur að markmiði að koma á varanlegum friðarsamningi og stofnun sjálfstæðs ríkis Palestínumanna, og voru sammála um að lausn á deilunni myndi ekki „spretta úr ófriði,“ að sögn Rice.

Ákveðið var að halda annan slíkan leiðtogafund, en ekki hvenær hann færi fram. Rice sagðist gera ráð fyrir að snúa aftur fljótlega.

audunn@frettabladid.is

Landsbankinn og Háskólinn í Reykjavík gera samning:

# Veita dúxum styrki til náms í háskólanum

**MENNTUN** Landsbankinn og Háskólinn í Reykjavík ætla að styðja við bakið á afburðanámsmönnum við upphaf háskólanáms. Á dögunum var skrifað undir samning um nýnemastyrkveitingu til allt að 35 slíkra nemenda á ári, sem nema skólagjöldum á fyrstu önn og 150.000 krónum í framfærslustyrk.

Í tilkynningu segir að þetta sé gert til að hvetja framúrskarandi námsmenn til metnaðarfulls náms og til að auðvelda þeim að helga sig náminu af krafti. Svafa Grönfeldt, rektor HR, og Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbankans, skrifuðu undir samninginn fyrir hönd HR og Landsbankans. - sþs




GOTT FÓLK McCANN

*Skv. könnun Capacent Gallup, október 2006

**VEISTU SVARIÐ?**



1 *Hvert er millinafn bandaríska forsetaframbjóðandans Barack Obama?*

2 *Hvað heitir kvennadeild Kiwanis-samtakanna?*

3 *Hverjir unnu stjörnuleik NBA-deildarinnar aðfaranótt mánudags?*

SVÖRIN ERU Á BLAÐSÍÐU 30

Leiðtogar Póllands og Tékklands bregðast við beiðni Bandaríkjamanna:

# Taka vel í eldflaugavarnir

**VARSJÁ, AP** Ríkisstjórnir Póllands og Tékklands eru fylgjandi því að Bandaríkjamenn fái að setja upp búnað fyrir eldflaugavarnakerfi sitt í löndunum tveimur, sem á sínum tíma voru í Varsjárbandalaginu en gengu í Atlantshafsbandalagið árið 1999 og Evrópusambandið árið 2004.

„Við vorum sammála um að báðar ríkisstjórnir myndu væntanlega gefa jákvætt svar við beiðni Bandaríkjastjórnar, og þá munum við hefja samningaviðræður,“ sagði Mirek Topolanek, forsætisráðherra Tékklands, eftir fund með pólskum starfsbróður sínum, Jaroslaw Kaczynski í Varsjá.

Háttsettur rússneskur hershöfðingi, Nikolai Solovtsov, varaði Pólverja og Tékka við því að þeir hættu á að verða skotmark rússneskra eldflauga, samþykktu þeir að hýsa bandarískar eldflaugavarnastöðvar.

Vladimír Pútín Rússlandsforseti hefur sagst ekki treysta fullyrðingum Bandaríkjamanna um að eldflaugavarnir þeirra í Evrópu væru aðeins hugsaðar til að mæta hættunni af eldflaugaárás frá Íran. - aa



**KACZYNSKI OG TOPOLANEK** Forsætisráðherrar Póllands og Tékklands í Varsjá í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Flugfélagið Iceland Express:

## Verður bakhjarl fótboltamóts

**FÓTBOLTI Iceland Express verður aðalstuðningsaðili Alþjóðlegu knattspyrnuhátíðarinnar í Reykjavík, REY CUP, næstu þrjú árin. Samningur þess efnis var undirritaður í húsakynnum flugfélagsins á dögunum. Hátíðin verður haldin næst 25. til 29. júlí á þessu ári, en í fyrra tóku rúmlega áttatíu lið þátt með samtals yfir þúsund keppendur.**

**Í fréttatilkynningu segir að samningurinn muni stuðla að fjölgun erlendra félagsliða á mótinu, og mun Iceland Express einnig taka þátt í að kynna knattspyrnuhátíðina í gegnum markaðsstarf sitt erlendis.** - sþs




RAUÐA KROSS NÁMSKEIÐ Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

**Heimsóknarvinanámskeið** 3 klst. Ókeypis

Vilt þú sinna heimsóknum til fólks sem býr við einsemd og einangrun? Undirbúningsnámskeið fyrir heimsóknavini Rauða krossins verður haldið 20. febrúar kl. 18–21 hjá Kópavogsdeild, Hamraborg 11 og 20. mars kl. 18–21 hjá Reykjavíkurdeildinni, Laugavegi 120. Þátttakendur af öllu höfuðborgarsvæðinu eru velkomnir.

**Grunnnámskeið Rauða krossins** 3 klst. Ókeypis

Námskeiðið er ætlað nýjum sjálfboðaliðum eða fólki sem hefur hug á að kynna sér hjálpar- og félagsstarf Rauða krossins. Farið er í upphaf og sögu hreyfingarinnar, grundvallarmarkmið, alþjóðleg mannúðarlög, stefnu Rauða kross Íslands og helstu áherslur í starfi félagsins innanlands og utan. Haldið á landsskrifstofu Rauða kross Íslands, Efstaleiti 9, 5. mars kl. 18–21.

**Slys á börnum** 8 kennslustundir (tvö skipti) 5.700 kr. eða samtals 9.000 kr. ef par tekur þátt.

Markmið: Að þátttakendur læri að þekkja varnir gegn slysum á börnum og orsakir slysa almennt, þroska barna og slys sem tengjast aldri. Leiðbeint er í skyndihjálp við barnaslysum og áverkum af ýmsu tagi, endurlífgun barna og sálrænum stuðningi við börn. 26. febrúar og 5. mars kl. 18–21 hjá Kópavogsdeild, Hamraborg 11 og 29. mars kl. 18–21, hjá Garðabæjardeild, Hrísmóum 4.

**Skyndihjálp** 5 kennslustundir 4.500 kr.

Markmið: Að þátttakendur öðlist grunnfærni í að beita skyndihjálp, endurlífgun og sálrænum stuðningi í neyðartilvikum. Haldið hjá Kópavogsdeild, Hamraborg 11, 6. mars kl. 18–22.

16 kennslustundir (þrjú skipti) 8.900 kr.

Markmið: Að auka þekkingu og færni þátttakenda í að beita á öruggan hátt einföldum aðferðum í skyndihjálp. Að auka færni í að meta einkenni algengra sjúkdóma og áverka. Haldið hjá Reykjavíkurdeild, Laugavegi 120, 12., 13. og 15. mars kl. 18–22.

Skyndihjálparæfing 2 klukkustundir ókeypis

Verkleg skyndihjálparæfing sem hentar bæði byrjendum og lengra komnum. Nauðsynlegt er að skrá sig því uppsetning æfingarinnar gerir ráð fyrir hámark 24 þátttakendum. Reyndir skyndihjálparleiðbeinendur fara í gegnum nokkur tilfelli með þátttakendum og í lokin er gert ráð fyrir umræðum. Haldin í húsnæði Hafnarfjarðardeildar, Strandgötu 24, 14. mars kl. 19.30–21.30.

**Sálrænn stuðningur** 6 kennslustundir 4.900 kr.

Á námskeiðinu fræðast þátttakendur um gildi sálræns stuðnings í aðstæðum sem geta valdið áföllum. Þátttakendur læra að gera sér betur grein fyrir eðlilegum viðbrögðum fólks sem lendir í sársaukafullum aðstæðum og hvernig þeir geti veitt stuðning og umhyggju. Viðfangsefni eru meðal annars: Mismunandi tegundir áfalla, áhrif alvarlegra atvika á einstaklinginn, sálrænn stuðningur, stuðningur við úrvinnslu alvarlegs atviks, sorg og sorgarferli.20. mars frá 17-21 hjá Kópavogsdeild, Hamraborg 11.

**Börn og umhverfi** 16 kennslustundir 7.500 kr.

Námskeiðið er fyrir unglinga, fædda 1995 og fyrr sem vilja fræðast um umgengni og framkomu við börn, slysahættur í umhverfi barna, slysavarnir og skyndihjálp. Þessi námskeið verða haldin hjá eftirfarandi deildum í apríl, maí og júní: Álftanesdeild, (Álftanesskóla), Garðabæjardeild (Hrísmóum 4), Hafnarfjarðardeild (Strandgötu 24), Kjósarsýsludeild (Þverholti 7, Mos.), Kópavogsdeild (Hamraborg 11) og Reykjavíkurdeild (Laugavegi 120).

**Skráning og nánari upplýsingar** um námskeiðin fara fram á **www.redcross.is**, í síma **565 2425** eða með tölvupósti á **hofudborgarsvaedi@redcross.is.** Einnig er hægt að skrá sig hjá viðkomandi deildum.

Rauði kross Íslands
www.redcross.is

Fíton/SÍA




**UNDIRSKRIFTALISTAR AFHENTIR** Sjúkraliðar afhentu undirskriftalista tæplega 600 sjúkraliða í menntamálaráðuneytinu í gærmorgun. Steingrímur Sigurgeirsson, aðstoðarmaður menntamálaráðherra, tók við listunum. Sjúkraliðar telja að helmingsmat á námi sjúkraliða sé gengisfelling sem veiki stöðu sjúkraliða. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Sjúkraliðar deila um nýja námsleið

**Sundrung og óánægja er innan Sjúkraliðafélags Íslands. Tveir bjóða sig fram gegn sitjandi formanni. Sjúkraliðar mótmæla styttingu náms.**

**MENNTAMÁL** Sjúkraliðar afhentu í gær Steingrími Sigurgeirssyni, aðstoðarmanni Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur menntamálaráðherra, lista með undirskriftum tæplega 600 félaga í Sjúkraliðafélaginu til að mótmæla „helmingsafslætti“ á sjúkraliðanámi í framhaldsskólum landsins.

Dagbjört Steindórsdóttir sjúkraliði er ein þeirra sem stóðu að mótmælunum. Hún segir að mikil óánægja og sundrung sé í Sjúkraliðafélaginu með þennan afslátt. Þriðjungur félaganna hafi skrifað undir listann, eða tæplega 600 manns af ríflega 1.500 félagsmönnum.

> Þetta er lýðræðislegt félag.
>
> **KRISTÍN Á. GUÐMUNDSDÓTTIR**
> FORMAÐUR SJÚKRALIÐAFÉLAGSINS

Átök eru innan Sjúkraliðafélagsins og hafa tveir sjúkraliðar þegar ákveðið að bjóða sig fram gegn Kristínu Á. Guðmundsdóttur, núverandi formanni, á aðalfundi félagsins sem haldinn verður í lok maí. Þetta eru þær Guðrún Katrín Jónsdóttir og Helga Dögg Sverrisdóttir.

Óánægja sjúkraliðanna er fyrst og fremst til komin í framhaldi af samkomulagi stjórnar Sjúkraliðafélagsins og menntamálaráðuneytisins en samkvæmt því hefur verið tekið upp svokölluð sjúkraliðabrú. Samkvæmt henni er metið til sextíu eininga, eða helmings af námi sjúkraliða fram að þessu, starf fólks sem hefur unnið í fimm ár á heilbrigðisstofnunum, er 23 ára að aldri eða eldra og hefur tekið minnst 230-260 stundir í námskeiðum á vegum stéttarfélaga. Dagbjört segir að nemar með þennan grunn þurfi því aðeins að taka 60 einingar til viðbótar til að ljúka námi sjúkraliða.

Í ályktun sjúkraliðanna segir að stytting námsins sé „móðgun við alla starfandi sjúkraliða og sýnir mikið vanmat á störfum þeirra og menntun“.

Hún sé gengisfelling á sjúkraliðanáminu og muni veikja stétt og stöðu sjúkraliða. Þannig segir Dagbjört að tungumálanámið hafi til dæmis verið fellt niður en sjúkraliðar þurfi þó að sinna erlendu fólki á heilbrigðisstofnunum landsins.

Sjúkraliðar á mörgum deildum Landspítala – háskólasjúkrahúss eru afar óánægðir með þróunina. Á nokkrum deildum, til dæmis á B2, A7 og 12E, eru sjúkraliðar hættir að leiðbeina nemum með þennan bakgrunn og segir Dagbjört að sjúkraliðar ætli ekki að leiðbeina þeim sem koma í starfsþjálfun árið 2008.

Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélagsins, segir að ekki sé hægt að gera lítið úr óánægju innan félagsins. Um 500 undirskriftir hafi verið afhentar í menntamálaráðuneytinu, það sé kannski ekki stór hópur í 3.000 manna félagi. Stytting sjúkraliðanámsins hafi verið í bígerð í tólf ár. Nefnd hafi verið skipuð og henni sé hægt að skila tillögum um það sem megi leiðrétta og bæta.

Tveir hafa lýst yfir framboði gegn Kristínu. „Það er öllum frjálst. Þetta er lýðræðislegt félag,“ segir hún.

ghs@frettabladid.is


Eldað saltkjöt
og baunir úr kjötborði
Úrvalið
er í Nóatúni!
NÓATÚN
Bestir í kjöti
rófur
gulrætur
laukur
kartöflur
Verði ykkur að góðu!



**BUSH RASSSKELLTUR** Á kjötkveðjuhátíð í borginni Mainz í Þýskalandi í gær mátti sjá bandarísku frelsisstyttuna gefa Bush Bandaríkjaforseta skell á rassinn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Verslunarskólinn býður upp á nýja viðskiptanámsbraut:

# Nám til stúdentsprófs á ensku

**MENNTUN** Verslunarskóli Íslands mun á næsta ári hefja kennslu á International Business Baccalaureate (IBB) námsbraut. Námið er til stúdentsprófs og tekur 4 ár og fer öll kennsla fram á ensku. Aðaláhersla námsins er á alþjóðasamfélagið, alþjóðaviðskipti og alþjóðalega sýn á viðskipti, menningu og tungumál.

Markhópar námsins eru tveir. „Annars vegar eru það erlendir nemendur sem eiga foreldra sem starfa hjá íslenskum fyrirtækjum á Íslandi og hins vegar íslenskir nemendur sem hafa náð góðum árangri í grunnskóla og hafa mjög góða enskukunnáttu eða hafa dvalið langdvölum erlendis og gengið í erlenda skóla,“ segir Bertha Sigurðardóttir, kennari við brautina.

Öllum nemendum á brautinni verður kennd íslenska sem móðurmál eða annað tungumál eftir aðstæðum hvers og eins. Fyrirmynd af brautinni kemur frá Niels Brock verslunarmenntaskólanum í Kaupmannahöfn sem hefur um nokkurra ára skeið boðið upp á slíkt nám. „Við myndum aldrei bjóða upp á þetta nám ef við héldum ekki að það væri þörf fyrir það. Hversu mikil þörfin er verður hins vegar að koma í ljós,“ segir Bertha. - tg



**KENNT Á ENSKU** IBB-námsbrautin er ætluð enskumælandi nemum og þeim sem eru mjög góðir í ensku. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Öskukarlar í verkfalli:

# Ruslið safnast upp í Árósum

**DANMÖRK Sorphirðumenn í Árósum í Danmörku hafa verið í verkfalli í rúmar tvær vikur til að mótmæla því að tveir langveikir félagar þeirra hafa fengið hótanir um uppsögn.**

**Ruslið hefur safnast upp og er farið að valda verulegum vandræðum í borginni.**

**Frá þessu er skýrt á vefsíðum danska dagblaðsins Politiken og í fleiri dönskum fjölmiðlum.**

**Sorphirðumennirnir í Árósum segjast hafa óskoraðan stuðning félaga sinna um alla Danmörku og hóta því að verkfallið geti breiðst um allt land.** - gb

Klámráðstefna í Reykjavík:

# Telur ekki hægt að stöðva fólkið

**STJÓRNMÁL** Geir H. Haarde forsætisráðherra telur ekki að hægt sé að hindra för „klámhópsins“, sem væntanlegur er til landsins, nema ljóst væri að til stæði að brjóta landslög. Lögreglan væri með málið til rannsóknar og þess megi vænta að hún grípi í taumana, sé nokkuð misjafnt á ferð. Þetta mælti Geir til svars við óundirbúinni fyrirspurn Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur á Alþingi í gær. Ingibjörg spurði hvort ríkisstjórnin hygðist grípa til ráðstafana vegna fundarins, í ljósi þess að klámiðnaðurinn bryti gegn mannhelgi og kynfrelsi.

Þau Geir voru sammála um að þau vildu ekki að klámiðnaður festi hér rætur. - kóþ



**HAFÖRN** Reykhólasveit þykir heppileg til að skoða erni.

Áform Fuglaverndar:

# Arnarsetur á Reykhólum

**NÁTTÚRUSKOÐUN Félagið Fuglavernd hefur sett fram þá hugmynd við heimamenn í Reykhólasveit að þar verði komið upp arnarskoðunarsetri. „Ernir hafa í hugum landsmanna löngum verið taldir til einkennisfugla Vestfjarða,“ segir í bréfi frá Fuglavernd.**

**„Áhrif á íbúa í nærliggjandi byggð væru umtalsverð í gegnum atvinnusköpun í náttúru- og fræðslutengdri ferðaþjónustu, þar sem slíkum skoðunarstöðvum hefur verið komið á fót í fámennum byggðum hafa jaðaráhrif verið mikil og jákvæð,“ segir jafnframt.** - gar

# Spurt ítarlega um kauprétt stjórnenda

**Fyrrverandi forstjóri Baugs var spurður um kaupréttarsamninga stjórnenda fyrirtækisins, sem endurskoðendur sögðust ekki hafa vitað af, í réttarsal í gær. Voru með fyrstu kaupréttarsamningum sem gerðir voru hér á landi sagði hann.**

**BAUGSMÁL** Ytri endurskoðendur Baugs vissu ekki af kaupréttarsamningum sem gerðir voru við þrjá æðstu stjórnendur félagsins við stofnun þess 1998, og fullnustaðir voru að hluta árið 1999, fyrr en árið 2002 eða síðar.

Þetta kom fram í spurningum setts ríkissaksóknara til Tryggva Jónssonar, eins ákærða í málinu, í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Aðalmeðferð í Baugsmálinu hélt áfram í réttarsal í gær, þegar Tryggvi, sem var aðstoðarforstjóri og síðar forstjóri Baugs, hélt áfram skýrslugjöf þar sem frá var horfið fyrir helgi.

Sigurður Tómas Magnússon, settur ríkissaksóknari, vitnaði þar í tvo endurskoðendur sem unnu fyrir Baug, sem sögðu báðir við yfirheyrslur hjá lögreglu að þeim hafi verið ókunnugt um kaupréttarsamninga sem gerðir voru við forstjóra, aðstoðarforstjóra og stjórnarformann Baugs.

Kaupréttarsamningarnir koma við sögu þar sem í einum ákæruliðanna sem fjallað var um í gær eru þeir Tryggvi og Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs Group, ákærðir fyrir meiri háttar bókhaldsbrot með því að færa sölu á hlutabréfum í félaginu á reikning hjá Kaupþingi Lúxemborg, en bréfin voru meðal annars notuð til að uppfylla kaupréttarsamninga við æðstu stjórnendur Baugs.



**MÖPPUFLÓÐ** Sigurður Tómas Magnússon, settur ríkissaksóknari í málinu, hefur úr gríðarlegu gagnamagni að moða þegar hann spyr sakborninga út í ákæruefnin. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Tryggvi sagðist í gær ekki hafa vitað hversu háar upphæðir hafi verið að ræða í samningum við stjórnarformann og forstjóra, en sagði að sér hafi verið kunnugt um samningana, enda sjálfur með slíkan samning. Samningarnir hafi verið með þeim fyrstu sinnar tegundar hér á landi á þessum tíma.

BAUGS MÁLIÐ

Spurður hvort stjórn félagsins hafi vitað af kaupréttarsamningunum sagðist hann telja fullvíst að stjórnarmenn hafi vitað af þeim. Endurskoðendur hafi einnig getað fengið upplýsingar um þá með því að leita eftir þeim. Kaupréttarsamningarnir voru fullnustaðir að hluta árið 1999, og Tryggvi sagðist ekki hafa greitt skatt af hagnaðinum fyrr en hann færði féð hingað til lands árið 2002. Samtals fengu stjórnendurnir hlutabréf vegna þessara samninga sem þeir seldu fyrir 72,5 milljónir króna árið 1999.

brjann@frettabladid.is

## ORÐRÉTT



*„Hefur þú einhverjar skýringar á því af hverju undirmenn þínir misskilja þig svona oft?“*

Sigurður Tómas Magnússon, saksóknari í málinu, spurði Tryggva Jónsson, einn ákærðu, eftir að Tryggvi hafði gefið aðrar skýringar á reikningi en starfsmenn í bókhaldi Baugs, sem heyrði undir Tryggva.



*„Þú verður bara að upplifa þetta sjálfur til að sjá hvernig þetta virkar.“*

Tryggvi Jónsson skýrði framburð sinn hjá lögreglu eftir húsleitina í Baugi árið 2002 meðal annars með því að þá hafi hann verið búinn að vera í haldi lögreglu í um sólarhring.



*„Það er verið að villa um fyrir ákærða með því að þráspyrja um gagn sem fellt var úr gildi viku síðar. Þetta er mjög varasöm aðferð.“*

Jakobi Möller, verjanda Tryggva Jónssonar, þóttu spurningar sækjanda til Tryggva óeðlilegar, en þar var spurt um skjal sem var leiðrétt viku eftir að það var lagt inn í bókhald Baugs.



*„Þetta er fullkomlega eðlileg tækni, eingöngu til þess að sýna fram á misvísandi skýringar sem komið hafa.“*

Sigurður Tómas sagði ekkert athugavert við spurningar sínar, spurt væri um skjöl í tímaröð, og yfirheyrsla fyrir dómi eigi meðal annars að sýna fram á trúverðugleika.



*„Ég gekk frá þessu og sagðist skulda honum einn gráan, sem ég geri kannski enn.“*

Tryggvi Jónsson skýrði fyrir sækjanda hvernig hann hafi kallað eftir og gengið frá kreditreikningi frá fyrirtæki Jóns Geralds Sullenberger.




Þú færð gæðasaltkjötið hjá okkur!

GALLERÍ KJÖT

Opið virka daga frá kl 10 -19 Laugardaga frá kl 11 -17 Grensásvegi 48 gallerykjot.is

# MYNDAVÉLATILBOÐ

## OLYMPUS Á SÖGULEGU LÁGMARKSVERÐI

**7.1 MEGA PIXEL**

**MEÐ HRISTI VÖRN**




**OLYMPUS** MJU740BL

STAFRÆN MYNDAVÉL með 7,1 milljón punkta upplausn, 5x Optical Zoom og 5.6x Digital Zoom, 6.4 - 32mm linsu (35mm samb.: 36 - 180mm), 2,5" LCD skjá (215.000 pixlar) frábær við öll birtuskilyrði, hreyfimyndatöku með hljóði, USB tengingu við tölvu, 17Mb innbyggðu minni. Tekur xD kort. Fæst í blá eða silfurlit.

**TILBOÐ 24.990**

FULLT VERÐ kr. 33.990

---



**6 MEGA PIXEL**

**OLYMPUS** FE170

STAFRÆN MYNDAVÉL með 6 milljón punkta upplausn, 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom, 6.3 - 18.9mm linsu (35mm samb.: 38 - 114mm), 2,5" LCD skjá, hreyfimyndatöku, 3 myndstærðum, 10Mb innra minni og USB tengingu við tölvu. Tekur xD kort.

**TILBOÐ 12.990**

FULLT VERÐ kr. 15.990



FÆST Í MÖRGUM LITUM

**7.1 MEGA PIXEL**

**OLYMPUS** MJU700

Digital MYNDAVÉL með 7.1 milljóna punkta upplausn, 3x Optical Zoom og 5x Digital, 6.5 - 19.5mm linsu, 2,5" LCD skjá, Autofocus og Auto White Balance, Auto Exposure, hreyfimyndatöku með hljóði, 8 myndstærðir, Auto Flass og Red Eye Reduction, USB og 19.1 mb minni. Tekur xD kort. FÆST Í FJÓRUM LITUM!

**TILBOÐ 19.990**

FULLT VERÐ kr. 29.990



**8 MEGA PIXEL**

**OLYMPUS** MJU800

Digital MYNDAVÉL með 8 milljóna punkta upplausn, 3x Optical Zoom og 5x Digital, 8 - 24mm linsu, 2,5" LCD skjá, Autofocus og Auto White Balance, Auto Exposure, hágæða hreyfimyndatöku með hljóði, 8 myndstærðir, Auto Flass og Red Eye Reduction, USB og 21.3mb minni. TekurxD kort.

**TILBOÐ 22.990**

FULLT VERÐ kr. 39.990



**7.1 MEGA PIXEL**

**TVÖFÖLD HRISTI VÖRN**

**OLYMPUS** MJU750SIL

Digital MYNDAVÉL með 7.1 milljóna punkta upplausn, 5x Optical Zoom og 5.6x Digital, 6.4 - 32mm linsu, 2,5" LCD skjá, Autofocus og Auto White Balance, Auto Exposure, hreyfimyndatöku með hljóði, hristivörn, 8 myndstærðir, Auto Flass og Red Eye Reduction, USB tengingu og 17 Mb minni. Tekur xD kort.

**TILBOÐ 27.990**

FULLT VERÐ kr. 36.990

# STAFRÆNAR TÖKUVÉLAR ÁN SPÓLU




INNBYGGÐ **KYRRMYNDAVÉL**

EVERIO FYLGIR VÉLINNI

# JVC

GZMG47SHARE Örsmá Digital Media TÖKUVÉL með **20GB** hörðum diski (**allt að 25 tíma upptaka**) og innbyggðri kyrrmyndavél, 1/5" upptökuflögu með 1.33 MegaPixel upplausn, 2,7" LCD skjá, F1.2 linsu, tekur Secure Digital kort, 15x Optical Zoom og 700x Digital Zoom, Dolby Digital hljóðupptöku og USB 2.0. Everio Share Station fylgir. Tekur SecureDigital kort.

## Everio Share Station

## SKRIFAR BEINT Á DVD DISKA

**20GB HARÐUR DISKUR**

**VERÐ 74.990**

FRÁBÆRT VERÐ

Alltaf gæði og góð kaup!

1971 - 2007

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

**UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶** REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Póllinn, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Turnbræður, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Brimnes, Vestmannaeyjum. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvuspítalinn, Grindavík. Rafeindatækni, Keflavík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði.

## Svona erum við

> Fjöldi sauðfjár á Íslandi




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** DJÍBÚTÍ

# Þrjátíu ára gamalt ríki í Afríku

Forseti Djíbútís, Ismail Omar Guelleh, kom hingað til lands í gær ásamt utanríkisráðherra landsins, Mahmoud Ali Youssouf og sendinefnd sem er skipuð embættismönnum og sérfræðingum á sviði jarðhitanýtingar. Guelleh og Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, undirrituðu samning síðdegis í gær um jarðhitanýtingu í Djíbútí. Forsetinn og fylgdarlið hans fer af landi brott síðdegis í dag.



**Hvar er Djíbútí?**
Ríkið Djíbútí er í Afríku. Það liggur að ríkjunum Eþíópíu, Erítreu og Sómalíu, á milli Rauða hafsins og Adenflóa. Djíbútí er 23 þúsund ferkílómetrar að stærð. Til samanburðar má geta þess að Ísland er tæpir 103 ferkílómetrar. Í landinu búa 721 þúsund manns. Höfuðborgin í Djíbútí heitir Djíbútíborg og búa um tveir þriðju hlutar íbúanna þar.

**Stjórnmál**
Djíbútí öðlaðist sjálfstæði frá Frakklandi í júní árið 1977. Áður hét landið, á ensku, French Territory of the Afars and Issas. Borgarastyrjöld geisaði í landinu í áratug, frá 1991 til 2001. Opinber tungumál í Djíbútí eru arabíska og franska og eru meira en níutíu prósent íbúanna múslimar. Guelleh var kjörinn forseti í landinu til sex ára árið 2005. Hann fékk rúmlega 78 prósent atkvæðanna og var kosningaþátttaka 100 prósent. Andstæðingar Guelleh sögðu að hann hefði svindlað í kosningunum.

**Efnahagur**
Djíbútí liggur að sjó og er helsta tekjulind þess tengd þjónustu sem íbúarnir veita skipum sem sigla um höfnina í höfuðborginni, áleiðis til Indlandshafs eða Rauðahafsins. Atvinnuleysi í landinu er á milli fjörutíu og fimmtíu prósent og var verg landsframleiðsla um tvö þúsund dollarar á íbúa árið 2005.

Sökum þess hversu lítið rignir í landinu er erfitt að stunda þar jarðrækt og þarf því að flytja meirihlutann af þeim matvælum sem íbúarnir neyta inn frá öðrum löndum.

## SPURT & SVARAÐ
STYTTING SJÚKRALIÐANÁMSINS

### Óánægja innan félagsins

Óánægja er innan Sjúkraliðafélags Íslands með styttingu náms sjúkraliða um helming fyrir þá sem uppfylla ákveðin skilyrði. **Ætlar þú ekki að fara í framboð í vor?**



GUÐRÚN KATRÍN JÓNSDÓTTIR
Frambjóðandi til formanns í Sjúkraliðafélaginu.

„Jú, en við erum reyndar tvær, ég og Helga Dögg Sverrisdóttir, sem höfum lýst yfir framboði. Fresturinn rennur ekki strax út svo að það er ekki útséð um framboðin.“

**Af hverju í mótframboð?**
„Við viljum koma Kristínu Á. Guðmundsdóttur, núverandi formanni, frá. Það er kominn tími til. Hún hefur gert marga góða hluti en hún hefur setið lengi og stundum er bara kominn tími á breytingar. Mér finnst að félagsmenn eigi að kjósa um svona stóra hluti eins og þetta brúarnám, þ.e. að stytta nám sjúkraliða með því að meta starfsreynslu og námskeið. Það var ekki gert og það er mikil óánægja innan félagsins.“

# Frekari refsiaðgerðum hótað

**Á morgun rennur út sá frestur sem Sameinuðu þjóðirnar settu Írönum til að hætta úranauðgun eða sæta ella frekari refsiaðgerðum. Íranar standa þó enn sem fyrr fast á því að þeir þurfi á kjarnorku að halda til friðsamlegra nota.**



**MOHAMMED ELBARADEI OG ALI LARIJANI** Íranar standa sem fastir á því að kjarnorkan sem þeir ætla sér að búa til verði notuð til friðsamlegra nota. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



FRÉTTASKÝRING
GUÐSTEINN BJARNASON
gudsteinn@frettabladid.is

Ali Larijani, aðalsamningafulltrúi Írans í kjarnorkumálum, ætlar að ganga á fund Mohammeds ElBaradei, yfirmanns kjarnorkustofnunar Sameinuðu þjóðanna, IAEA, í Vínarborg í dag.

Í gær, aðeins tveimur dögum áður en fresturinn rann út, hófust síðan heræfingar í Íran, þær viðamestu frá því í mars árið 2006. Talið er að um 60 þúsund hermenn taki þátt í æfingunum, allt saman menn í byltingarvarðliðinu, úrvalshersveitum landsins.

**Olían ekki óþrjótandi**
Á fundi sínum hinn 23. desember síðastliðinn ákvað Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna að beita Írana refsiaðgerðum vegna þess að þeir hafa ekki viljað hætta við áform sín um að auðga úran, sem gerir þeim kleift að eignast kjarnorkuvopn. Jafnframt samþykkti ráðið að veita Írönum sextíu daga frest til þess að verða við kröfum ráðsins, að öðrum kosti yrðu frekari refsiaðgerðir ákveðnar. Ekkert bendir til annars en að Íranar ætli sér ekki að hætta auðgun úrans. Þvert á móti hafa Íranar allar götur haldið fast í þá afstöðu að þeir hafi fullan rétt til að stunda kjarnorkuvinnslu í friðsamlegum tilgangi, enda ætli þeir sér alls ekki að nota kjarnorkuna til þess að búa til kjarnorkuvopn.

Ali Khameini erkiklerkur ítrekaði þetta í sjónvarpsviðtali á laugardaginn og sagði það ekkert annað en „grunnhyggni“ að halda því fram að Íranar þurfi ekki á kjarnorku að halda. „Olíu- og gasauðlindir endast ekki til eilífðarnóns. Sú þjóð sem hugar ekki að framleiðslu fyrir framtíðarorkuþörf sína verður ofurseld ríkjum sem sækjast eftir yfirráðum,“ sagði Khameini.

**Ekki teknir trúanlegir**
Bæði Bandaríkin og Evrópuríki hafa neitað að taka þessar yfirlýsingar um friðsamlega notkun kjarnorkunnar trúanlegar. Íranar segjast hins vegar þurfa á kjarnorkunni að halda til að framleiða rafmagn þegar olíulindirnar ganga til þurrðar.

Íranar framleiða nú 4,2 milljónir tunna af olíu á dag og talið er að auðlindirnar geti með góðu móti gefið af sér 137 milljarða tunna, en það nemur um 12 prósentum af heildarolíuforða jarðarbúa.

Deilurnar nú snúast hins vegar um auðgun úrans, sem Íranar hafa stundað þrátt fyrir andstöðu Vesturlanda. Auðgun úrangrýtis, sem finnst í náttúrunni, er nauðsynlegt til þess að það verði nothæft til kjarnorkuvinnslu. Auðgunin, sem svo er nefnd, felst í því að úranið er gert geislavirkara, með því að auka hlutfall geislavirkari samsæta efnisins í úrangrýtinu. Þar með aukast möguleikarnir á kjarnaklofnun, sem eru ekki sérlega miklir í óauðguðu úrani.

**Halda ótrauðir áfram**
Í febrúar síðastliðnum skýrðu Íranar frá því að þeir hefðu auðgað úran og hefðu notað til þess 164 skilvindur, sérhæfðan tæknibúnað sem bæði getur framleitt kjarnorkueldsneyti og efni í kjarnorkuvopn.

Íranar hafa áform um að koma sér upp 54.000 slíkum skilvindum. Með þeim væri hægt að framleiða kjarnorkueldsneyti sem dygði til að reka þúsund megavatta kjarnorkuver í eitt ár. Á næstu tveimur áratugum stefna Íranar að því að framleiða 20 þúsund megavött af raforku í kjarnorkuverum.

Í síðustu viku var búist við því að Íranar myndu skýra frá því, að þeir hefðu tekið 3.000 skilvindur í notkun, en einhver töf hefur orðið á því. Þó er ekki vitað hvers vegna sú tilkynning kom ekki fram.

Á hinn bóginn fullyrti Mahmoud Ahmadinejad, forseti Írans, í síðustu viku að Íranar væru nú orðnir fullfærir um að stunda kjarnorkuvinnslu. Næstu tvo mánuðina verði síðan smám saman skýrt frá nýjum áföngum Írana í kjarnorkumálum.




INNBLÁSTUR FYRIR SKÖPUNARGLEÐINA
Ókeypis Panduro Hobby föndurlisti á íslensku!
Einnig fáanlegur í Skólavörubúðinni.




ODDI
SKRIFSTOFUVÖRUR
Borgartúni 29 Glerárgötu 34 Höfðabakka 3





Hönnun bíla á að vera gegnheil og í takt við nútíma hugmyndir fólks um betri lífsgæði. Lág bilanatíðni er ekki lengur, ein og sér, tákn um gæði bíla. Nútímafólk vill meira. Nýja hönnunin skal vera ekta - einlæg - og sameina gagnsemi, vistmildi og vestræna formfegurð. Vertu í hópi þeirra bestu. Vertu ekta. Veldu Ford.

**Ford Focus Genuine Design.** Hönnun Ford Focus sýnir í verki einlægan vilja Ford til að tryggja þau lífsgæði sem viðskiptavinurinn óskar eftir. Reynsluaktu Ford Focus. Ekta hönnun Ford Focus: Þú færð sterkari og fallegri bíl. Þú færð betri akstureiginleika og meira öryggi. Þú færð meira rými. Þú færð betra verð. Vertu genuine. Veldu Ford Focus.

Nýtt tákn um meira en gæði
Ford Focus Ambiente
1,6i 5 dyra 5 gíra
Verð 2.080.000 kr.*

Spurðu hvað fyrirmyndarþjónusta Brimborgar merkir. Reynsluaktu Ford Focus.

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

*Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Aukabúnaður á mynd eru þokuljós og álfelgur. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Ný sýn af Bessastaðatröppunum.

## Forsetalóðin

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Íathyglisverðu viðtali á Stöð 2 liðinn sunnudag tók forseti Íslands af skarið um sýn hans frá tröppum Bessastaða. Þar koma þrjú atriði einkum til skoðunar.

Í fyrsta lagi heldur forsetinn því fram að hann sé óbundinn af ákvæðum stjórnarskrárinnar um að ráðherrar framkvæmi vald hans og beri ábyrgð á stjórnarathöfnum hans. Þó að forsetinn hafi um nokkurn tíma gefið þetta viðhorf í skyn markar það eigi að síður tímamót þegar því er lýst berum orðum.

Færa má gild rök fyrir því að stjórnarskrárákvæðin um þjóðhöfðingjaembættið séu um margt úrelt enda eru sum þeirra nánast orðrétt snörun úr dönsku stjórnarskránni frá 1849. En þessu breytir forsetinn ekki einhliða hvorki með yfirlýsingum né athöfnum. Það gera Alþingi og þjóðin ef vilji er til þess. Að því leyti eru ummæli forsetans um þetta með öllu gildislaus.

Í öðru lagi vakti athygli að forsetinn breytti um rökstuðning fyrir synjun á staðfestingu fjölmiðlalaganna á sínum tíma. Það er nánast eina stjórnarathöfnin sem hann hefur ótvíræðan rétt til að ákveða á eigin ábyrgð.

Þegar þeir atburðir gerðust sagðist forsetinn ekki taka efnislega afstöðu til laganna. Um það efni væri hann hlutlaus. En með því að gjá hefði verið staðfest milli þings og þjóðar þætti honum rétt að synja um staðfestingu þannig að málið gengi til þjóðaratkvæðis. Nú segir forsetinn að ástæðan fyrir synjuninni hafi verið efnisleg andstaða við lögin.

Fróðlegt væri að fá upplýst hvort forsetinn hélt raunverulegri forsendu vísvitandi leyndri við ákvörðunina eða hvort hann hefur síðar skipt um skoðun.

Í þriðja lagi lýsti forsetinn skýrlega skoðunum sínum um helsta hitamál komandi kosninga. Það er nýmæli. Þó að uppbygging stjórnarskrárinnar bendi til þess að þjóðhöfðingjanum sé fyrst og fremst ætlað einingarhlutverk er hvergi berum orðum mælt svo fyrir. Engin bönd verða því lögð á forsetann varðandi pólitíska afstöðu til einstakra viðfangsefna eins og um stjórnarathafnir.

Forsetinn lýsti frumkvæði sínu að stofnun alþjóðlegs hringborðs um loftslagsbreytingar með tugum stærstu fyrirtækja heims. Þar á lýðveldið Ísland skráða aðild eitt þjóðríkja ásamt Landsvirkjun, Orkuveitunni, Alcan og Alcoa. Þetta samstarf er til marks um merkilegt frumkvæði einkaframtaksins á sviði orkunýtingar og umhverfisverndar og er hluti af nýjum straumum hnattvæðingarinnar.

Hér fellur grundvallarstefna forsetans mjög vel að stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar. Hann virðist hins vegar gefa andstöðu Vinstri græns við frumkvæði og forystuhlutverk alþjóðlegra stórfyrirtækja á þessu sviði langt nef.

Forsetinn rökstyður nýtingu hreinnar orku hér með því að þannig megi koma í veg fyrir mengandi orkunýtingu annars staðar. Formaður þingflokks Samfylkingarinnar hefur gert grín að umhverfisráðherra fyrir sjónarmið af þessu tagi. Um þetta grundvallaratriði virðist forsetinn því standa þétt með ríkisstjórninni.

Á móti kemur að forsetinn tekur skýra afstöðu með stjórnarandstöðunni varðandi kröfuna um tímabundna frestun framkvæmda við stórvirkjanir og stóriðju. Í baráttu um völdin þykja þau lóð forsetans vafalaust þyngri á metunum en hin sem hann leggur með ríkisstjórnarflokkunum varðandi langtíma viðhorf um orkunýtingu og samstarf við alþjóðleg stórfyrirtæki.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson.
Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

95.000 HEIMILI

NOTAÐU ÖFLUGASTA FJÖLMIÐIL LANDSINS TIL AÐ DREIFA INNSKOTSBLÖÐUM OG EFNI TIL ÞINNA VIÐSKIPTAVINA

FRÉTTABLAÐIÐ

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Frjálslyndum fjölgar

Þingflokkur Frjálslynda flokksins stækkaði um fjórðung í gær þegar Kristinn H. Gunnarsson gekk í flokkinn. Þingmenn frjálslyndra eru nú orðnir fimm og hafa aldrei verið fleiri. Frjálslyndi flokkurinn er fjórði vettvangur Kristins á þingi. Í fyrstu var hann þingmaður Alþýðubandalagsins, svo var hann utan flokka, þá í Framsóknarflokknum og loks í frjálslyndum. Fáir þingmenn hafa stigið niður fæti jafn víða og Kristinn en aðeins tíminn mun leiða í ljós hvort hann lýkur þingferlinum hjá frjálslyndum eða hvort hann mun gegna þingmennsku fyrir fleiri flokka í framtíðinni.



### Varamaður utan flokka

Önnur tímamót urðu í þinginu í gær þegar Sigurlín Margrét Sigurðardóttir, varaþingmaður Gunnars Örlygssonar, tók þar sæti. Þau voru eitt sinn bæði í Frjálslynda flokknum en Gunnar skipti yfir í Sjálfstæðisflokkinn fyrr á kjörtímabilinu og Sigurlín tók sér nýverið stöðu utan flokka. Fáheyrt er að varamaður sé ekki í sama þingflokki og aðalmaðurinn en Gunnar virðist ekki hafa áhyggjur af að Sigurlín valdi miklum usla í þær tvær vikur sem hún situr þingfundi.



### Handan við hornið

Það er annars af framboðsmálum „hinnar ungu“ Margrétar Sverrisdóttur, fyrrverandi frjálslyndrar, að frétta að af þeim er ekkert að frétta. Í byrjun mánaðarins skrifaði hún á bloggsíðu sína að tíðinda væri að vænta og notaði orðin „á næstunni“ og „rétt handan við hornið“ til að gefa lesendum vísbendingar um hve stutt væri í stóru fréttirnar. Hvort bakslag hefur komið í áform Margrétar eða hún leggur annan en viðtekinn skilning í orðin „á næstunni“ og „rétt handan við hornið“ skal ósagt látið hér.

bjorn@frettabladid.is

# Einmana börn

Íslensk börn eru einmana og sakna aukinna samskipta við foreldra og fjölskyldu. Nýlegar rannsóknir segja okkur að samskipti foreldra og barna skipti höfuðmáli þegar kemur að líðan barna og áhættu varðandi neyslu og hvers konar óreglu. Rannsóknir segja okkur líka að samskiptin séu harla lítil. Þar að auki fer tannhirða íslenskra barna versnandi og margir kvarta undan því að agi sé á undanhaldi, reyndar ekki bara meðal barna og unglinga. En einmana og agalaus börn með skemmdar tennur eru ekki falleg mynd.

Fyrir nokkrum árum var því haldið fram að það skipti ekki máli hversu löngum tíma börn og foreldrar verðu saman á degi hverjum, gæði samskiptanna væru miklu mikilvægari. Þá varð til hugtakið „gæðastund“ og komst mjög í tísku. Nýjar rannsóknir benda hinsvegar til að þótt slíkar gæðastundir séu vissulega mikilvægar dugi ekki að setjast niður og ræða ítarlega við börnin í fimm til tíu mínútur á dag, lengd samverunnar sé ekki síður mikilvæg. Foreldrum finnst stundum lítils virði að verja tíma með börnum sínum þegar þau sitja límd við tölvuna eða sjónvarpið og lítil eða engin bein samskipti eiga sér stað. Unglingar bregða gjarna á ólíkindalæti þegar foreldrar ætla að efna til samræða, taka lítt eða ekki undir og segja jafnvel að þeim sé alveg sama, þeir vilji fá að vera í friði, vilji helst fara út o.s.frv. Þetta kannast líklega flestir foreldrar við. Raunin er auðvitað sú að æfingin skapar meistarann og það þýðir ekkert að gefast upp í uppeldinu, hvort



**INGA RÓSA ÞÓRÐARDÓTTIR**

**Í DAG** | Gæðastundir

sem um er að ræða útivistarreglur, tiltekt í herberginu eða samræður.

Við höfum líka heyrt niðurstöður úr rannsóknum sem sýna fram á að Íslendingar vinni meira eða a.m.k. lengri vinnudag en gerist og gengur meðal nágranna okkar. Það er í öllu falli ljóst að vinnudagur Íslendinga er langur, ástundun líkamsræktarstöðva er mikil og velta í verslunum gríðarleg svo fá dæmi séu tekin. Allt tekur þetta

*Með því að draga úr verslunarferðum er hægt að spara umtalsverðan tíma sem betur er varið til samskipta eða samveru með börnum.*

tíma og hverja stund í lífinu er aðeins hægt að nota einu sinni. Þess vegna er mikilvægt að velja vel hvernig tíminn er nýttur og allar upplýsingar segja okkur að best sé að sem flestum stundum sé varið með börnunum okkar til að þau megi verða hamingjusöm og góðir þegnar lands og þjóðar. Við erum öll á eilífu spani að ná sem flestu og mestu af gæðum lífsins og hin raunverulegu gæði mæta því stundum afgangi.

Það er hægt að setja nýlegt uppátæki nokkurra kennara í Laugarnesskóla í þetta samhengi en þeir tóku þá prýðilegu ákvörðun að kaupa ekkert nema nauðsynjar í tvo mánuði. Hvatinn kom úr umhverfisumræðunni og hugmyndin var að draga úr neyslu og sóun. Ekki veitir af og við ættum öll að taka okkur þetta ágæta fordæmi til eftirbreytni. En það er önnur skemmtileg hlið á þessum teningi kennaranna í Laugarnesi. Með því að draga úr innkaupum sparast tími sem getur nýst vel fyrir fjölskylduna. Það er geysilega tímafrekt að þvælast á milli verslana að leita að einhverju sem hugsanlega gæti komið sér vel eða sem hugsanlega er hægt að telja sér trú um að vanti. Raunin er auðvitað sú að í flestum tilfellum lendir það sem keypt var inni í skáp eða geymslu þar til því verður hent í næstu flutningum.

En mikilvægur þáttur í þessu öllu saman er að með því að draga úr verslunarferðum er hægt að spara umtalsverðan tíma sem betur er varið til samskipta eða samveru með börnum. Og þá er líka mikilvægt að muna að lengd samverunnar skiptir verulegu máli, ekki síður en það sem gert er í þessari samveru. Klukkutíma samvera foreldra og barna án beinna samskipta getur verið mikilvægari en fimm mínútna samræður. Ávinningurinn verður vonandi glaðari og sjálfsöruggari börn og þéttari fjölskyldubönd. Og svo þarf auðvitað að lækka tannlæknakostnað svo hér verði ekki tannlaus ungmenni eins og var ótrúlega algengt fyrir nokkrum áratugum.

# Kársnesið: Sveit í borg

**UMRÆÐAN**

Skipulagsmál



**HELGI HELGASON**

Á Kársnesinu í Kópavogi eru komnar fram mjög vafasamar hugmyndir um nýja byggð með uppfyllingu í sjó fram. Við sem byggjum Kársnesið höfum miklar áhyggjur af þessu máli.

Meirihluti Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks hefur margoft hundsað mótmæli íbúa Kópavogs þegar framkvæmdir eru annars vegar. Þess vegna höfum við áhyggjur. Ég vil nefna eitt dæmi sérstaklega máli mín til stuðnings. Það var þegar bæjarstjórnin ætlaði með ofbeldi að láta reisa Digraneskirkju milli Lyngheiðar og Melheiðar (við hinn svo kallaða Vighól). Þrátt fyrir mótmæli íbúa ætlaði bæjarstjórnin að virða mótmælin að vettugi. Í þessu máli átti að valta algjörlega yfir þá íbúa sem bjuggu í þessum tveimur götum. Með samstilltu átaki íbúa, ekki bara þeirra sem bjuggu við þessar tvær götur, heldur og annarra íbúa Kópavogs sem blöskraði yfirgangur bæjarstjórnar, var málið blásið út af borðinu á aðalfundi sóknarinnar. Allir vita hvar kirkjan stendur í dag. Á stað sem hún sómir sér mjög vel. Þó umferð eigi að vera greið á þessu svæði verður samt á stundum algjör umferðarteppa í og við kirkjuna. Allir Kópavogsbúar sem muna vel eftir þeirri staðsetningu sem upphaflega var ráðgerð sjá nú hvílíkt feigðarflan það hefði verið út frá stærð kirkjunnar og umferðarþunga við hana að staðsetja hana við Víghólinn.

Að mínu mati eru þessi vinnubrögð dæmigerð fyrir núverandi meirihluta. Ég nefni úthlutun lóða á Kópavogstúni. Ég nefni nýjasta dæmið þar sem auðmanni á að úthluta lóð eftir pöntun. Allt þetta nefni ég vegna þess að ég hef enga trú á öðru en að bæjarstjórn ætli sér að koma þessum óskapnaði sínum á Kársnesinu í framkvæmd með klækjum eins og hún hefur gert í öðrum málum og reynt í enn öðrum málum eins og ég hef nefnt.

Vesturbær Kópavogs er ennþá mjög rólegt og friðsælt svæði. Þar er gott að búa. Ætti báðum forystumönnum meirihlutans að vera það ljóst enda búa þeir báðir í þeim bæjarhluta. En hvernig stendur þá á því að þeir leyfa sér að ganga fram af alvöru með slíkar hugmyndir sem þessar? Ég vona að þessir ágætu menn sjái að sér. Ef ekki, þá þarf að hrekja þá frá völdum í næstu bæjarstjórnarkosningum. Haldi núverandi meirihluti áætlunum sínum til streitu um aukna byggð sem þýðir aukinn umferðarvanda, umhverfisspjöll og síðast en ekki síst að breyta vesturbæ Kópavogs úr þægilegum kyrrlátum bæjarhluta í litla borg þurfum við á öllum bæjarbúum að halda til að hrinda þeim áætlunum.

*Höfundur er formaður Frjálslynda flokksins í Kópavogi.*

## ALLT HITT

**HEILSA**

**Stækkandi** matarskammtar gætu orðið vandamál. Opinberir aðilar eins og Lýðheilsustöð og Manneldisráð hafa lagt áherslu á að fólk borði fjölbreytt fæði og velji sitt lítið af hverju. Fjölmargir velta fyrir sér og reyna að vera upplýstir um hvaða mat sé hollast að borða og hvernig haga skuli innkaupum og matmálstímum í samræmi við það.



**Reglugerð** er fyrirhuguð um mælingar og gæðakröfur fyrir nokkur skaðleg mengunarefni í andrúmslofti. Þetta eru arsen, kadmíum og nikkel sem eru allt mjög hættuleg efni til innöndunar og berast út í andrúmsloftið frá ýmsum iðnaði. Þetta kemur fram á vef Umhverfisstofnunar.

**Vannæring.** Tveir til fimm af hverjum tíu íbúum hjúkrunarheimila fyrir aldraða í Noregi eru vannærðir. Rannsókn á vegum norskra félagsmála- og heilbrigðisyfirvalda leiðir þetta í ljós. Vannæringin er meðal annars afleiðing sjúkdóma og fylgifiskur lyfja sem vistfólkið þarf að taka. Frá þessu er greint á doktor.is

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 20. febrúar, 51. dagur ársins 2007.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 9.07 | 13.41 | 18.17 |
| Akureyri | 8.59 | 13.26 | 17.55 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Sigrún fyrir átakið.

# Náði kjörþyngd á einu ári

Sigrún Þöll Þorsteinsdóttir missti 46 kíló í kjölfar breytts mataræðis. Hægt er að lesa blogg sem hún hélt á meðan átakinu stóð á barbietec.com.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

***Sigrún Þöll Þorsteinsdóttir tölvunarfræðingur þakkar breyttu mataræði þyngdartap.***

Sigrún Þöll Þorsteinsdóttir tölvunarfræðingur hafði lengi átt við ofþyngd að stríða þegar hún leitaði til Íslensku vigtarráðgjafanna. Eftir það breytti líf hennar um stefnu.

„Ég slysaðist á fund með vinkonu minni, en hafði samt ákveðnar efasemdir,“ segir Sigrún, sem hafði áður reynt ýmsar aðferðir til að losna við aukakílóin. Hún hafði til dæmis „hætt að borða nammi“, en stóð sig samt að því að halda uppteknum hætti. Þótt hún hafi verið meðvituð um að vera í yfirþyngd, taldi hún sig aldrei eiga við vandamál að etja.

Að sögn Sigrúnar byggir boðskapur Íslensku vigtaráðgjafanna, sem margir kannast við sem „danska kúrinn“, á þeirri hugmynd að holdafar ráðist að mestu af mataræði. Mikið er borðað af grænmeti og ávöxtum, en neyslu sælgætis og áfengis sleppt og sykri haldið í algjöru lágmarki. „Mér var sagt að færi ég eftir þessum boðorðum tækju aukakílóin að hverfa. Ég sló því bara til. Fór út í búð og fyllti matarkörfuna af hollum mat og fór að skipuleggja betur mataræðið og matmálstíma. Eftir það hef ég aldrei borðað eins mikinn og hollan mat og nú.“

Árangurinn lét ekki á sér standa. Kílóin runnu af Sigrúnu, að meðatali eitt á viku og þegar árið var á enda hafði hún lést um hvorki meira né minna en 46 kíló. Þótt hún hafi átt á brattann að sækja, segist hún aldrei hafa misst móðinn. „Það er ekki fyrr en ég komst í kjörþyngd að ég fór að slaka á. Nú þarf ég að losa mig við sex kíló og ætla að passa mig á að detta ekki aftur í gamla farið.“

*roald@frettabladid.is*




**Sólin** er farin að skína endrum og eins. Þá er gott að kaupa góð sólgleraugu á litlu börnin og gæta þess að gleraugun sitji vel til að forðast sárindi og í versta falli bruna í augum.




















# Grænt teboð í stað kaffiboðs

***Kaffi hefur löngum verið þjóðardrykkur landans en nú hafa margir tekið sig til og hætt að drekka kaffi og drekka aðeins grænt te til að öðlast betri heilsu.***



Fyrirsætan Claudia Schiffer er mikil tekona og drekkur frekar grænt te en kaffi.

Seyði af jurtum hafa svalað þorsta manna frá örófi alda og sagan segir að teið hafi fyrst komið til sögunnar þegar lauf af terunna fauk út í soðið vatn keisarans í Kína.

Í Japan er tedrykkja eins konar listform en Bretar drekka teið eins og vatn, eða um 165 milljónir bolla á dag samkvæmt breska teráðinu.

Svarta teið er um 78 prósent af heimsframleiðslunni og er algengast á Vesturlöndum en það græna er mest drukkið í Japan og Kína.

Neysla á grænu tei hefur þó aukist til muna á Vesturlöndum samhliða auknum áhuga á heilsufari og mataræði.

„Svarta og græna teið er af sömu plöntu, terunnanum camellia sinensis, en græna teið er unnið með ýmsum aðferðum úr þurrkuðum telaufum og það svarta er gerjað," segir Kolbrún Björnsdóttir jurtalæknir.

Koffínmagnið í tei er um það bil helmingi minna en í kaffi og hefur sá þáttur mest áhrif á þá sem hætta að drekka kaffi og fara yfir í te.



Talið er að mikil neysla á koffíni geti dregið úr nýtingu ýmissa næringaefna og stuðlað að kvillum eins og mígreni, síþreytu og jafnvel flýtt fyrir öldrun húðarinnar.

„Það er jafnmikið koffín í grænu og svörtu tei, en það græna er samt aðeins betra þar sem það er ekki gerjað og hefur meira magn af andoxunarefnum sem eru góð fyrir okkur," segir Kolbrún sem sjálf forðast kaffið og drekkur sparlega af grænu tei og segir að þrír bollar á dag ættu að vera hámark. Breska teráðið: www.tea.co.uk

*rh@frettabladid.is*



Tehús eru í miklu uppáhaldi hjá Bretum og þar er te frá ýmsum heimsins hornum í boði.



**Persona.is**

**BJÖRN HARÐARSON**
**SÁLFRÆÐINGUR SKRIFAR**

# Símaáreitni

Það þarf sennilega ekki að taka það fram að síminn er sjálfsagt tæki á hverju heimili, og jafnvel hjá hverjum einstaklingi eftir GSM-byltinguna. Flest okkar notum vioð símann til nokkuð viðurkenndra samskipta þar sem við komum fram undir eigin nafni og persónu. Hins vegar eru einstaklingar sem villa á sér heimildir og nota símann á ólöglegan hátt. Hér getur verið um að ræða símaat, svindl í gegnum síma, og það, sem er efni þessa pistils, símaárátta (telephone scatalogia) eða „dónasímtöl" (obscene phone calls).

Símaárátta er áráttukennd hegðun einstaklings sem hann á erfitt með að stjórna. Flestir sem þjást af þessum vanda eru karlmenn og hringja þeir nær oftast í konur í þeim tilgangi að hræða, áreita, og/eða vekja reiði. Hegðunin er flokkuð sem kynlífsfrávik (paraphillia), þar sem einstaklingurinn sem hringir ertist kynferðislega við athöfnina. Vegna þeirra kynferðislegu áhrifa sem hegðunin og viðbrögð kvennanna vekja hjá einstaklingnum verður erfiðara og erfiðara fyrir viðkomandi að hafa stjórn á hegðun sinni, þar sem löngunin í kynferðislega örvun af þessu tagi er mjög sterk.

Það er mikilvægt að aðgreina þennan vanda frá símakynlífi (phone sex), af þeirri einföldu staðreynd að flestir sem sækja í símakynlíf vilja að einstaklingurinn hinum megin á línunni sé með í athöfninni og tali við sig á kynferðislegan hátt. Þar af leiðandi eru einstaklingar sem þjást af símaáráttu ekki sá hópur sem sækir í símakynlífsþjónustu.

Þegar um er að ræða símaáreitni er athöfnin einungis með vilja annars aðilans (þess sem hringir) en veldur aftur á móti hinum aðilanum vanlíðan og jafnvel áfalli (fórnalambið sem svarar símanum). Þetta er í raun svipað og það sem við þekkjum með „flassara", þá sem bera sig framan við ókunnuga, þar sem spennan felst í raun í að framkvæma óæskilega athöfn gagnvart einhverjum sem ekki vill og á ekki von á þessari hegðun. Eins og áður hefur verið nefnt felst kynferðislega örvunin í þeirri spennu sem það veldur að hringja í einhvern og haga sér á ósæmilegan hátt. Neikvæð viðbrögð fórnarlambsins verða þar af leiðandi hluti af kynferðislegri brenglaðri útrás þess sem haldinn er þessari tegund símaáráttu. Hegðunina má þar af leiðandi flokka sem eina tegund af kynferðislegri áreitni.

Líklegt er að netbyltingin hafi gert það að verkum að þessi hegðun hafi þróast út í kynferðislega áreitni á netinu. Hér er þá helst verið að tala um spjallrásir fremur en tölvupóst, þ.e. fólk virðist lenda frekar í kynferðislegri áreitni á spjallrásum þar sem rauntímasamskipti sem kalla á viðbrögð annarra í rauntíma, eru hluti af því sem þessir einstaklingar virðast vera að leita eftir. Rannsóknir á konum sem taka þátt í spjalli á netinu, benda til að mjög stór hópur hefur orðið fyrir einhvers konar kynferðislegri áreitni án þess að vera sjálfar að leita eftir kynferðislegum samskiptum, og konur hafa kvartað yfir því hversu algengt það er að lenda í áreitni í spjalli á netinu.

Eins og með margt annað, hefur netið gefið einstaklingum með þennan vanda meiri möguleika á að fela hverjir þeir eru. Nafnleyndin gefur þeim auk þess hugrekki til að viðhalda iðju sinni og má telja líklegt að margir sem áreita aðra kynferðislega á netinu séu þeir sömu og áður leituðu í símaáreitni.

# Stresshormón jákvætt fyrir konur

***Stresshormónið kortisól losnar út í blóðið við langvarandi streitu. Inntaka efnisins getur hins vegar minnkað stress þegar litið er til skemmri tíma.***


Kortisól er stresshormón sem virðist minnka stress ísé það losað tímabundið út í líkamann.

Þýskir vísindamenn hafa gert tilraun á stresshormóninu kortisól og fengið athyglisverðar niðurstöður. Kortisól losnar út í blóðrásina við langvarandi stress og getur það valdið veikingu ónæmiskerfisins og þunglyndi. Áhrif þess eru þó ekki einungis slæm því efnið virðist minnka stress sé það losað tímabundið út í líkamann.

Rannsóknin fór þannig fram að konum var annars vegar gefin lyfleysa og hins vegar 30 mg af kortisóli. Konunum var svo komið í stressandi aðstæður sem byggðust upp á atvinnuviðtali fyrir framan kuldalega vinnuveitendur í óþægilegu umhverfi. Þær konur sem fengu lyfleysu urðu flestar stressaðar, en þær sem fengu kortisól fundu fyrir mun minna stressi.

Vonir standa til að hægt verði að nota kortisól til að minnka áfallastreitu og lækna þá sem þjást af áfallastreituröskun. *- tg*

## Nýtt hjúkrunarheimili

FRAMKVÆMDIR ERU HAFNAR VIÐ BYGGINGU HJÚKRUNARHEIMILIS VIÐ SUÐURLANDSBRAUT


Mikið hefur verið rætt um skort á hjúkrunarrýmum í höfuðborginni.

Siv Friðleifsdóttir, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, borgarstjóri í Reykjavík, tóku fyrstu skóflustunguna að nýju hjúkrunarheimili við Suðurlandsbraut á dögunum. Á sama tíma var undirritaður verksamningur við Jarðvélar ehf. sem sjá um jarðvegsframkvæmdir vegna verksins.
Á hjúkrunarheimilinu verða 110 hjúkrunarrými. Af þeim eru 40 rými ætluð fyrir heilabilaða. Einnig verður þar 10 rýma deild fyrir geðsjúka aldraða og er það fyrsta hjúkrunardeildin hér á landi sem er ætluð þessum hópi. Miðað er við að allir íbúar hjúkrunarheimilisins verði í einbýli. Hvert herbergi er um 24 fermetrar að meðtöldu baðherbergi. Hönnun hússins er á lokastigi og verða byggingaframkvæmdir væntanlega boðnar út í byrjun apríl. Reiknað er með að nýja hjúkrunarheimilið við Suðurlandsbraut verði tekið í notkun í byrjun árs 2009.
www.heilbrigdisraduneyti.is



Margt er um að vera í Manni lifandi.

# Hlegið og hreinsað

***Heilmikið er um að vera í Manni lifandi á næstunni.***

Nokkur áhugaverð námskeið og fyrirlestrar eru á boðstólum hjá Manni lifandi í Borgartúni 24 á næstunni.
Á fimmtudaginn heldur íþróttafræðingurinn og einkaþjálfarinn Goran Kristófer Micic fyrirlestur sem ber heitið Hlustaðu á líkama þinn – sex skref til fullkominnar heilsu! Fyrirlesturinn fer að mestu fram á ensku og hefst klukkan 17.30.

Opinn hláturjógatími fer fram laugardaginn 24. febrúar. Í hláturjóga getur hver sem er hlegið í hópi, án tilefnis, án þess að segja brandara, án húmors eða fyndni. Tilgangurinn er að efla og styrkja líkama og sál. Hláturjóga er blanda af hláturæfingum og jógaöndun. Til að kalla fram hláturinn eru notaðar ákveðnar æfingar og með augnsambandi verður hláturinn fljótt eðlilegur. Ásta Valdimarsdóttir hefur umsjón með hláturjóganu í þetta skipti en allir eru velkomnir.

Kolbrún Björnsdóttir grasalæknir heldur fyrirlestur þriðjudaginn 27. febrúar um hreinsun líkamans með jurtum og mat. Fyrirlesturinn hefst klukkan 17.30 og stendur til 19.00.




STERK B-BLANDA
Fæst hjá:
Aftur til náttúru
Dreifingaraðili, S.L.I ehf., Sími: 866 9512



IQ-CARE
HEILSUDÝNUR OG HEILSUKODDAR
Þrýstijöfnun er lykilorðið
Ein besta heilsudýna í heimi
iq-care.com
IQ-CARE aðlagast fullkomlega að líkamanum og tryggir dýpri og betri svefni.
IQ-CARE er svæðisskipt og gefur því réttan stuðning fyrir mjóbak og axlir.
IQ-CARE er með opnari efniseiginleika en flestar vörur úr skyldum efnum og andar því betur.
IQ-CARE aðlagast hraðar að líkamanum en flest rúm úr skyldum efnum.
IQ-CARE er ein sterkasta efnablanda sem þróuð hefur verið og endist því lengur en skyldar vörur.
IQ-CARE þrýstijöfnunarefnið er mikið notað og viðurkennt af sjúkrahúsum og heilsustofnunum.

VELDU AÐEINS ÞAÐ BESTA!

S-CAPE WALLHUGGER

Hjónarúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
Dæmi: 160 x 200 cm kr. 369.900 stgr.

Rúm sem dregst að veggnum þannig að þú helst við hlið náttborðsins.
- Mest seldi botninn í heiminum.
- Upplýst þráðlaus fjarstýring með öllum stillingum.
- Sterkir og hljóðátir þýskir lyftumótorar.
- Sér stilling fyrir höfuðlag.
- Öflugir nuddmótorar með sjálfvirkum tímarofa.
- Einn allra sterkasti stálgrindarbotn sem framleiddur er í dag.
- Öll liðarmót úr flugvélaplasti.
- 12 ára ábyrgð.



SWISSFLEX
50 ára reynsla

Loftrúm án rafmagns

PROFLEX

Hjónarúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
Dæmi: 160 x 200 cm kr. 219.900 stgr.

Mest selda stillanlega rúmið á Íslandi. Frábær reynsla.
- Sterkir og hljóðlátir þýskir mótorar.
- Stýring er einföld og þægileg.
- Mýkra axlasvæði og stillanlegt mjóbakssvæði.
- Hægt að fá stillanlega fætur sem ráða hæð rúmsins.
- 5 ára ábyrgð.

Ef þig vantar gott og sterkt stillanlegt rúm þá er PROFLEX lausnin.


Frí þrýstijöfnunarmæling sem greinir hvaða dýna hentar þér best

SVEFN & HEILSA GEGNIR MIKILVÆGU HLUTVERKI



Svefn & heilsa
AKUREYRI


EGILL ÞORSTEINSSON KÍRÓPRAKTOR



Svefn & heilsa
REYKJAVÍK

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00
www.svefn.is

Svefn & heilsa
★★★★★
www.svefn.is

Hrein lífræn jógúrt!

Kýrin Kinna er eingöngu fóðruð á grasi
Hreina lífræna jógúrtin frá Biobú er framleidd **án sykurs**.
Aðeins er notaður lífrænn hrásykur í öðrum jógúrt tegundum frá Biobú.
Bio•Bú
Biobu ehf. • Sími: 587 4500 • Netfang: biobu@biobu.is • www.biobu.is

BIO-FEM
BRJÓSTAKREM
Inniheldur eingöngu náttúruleg efni og þarf því ekki að fjarlægja af geirvörtu fyrir brjóstagjöf


Fitusog án skurðaðgerðar
• Á aðeins 10 dögum færðu árangur sem jafnast á við fitusog
• Húðin stinnist og appelsínuhúðin hverfur
• Öflugasta cellómeðferð hingað til sem stittir biðtímann um margar vikur
• 6 mismunandi aðferðir notaðar á þig til að skila sem mestum árangri
• 100% ánægja þegar meðferðinni er lokið...
Verð: 37.400,-

Ef þú pantar strax í dag
Minna Mál grenningarmeðferðina færðu hana á tilboðsverði kr: 24.900,-
Hringdu núna, síminn er: 577 7007
Kínastofan
Stórhöfða 17 • 110 Rvk

Ávaxta- og grænmetis-
pressur

BOSCH
Safapressa MES 1020
Pressar bæði ávexti og grænmeti. Safakanna sem skilur froðu frá. Auðveld í þrifum.
Tækifærisverð: 7.500 kr.
BOSCH
Sítrónupressa
MCP 3500

Pressar safann úr sítrusávöxtum. Kanna tekur 0,8 l.
Verð: 3.500 kr.
SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is


Olga B. Jónsdóttir er ein þeirra sem standa að stofnun hagsmunafélags fyrir fólk með heilaskaða. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Fólk með dulinn heila-skaða er falinn hópur

***Fólk sem hlotið hefur heilaskaða m.a. vegna slysa eða ofbeldisverka, aðstandendur þess og fagfólk með þekkingu á málefninu munu stofna hagsmunafélag annað kvöld á 9. hæð í Hátúni 10 í Reykjavík.***

„Oft líða einhver ár þar til afleiðingar slysa eða áverka koma í ljós hjá einstaklingi. Þá fer að verða vart breytinga, hann missir tökin á vissum þáttum og það koma upp erfiðleikar í daglegu lífi. Hann hættir að tengja saman orsök og afleiðingu og lærir ekki af reynslunni með sama hætti og áður. Ræður ekki við að halda utan um fjármál sín, veldur ekki vinnunni og fjarlægist fjölskylduna. Þá hefur kannski orðið skaði á framheila sem á rætur að rekja til vinnuslyss, umferðarslyss eða ofbeldisverks mörgum árum fyrr en var ekki greinanlegur á sínum tíma. Þetta er mjög falinn hópur.“ Þannig lýsir Olga B. Jónsdóttir félagsráðgjafi einkennum á duldum heilaskaða. Olga starfar á þekkingarstöð í málefnum fatlaðra hjá Reykjavíkurborg og hefur unnið að undirbúningi stofnunar nýs hagsmunafélags fólks með heilaskaða og aðstandenda þess. Stofnfundur félagsins er á morgun í Hátúni 10 og Olga er spurð hver markmið þess séu og hverju það eigi að áorka.

„Í fyrsta lagi er félagið stofnað til að auka skilning á högum þeirra sem hafa hlotið heilaskaða og leita eftir aðstoð og þjónustu þeim til handa. Aðstandendur þeirra þurfa vettvang að leita til svo þeir geti talað við aðra í sömu aðstæðum. Það þarf að koma meiri fræðsla um vandamálin sem þessir hópar eiga við að etja því þau geta verið margvísleg og bæði á lágu stigi og háu.“

Þar sem Olga starfar við félagsþjónustu talar hún af reynslu. „Það er ekki alltaf nóg að sleppa lifandi úr slysi því sumir verða aldrei samir eftir. Persónuleikabreytingarnar geta komið fram smám saman og eru í sumum tilfellum vægar en stundum þannig að ættingjarnir þekkja einstaklinginn ekki fyrir sama mann.“ Hér er Olga vissulega að lýsa heilsufarslegum vanda en sér hún fyrir sér að kerfið taki á honum á einhvern hátt?

„Heilbrigðiskerfið og félagskerfið verða að taka höndum saman og koma með úrræði fyrir hópinn.

Svo þegar kemur að endurmenntun eða hugsanlegri skólagöngu þarf menntamálaráðuneytið líka að gera ráð fyrir þessum einstaklingum,“ svarar hún. En hvar er þetta fólk staðsett núna? „Sumir eru enn að vinna en eru kannski svolítið upp á kant við sína nánustu. Ýmsir eiga mjög sterka aðstandendur sem eru í stöðugri baráttu við að halda þeim á veginum. Aðrir eru búnir að brjóta allar brýr að baki sér og eru komnir á götuna, atvinnulausir og í miklum erfiðleikum.“

Olga situr sjálf í fagráði um heilaskaða og það ráð verður aðili að hinu nýja félagi. „Að mínu mati er mjög þarft að stofna svona samtök,“ segir hún og kveðst vita um marga sem séu tilbúnir að leggja þeim lið.

*gun@frettabladid.is*


Shiv Charan Singh kemur hingað til lands í annað sinn um næstu mánaðamót að kenna kundalini-jóga og hugleiðslu.

## Kennari af Guðs náð

ANDLEG RÆKTUN OG DÝPRI SKILNINGUR Á LÍFINU ER MEÐAL ÞESS SEM JÓGAKENNARINN SHIV CHARAN SINGH MIÐLAR Á NÁMSKEIÐI Í LÓTUS JÓGASETRINU BORGARTÚNI 20 HELGINA 2. TIL 4. MARS.

Shiv Charan jógakennari er væntanlegur hingað til lands í annað sinn. Hann mun miðla af þekkingarbrunni sínum í Lótus jógasetrinu fyrstu helgina í mars, að sögn Guðrúnar Arnalds jógakennara. Hún segir Shiv hafa mikla hæfileika til að veita innblástur og bjóða fólki að skoða hlutina frá nýjum sjónarhornum enda stefni allir þeir sem voru á fyrra námskeiðinu hjá honum sl. haust að því að mæta aftur. „Námskeiðið er fyrir alla sem vilja næra andann og rækta sinn innri mann,“ bendir hún á. Guðrún segir Shiv mjög eftirsóttan kennara sem, auk þess að reka Karam Kriya skólann í London, haldi námskeið úti um allan heim. „Shiv hefur lokið námi í húmanískum fræðum og viðtalsmeðferð og einnig hefur hann skrifað fjölda bóka. Hann er kennari af guðs náð enda hefur hann kennt kundalini-jóga og hugleiðslu í 24 ár og hefur líka talnaspeki á valdi sínu. Hér er því einstakt tækifæri til að læra af kennara með ómælda þekkingu, reynslu og innsæi, segir Guðrún Arnalds.“ *- gun*

## Matur og tilfinningar

***Rautt og gult er yfirskrift námskeiða um holt mataræði í Heilsuhúsinu í Lágmúla annað kvöld og á sunnudaginn.***

Námskeiðið Rautt og gult er haldið til minningar um Margréti Björgólfsdóttur sem var frumkvöðull í matreiðslu grænmetisfæðis og rak meðal annars fyrirtækin Morgun-gull og Mensu. Kenndar verða aðferðir til að elda ljúffenga og holla grænmetisrétti á einfaldan hátt og fjallað um lífræna ræktun, samsetningu næringarefna og tengsl matar og tilfinningar. Hægt er að skrá sig hjá Berglindi í síma 895 8820 eða á netfangið ski@hi.is Innifalið í námskeiðinu er matur, mappa með uppskriftum og upplýsingum um samsetningu næringarefna og lífræna ræktun, ásamt óvæntum glaðningi í lokin. *- gun*


KOPAR OG LAUKUR Grænmeti í körfu og koparpottar hanga á gulum vegg.

# Kvíðasjúklingar veikjast mun oftar

***Fólk sem þjáist af kvíða á erfiðara með að takast á við sjúkdóma en aðrir.***

Kvíðasjúklingar eru allt frá 39 til 50 prósentum líklegri en aðrir til að fá meltingarfæra-, öndunarfæra- og skjaldkirtilssjúkdóma, ofnæmi, mígreni og gigt samkvæmt nýrri rannsókn sem unnin var í Þýskalandi. Rannsóknin náði til 4.181 Þjóðverja sem höfðu verið greindir með kvíða.

Í ljós kom að undirliggjandi sjúkdómur er kvíði en síðan greinast svo aðrir sjúkdómar. Jafnframt virðast kvíðasjúklingarnir eiga erfiðara með að takast á við sjúkdómana en aðrir og dregur það enn frekar úr lífsgæðum þeirra.


Fólk með kvíða er næstum helmingi líklegra en aðrir til að fá ýmsa sjúkdóma.

# Mikilvægi svefns

***Málþing um svefn og allt sem honum tengist verður í Norræna húsinu annað kvöld, 21. febrúar kl. 20 á vegum Náttúrulækningafélags Íslands.***

Fagfólk á ýmsum sviðum, bæði úr hefðbundna heilbrigðisgeiranum og þó einkum hinum óhefðbundna ætlar að fjalla um svefn á málþingi í Norræna húsinu annað kvöld. Þar mun það veita innsýn í hina ýmsu þætti sem snúa að svefni og svefnvenjum og leitast við að svara spurningum um það efni. Viðurkennt er að svefninn sé undirstaða margs í lífinu og því sé mikilvægt að hann sé í lagi. En hvað er það sem hefur áhrif á svefninn? Er í lagi að nota lyf til að sofa eða er hægt að bæta svefninn án lyfja? Þessar og fleiri spurningar munu verða ræddar annað kvöld og verður fróðlegt að fylgjast með. Frummælendur eru Jan Triebel, yfirlæknir á Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði, Björg Þorleifsdóttir, lífeðlisfræðingur og kennari við Háskóla Íslands og Kolbrún Björnsdóttir, grasalæknir í Jurtaapótekinu. Auk þeirra sitja fyrir svörum þau Borghildur Sigurbergsdóttir, næringarfræðingur á Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði og Anna Birna Ragnarsdóttir, hómópati og formaður Bandalags íslenskra græðara. Fundarstjóri er Þórður Sigmundsson yfirlæknir á geðdeild LSH.

*- gun*


Sumir ná aldrei djúpsvefni yfir nóttina og eru því syfjaðir allan daginn.
MYND/GETTY IMAGES

# Brjóstabörn greindari en önnur börn

BRJÓSTAMJÓLK HEFUR EKKERT MEÐ GÁFUR BARNA AÐ GERA, HELDUR ERU ÞAÐ GÁFUR MÓÐURINNAR.

Rannsóknir hafa sýnt að brjóstamjólk er besta næring sem kornabörn geta fengið. Hún dregur úr offitu barna og veitir þeim vörn gegn ýmsum sjúkdómum, allt frá ofnæmi til krabbameins. Alltaf er þó hluti kvenna sem ekki getur gefið barni sínu brjóst, og því eru niðurstöður nýrra rannsókna góðar fréttir fyrir þær. Börn sem fá brjóstamjólk virðast hafa hærri greindarvísitölu en önnur börn, en samkvæmt nýjustu rannsóknum er það ekki vegna mjólkurinnar sjálfrar, heldur ræður greindarvísitala móðurinnar úrslitum. Svo virðist sem mæður sem brjóstfæða börn sín séu aðeins greindari en þær sem gera það ekki, og börnin erfa gáfur mæðra sinna.


Mæður sem gefa börnum sínum brjóst eru oft greindari en þær sem gera það ekki.

## Grennandi kókos

LÍFRÆN KÓKOSOLÍA ÞYKIR GRENNANDI.

Kókosolía og tengsl hennar og megrunar er til umfjöllunar á heimasíðu Manns lifandi www.madurlifandi.is. Það segir að komið hafi í ljós að kókosfitan auki brennslu í líkamanum og gefi aukna orku til að takast á við daglegt líf. Vísindamenn hafi leitað skýringa á tengslum megrunar og kókosolíu og segja eiginleika olíunnar komna til af lengd fitusýruhlekkja í olíunni.

Kókosolían hefur verið hluti af næringu íbúa við Kyrrahafið til þúsunda ára og hafa Vesturlandabúar uppgötvað nú á síðustu árum eiginleika hennar.
Kókosolía eða kókosfita er fljótandi við 24° C og yfir en undir 24° C er kókosolían í föstu formi. Hún er því ýmist kölluð olía eða fita eftir því í hvaða formi hún er. Olían/fitan hefur mjög gott geymsluþol og þolir einnig vel hita. Kókosfita er tilvalin til matargerðar og það fæst varla betri olía til steikingar.

Auðvelt er að mýkja fituna upp með því að setja krukku af kókosfitu í heitt vatn.

















SafeFormula
sjampó og hárnæring
fyrir allar hárgerðir



– gæði fyrir fjölskylduna

# food & fun

ÞRIÐJUDAGUR 20. FEBRÚAR 2007



## Íslenskt hráefni í forgrunni

**Árleg matreiðslukeppni Food and fun verður haldin í Listasafni Reykjavíkur.**

BLS. 2



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




# Galdrar Andrew Evans á Grillinu

Food & Fun

- *Andrew Evans rekur hótel og veitingastaðinn The Inn at Easton í Maryland í Bandaríkjunum*
- *Andrew hefur hlotið mikla umfjöllun og eftirtekt í fagtímaritum og dagblöðum í Bandaríkjunum og víðar*
- *„Einn af 100 rómantískustu veitingastöðum Bandaríkjanna" að mati tímaritsins Southern Living*
- *Valinn „eftirlæti ritstjórans" í tímaritinu Dining Guide 2003-2005*
- *Tilnefndur til James Beard verðlaunanna árið 2004*

Upplifðu eftirminnilegt kvöld á Grillinu á Food & Fun dagana 21. - 25. febrúar.

Andrew Evans býður upp á girnilegan matseðil, Grillið býður upp á einstakt andrúmsloft og glæsilegt útsýni yfir Reykjavíkurborg.

**Misstu ekki af einstöku tækifæri og pantaðu borð tímanlega í síma 525 9960.**



PIPAR • SÍA • 70255

Grillið

Grillið - 8. hæð / Radisson SAS Hótel Saga
Sími: 525 9960 / **www.grillid.is**



„Íslenska rauðsprettan er vanmetin en er aftur að komast í tísku.“ Þessi réttur er mjög vinsæll á Grillinu. Rauðspretta snöggsteikt á rabarbaramauki. Borin fram með skelfiskravíólí og lemongrass-froðu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Ástralskt og villt á Grillinu

„Við fáum til okkar villta matreiðslumanninn, Andrew Evans,“ segir Bjarni Gunnar Kristinsson, yfirmatreiðslumaður á hinum klassíska útsýnisveitingastað Grillinu. „Hann hefur byggt upp sinn eigin stíl á ferðalögum sínum. Mestu áhrifin eru þó frá Ástralíu en hann sjálfur er Kani,“ útskýrir Bjarni, sem telur að Ástralir séu svipaðir Íslendingum að því leyti að þeir séu nýbúar í matreiðslu. „Þeir taka það besta frá löndunum í kringum sig, þar á meðal Asíu, og eru með mikið af kryddum en á mildari hátt,“ segir Bjarni.

Þrátt fyrir áströlsk áhrif verða kengúra og emúi ekki á borðum á Grillinu meðan á Food and fun stendur heldur verður allt eldað úr íslensku hráefni. „Evans langaði að nota íslenskt hráefni í sína matreiðslu og ætlar að elda lúðu sem veidd verður fyrir hann á hverjum degi. Svo vill hann fá bleikju sem er alin er upp í köldu vatni. Þessu ætlar hann að blanda við íslenskan uxahala en í aðalrétt verður lamb,“ segir Bjarni en bendir á að Evans noti rumpvöðva, ólíkt því sem Íslendingar eigi að venjast.

Fyrir lesendur Fréttablaðsins töfraði Bjarni Gunnar fram vinsælan rétt af matseðli Grillsins. „Þetta er íslensk rauðspretta snöggsteikt á rabarbaramauki, borin fram með skelfiskravíólí og lemongrass-froðu.“



Það verður áströlsk stemning á Grillinu á Food & fun hátíðinni.

TIVOLI MODEL ONE ÚTVARP
Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI
...þegar þú vilt vanda eldamennskuna!



Útsölustaðir:
Epal, Skeifunni 6, S. 568 7733 - Kokka, Laugavegi 47 S. 562 0808 - Duka Kringlunni S. 533 1322
Mirale, Grensásvegi 8, S. 517 1020 - Hallldór Ólafsson, Glerártorgi S. 462 2509
Birta, Egilsstöðum og Reyðarfirði S. 471 2020 - Tónspil, Neskaupsstað S. 477 1580
Fríhöfnin Keflavíkurflugvelli - CM Laugvegi 68 S. 551 7015

# Hátíð sem vekur athygli víða um heim

**Siggi Hall stofnaði Food and Fun hátíðina ásamt Baldvini Jónssyni en þeir skipuleggja alla viðburði hátíðarinnar.**



Eyþór Rúnarsson, yfirmatreiðslumaður á Óðinsvéum, hellir sósu yfir fiskréttinn sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Hátíðin er samstarfsverkefni Icelandair, Íslensks landbúnaðar og Reykjavíkurborgar en íslenskt hráefni er í forgrunni og þá sérstaklega í keppninni milli erlendu kokkanna,“ segir Siggi og bætir því við að Food and Fun sé aðallega haldin til þess að vekja athygli á Íslandi sem matargæðalandi.



Siggi Hall

„Hingað koma hátt á annað hundrað blaðamenn og fimm eða sex sjónvarpslið. Við erum með erlenda kokka í samstarfi við þá íslensku á veitingahúsunum en svo keppa erlendu kokkarnir á laugardaginn klukkan tólf í matreiðslukeppni sem er orðin mjög þekkt úti í heimi. Þar keppa tólf erlendir kokkar með íslenskt hráefni og það þykir mjög spennandi meðal erlendra blaðamanna. Hins vegar væri það ekkert spennandi ef þar kepptu tólf íslenskir kokkar,“ segir Siggi og hlær. „Ekki má gleyma að í dómnefndinni sitja tíu stórþekktir matreiðslumenn jafnt frá Evrópu og Ameríku en það er allt mikið þungavigtarfólk í heimi matargerðarlistarinnar.“

Food and Fun er nú haldin í sjötta sinn af Sigga og Baldvini, sem hafa báðir ferðast mikið og víða um heiminn til að kynna og starfa í kringum matarbransann. „Við höfum unnið með mörgum matreiðslumeisturum, sem hafa komið okkur í samband við enn fleiri matreiðslumenn. Á þessum tíma frá því hátíðin var fyrst haldin hefur skapast alveg svakalegt tengslanet og þar að auki er þetta orðinn viðburður sem vekur athygli úti í heimi. Það er orðið eftirsóknarvert meðal matreiðslumanna um allan heim að hafa á ferilskránni sinni að hafa verið annað hvort keppendur eða dómarar á Food and Fun hátíðinni á Íslandi,“ segir Siggi og bætir því við að þar sem það þyki orðið fínt að taka þátt í hátíðinni sé mjög auðvelt að fá matreiðslumenn til að koma til landsins. „Þeim þykir það mikill heiður að vera boðið enda þurfa þeir að hafa gert sig merkilega á einhvern hátt til að fá að vera með,“ segir Siggi. „Það eru margir sem vilja fá að vera með og því mikið verkefni að velja úr. Við röðum síðan kokkunum niður á veitingastaðina eftir því hvaða áherslur eru á hverjum stað og hjá hverjum matreiðslumanni.“

Á Óðinsvéum verður hinn fjölþjóðlegi matreiðslumeistari Robert Gadsby. „Ég hef aldrei hitt hann en þekki hann samt ágætlega því hann er góðkunningi náins vinar míns í Washington. Við höfum mikið ræðst við í síma. Hann er breskur að uppruna en rekur veitingastað í Houston í Texas og er mikils metinn matreiðslumaður í Ameríku,“ segir Siggi en aðaláherslan hjá Robert er amerísk matreiðsla með frönskum stíl. „Það er ekkert ósvipað okkur því við erum jafnan með íslenskan mat í frönskum stíl. Hann verður með hörpuskel, heila önd í hlynsírópi og bleikju. Það er mikil spenna og áhugi hjá okkur eins og öllum hinum stöðunum. Þetta er skemmtilegur viðburður sem fyllir bæinn af matarilmi og gleðskap,“ segir Siggi Hall matreiðslumeistari.

sigridurh@frettabladid.is

# Íslenskt hráefni í forgrunni

**Ragnar Wessman, matreiðslumaður og kennari við Hótel- og matvælaskólann, heldur utan um kokkakeppni á Food and Fun hátíðinni auk þess sem hann hefur umsjón með matreiðslu og framreiðslu í móttöku samgönguráðherra fyrir erlenda gesti hátíðarinnar.**



Ragnar Wessman framreiðslumaður heldur móttöku samgönguráðherra og kokkakeppni í Listasafni Reykjavíkur, ásamt Friðriki Sigurðssyni og Guðmundi Guðmundssyni. Hér er hann ásamt nemendunum sem sjá um móttöku samgönguráðherra fyrir erlenda gesti hátíðarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Við erum þrír sem höfum það hlutverk að sjá um að keppnin gangi rétt og eðlilega fyrir sig í Listasafni Reykjavíkur,“ segir Ragnar en hann heldur utan um keppnina ásamt matreiðslumönnunum Friðriki Sigurðssyni og Guðmundi Guðmundssyni. „Við útvegum og göngum frá öllum tækjum, undirbúum keppnissvæðið, sjáum um reglurnar og annað slíkt fyrir keppnina,“ segir Ragnar en tólf keppendur frá þremur löndum bítast um sigurinn í keppninni og tíu dómarar dæma.

„Það er keppt um besta fiskréttinn, besta kjötréttinn og besta eftirréttinn, auk þess sem veitt verða verðlaun fyrir heildarvinningshafann,“ segir Ragnar en keppnin verður haldin á laugardaginn og að sjálfsögðu verður íslenskt hráefni í forgrunni.

Hótel- og matvælaskólinn hefur hins vegar það verkefni að sjá um móttöku samgönguráðherra fyrir þá erlendu fréttamenn og kokka sem koma hingað til landsins í tengslum við Food and Fun hátíðina. „Nemendur í matreiðslu og framreiðslu hafa undirbúið þessa móttöku sem er opnunarhádegisverður fyrir þessa erlendu gesti. Þar verður að sjálfsögðu lögð áhersla á íslenskt hráefni. Gamlar íslenskar matreiðsluaðferðir í nýju samhengi,“ segir Ragnar og bætir því við að íslenskir matreiðslumenn hafi verið í menningarlegri útrás og ekki skoðað nægilega vel það sem til er hér heima. „Það er mjög mikilvægt fyrir skólann að nemendur fái að taka þátt í þessu stóra verkefni og það skiptir nemendurna miklu máli líka,“ segir Ragnar.

-sig

# Peugeot, skoðaður til 2036.



» Peugeot framleiddi sína fyrstu piparkvörn 1840. Verkið í kvörnunum er ennþá það áreiðanlegasta á markaðinum og ástæðan fyrir því að Peugeot býður **30 ára ábyrgð** á öllum kvörnum. Peugeot kvarnir fást hjá: Kokku á Laugavegi 47, Tekk Company Bæjarlind 14-16 í Kópavogi, Villeroy & Boch í Kringlunni, Pottum og Prikum á Strandgötu 25 á Akureyri og Cabo við Hafnargötu 23 í Keflavík. Svo er auðvitað hægt að kaupa þær á kokka.is

laugavegi 47, opið mán.-lau. 10-22, sun. 13-22 | www.kokka.is kokka@kokka.is

kokka
laugavegi 47

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

# Skemmtilegra með hverju árinu

„Við fáum til liðs við okkur William Kovel frá Bandaríkjunum,“ segir Elmar Kristjánsson, yfirmatreiðslumaður í Perlunni. „Hann er búinn að senda okkur matseðilinn en hann verður fjögurra rétta. Við byrjum á krabbasalati með sítrusdressingu, þá kemur lax, lambalundir í aðalrétt og loks sítrónubaka í eftirrétt.“

Elmar segir hátíðina alltaf leggjast vel í starfsfólkið í Perlunni. „Það er alltaf fullt hjá okkur og það myndast heilmikil stemning í kringum þetta og við myndum smá tengsl við erlendu kollegana. Við reynum náttúrulega alltaf að taka á móti þessum mönnum, nánast eins og þjóðhöfðingjum enda höfum við fengið það endurgoldið þegar við förum eitthvað annað,“ segir Elmar og bætir því við að hátíðin verði skemmtilegri með hverju árinu en Perlan hefur verið með í hátíðinni frá upphafi.


Árni Þór Jónsson, matreiðslumaður í Perlunni, undirbýr fiskrétt.


Glæsilegur fiskréttur að hætti Perlunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/BRINK


Jarðsveppa crème caramel með eplaseyði. Jarðsveppir eru með dýrasta hráefni jarðar og þykja mikið lostæti. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Sænskur stjörnukokkur

„Það leggst ótrúlega vel í mig að taka þátt í þessu Food and Fun dæmi,“ segir Hermann Marínósson, kokkur á veitingastað Hótel Holts. „Núna erum við að fá til okkar matreiðslumanninn Henrik Bernvik, en hann starfar á Bagatelle, þriggja Michelin-stjarna stað í Ósló. Ef Henrik kemur ekki með góð áhrif til okkar þá gerir það enginn,“ segir og heldur áfram. „Henrik þessi hefur gífurlega mikla reynslu af starfinu og hefur unnið á mörgum flottustu stöðum heims. Hann er sannkölluð stjarna í bransanum. Yfirleitt staldrar hann ekki lengi við á hverjum stað heldur mætir á svæðið, töfrar fram einhverja snilld og heldur síðan annað til að vinna fleiri sigra. Við erum gríðarlega spenntir fyrir því að fá hann og við hlökkum mikið til hátíðarinnar,“ segir Hermann og bætir því við að Food and Fun hátíðin hafi haft mjög jákvæð áhrif á orðspor Íslendinga í þessum geira.

„Núna eru Ísland á lista sem eitt af tíu bestu löndum heims í matargerð. Jafnvel þó að við séum ekki með ferskar kryddjurtir úti í garði þá erum við í toppklassa hvað allt annað varðar. Heildsalar á Íslandi standa sig líka margir hverjir ótrúlega vel hvað varðar innflutning á góðu hráefni og því höfum við kokkar ekki yfir miklu að kvarta.“


Hermann Marínósson á Holtinu er með einbeitinguna í lagi við skreytingarnar enda skiptir útlitið ekki minna máli en bragðið þegar veisluréttir eru bornir fram.


Dádýralundir með jarðsveppakrókettu og myrkilsveppasósu. Þessa dagana er lögð sérstök áhersla á rétti sem innihalda jarðsveppi á veitingahúsi Holtsins.

Matseðillinn sem stjörnukokkurinn Henrik Bernvik hefur búið til fyrir Holtið inniheldur meðal annars krabbakjöt í forrétt, lambakjöt í aðalrétt og súkkulaðieftirrétt. „Þetta er það eina sem við vitum enn sem komið er. Hann á eftir að senda okkur nánari lýsingar á aðferðum og fleiru, en þetta verður eflaust eitthvað stórkostlegt,“ segir Hermann að lokum.

*- mhg*







# Mikil eftirvænting ríkir

Það sem ber hæst hjá okkur á Food and Fun hátíðinni er franski gestakokkurinn sem við verðum með,“ segir Steinn Óskar Sigurðsson, yfirkokkur á Silfri. „Þetta er mest megnis í hans höndum því hann útbýr matseðilinn fyrir mig,“ bætir hann við. „Mér skilst að hann sé mjög efnilegur kokkur í Frakklandi en hann er mjög ungur miðað við frönsku kokkastéttina og vinnur sig nú hratt upp á stjörnuhimininn þar.“

Steinn segir það mikinn heiður að fá þessa öflugu menn til viðbótar við þá góðu sem fyrir eru. „Við verðum með fjögurra rétta matseðil auk lystauka sem við bjóðum upp á. Í grófum dráttum þá eru kræklingar og franskar í lystauka, humar í forrétt, makkarónur og trufflur í millirétt, skötuselur og reyktur kavíar í aðalrétt,“ segir Steinn en hann telur það hafa mikið að segja fyrir íslenskt veitingalíf að halda þessa hátíð. „Það eru margir sem vita af þessu og löngu orðið fullt hjá okkur. Eftirvæntingin er því greinilega mikil bæði hjá okkur og okkar viðskiptavinum,“ segir Steinn sem hefur mjög góða reynslu af Food and Fun hátíðinni undanfarin ár.

*-sig*


Spennandi og girnilegur réttur frá Steini Óskari á Silfri. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


Steinn Óskar Sigurðsson, yfirmatreiðslumaður á Silfri, vandar sig við að raða glæsilegum rétti á disk. Hann segir löngu orðið fullt á Silfri á meðan Food and Fun hátíðin stendur yfir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Höldum í hefðina, etum svið



*Hausarnir frá Fjallalambi eru sviðnir með kósangasi en ekki logsuðutækjum.*
*Þessi gamla aðferð tryggir gamla góða sviðabragðið.*
*Sviðin eru fullhreinsuð með burstum og því sett beint í pottinn.*

*Hreint lostæti*
*úr íslenskri náttúru...*

FJALLALAMB
KÓPASKERI
NORÐUR-ÞINGEYSK NÁTTÚRUAFURÐ

Fjallalamb hf. • Röndinni 3 • 670 Kópaskeri • Sími 465-2140 • www.fjallalamb.is




Útsölustaðir:
Epal, Skeifunni 6, S. 568 7733 - Kokka, Laugavegi 47 S. 562 0808 - Duka Kringlunni S. 533 1322
Mirale, Grensásvegi 8, S. 517 1020 - Hallldór Ólafsson, Glerártorgi S. 462 2509
Birta, Egilsstöðum og Reyðarfirði S. 471 2020 - Tónspil, Neskaupsstað S. 477 1580
Fríhöfnin Keflavíkurflugvelli - CM Laugvegi 68 S. 551 7015



Spennandi sushi-réttur frá Domo. Michael Wilson frá Danmörku verður gestakokkur á staðnum og hefur hann afar ferskar hugmyndir, að sögn Ragnars Ómarssonar, annars yfirkokkanna á Domo. FRÉTTABLAÐIÐ/BRINK

# Nýmóðins matreiðsla á Domo

Ragnar Ómarsson er yfirkokkur á Domo ásamt Þráni Júlíussyni en á Domo verður gestakokkurinn Michael Wilson frá Danmörku. „Það lítur rosalega vel út sem hann er búinn að senda okkur en það er í okkar anda og án nokkurrar takmörkunar. Bara góður matur með asísku kryddi og svona aðeins öðruvísi en venjan er,“ segir Ragnar og bætir því við að Michael hafi mjög ferskar hugmyndir og sé nýmóðins í matreiðslunni, þannig að gaman sé að fá hann inn á staðinn. „Annars er bara allt að verða fullt hjá okkur en auðvitað detta alltaf einhverjir út og aðrir bætast við. Þetta lofar rosalega góðu en það hefur verið fullt hjá okkur allar helgar hvort eð er svo að því leyti er þetta eins og hver önnur helgi hjá okkur,“ segir Ragnar. *- sig*



Þráinn Júlíusson, annar yfirkokkanna á Domo, situr hér fyrir framan einn af sérréttum staðarins.

allt matur
Alla föstudaga



Brandur eldaði hörpuskel með blönduðu salati og kryddaðri sítrónudressingu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Louisiana-stemning á Apótekinu

Brandur Brandsson er yfirkokkur á Apótekinu í Austurstræti 16. Mikil spenna er fyrir Food and Fun hátíðinni og hafa margir nú þegar pantað sér borð á Apótekinu. „Það fer að verða uppbókað. Alls hafa 174 pantað á laugardagskvöldið, 146 á föstudag og 140 manns á fimmtudag,“ segir Brandur og bætir því við að fleiri séu búnir að panta í ár heldur en í fyrra. Það sem laðað hefur margan manninn að er gestakokkurinn sem verður á staðnum. Hann heitir Christopher Cime og er yfirmatreiðslumaður á Acadiana-veitingastaðnum í Washington.

Boðið verður upp á sérstakan matseðil á Apótekinu meðan á hátíðinni stendur. „Þetta verður Louisiana matreiðsla. Þarna verður skelfisks gumbo-súpa, túnfiskur í creola, Diana-nautalundir og New Orleans brauðbúðingur með bananafostersósu.“

En hvers konar staður er Apótekið? „Þetta er evrópskur fusion-staður. Við notum mikið af íslensku hráefni en erum samt með austurlenskar áherslur.“

Brandur eldaði fyrir lesendur Fréttablaðsins hörpuskel með blönduðu salati og kryddaðri sítrónudressingu. „Ég valdi þennan rétt til að fá þjóðina til að borða meiri fisk.“



Brandur Brandsson yfirkokkur leggur lokahönd á forréttinn.

Vetrarhátíð í Reykjavík
BORGARBÓKASAFN REYKJAVÍKUR
www.borgarbokasafn.is

SAFNANÓTT Í BORGARBÓKASAFNI
FÖSTUDAGSKVÖLD 23. FEBRÚAR

GERÐUBERGSSAFN:
*Safnið verður opið til kl. 22.00* og stendur fyrir **götumarkaði** í Menningarmiðstöðinni á meðan á dagskrá þar stendur.

AÐALSAFN Í GRÓFARHÚSI:
*Safnið verður opið til kl. 1 eftir miðnætti.*

BORGARBÖRN
Miðstöð munnlegrar sögu safnar og tekur upp sögur úr æsku borgarbúa fyrr og nú. Komdu og segðu þína sögu. Sögurnar verða teknar upp á geisladisk sem þátttakendur fá síðan til eignar.
**Frá kl. 19:00 – 24:00**



LJÓÐUM SAMAN
Klippiljóð og Hið langa ljóð – vertu með í að skapa!
**19:00 – 01:00**

MYNDLISTARSÝNING
úr Artóteki Borgarbóksafns á Reykjavíkurtorgi. *Þráinn Bertelsson* rithöfundur valdi listaverkin. Sýningin er opin á opnunartíma safnsins.

PRJÓNAKAFFIÐ HEKLA
Hannyrðakonur Borgarbókasafns leiðbeina við prjón, hekl og aðrar hannyrðir. Hér geturðu átt notalega hannyrðastund og fengið þér kaffi og með því.
**Frá kl. 20:00 – 24:00**



AÐALSAFN Í GRÓFARHÚSI:

AÐ SEMJA LAG
Ingvi Þór Kormáksson tónlistarmaður fjallar um grunnatriði **lagasmíða**, uppbyggingu o.fl. og gefur tóndæmi. Í tón- og mynddeildinni kl. **20:00 – 20:30**

SPÁÐU Í ÞAÐ!
Viltu læra að leggja tarotspil og nota galdrarúnir? Það geturðu gert hér á Safnanótt og í leiðinni skoðað úrval bóka um spádóma, rúnir og dulræn málefni. Eva Hauksdóttir frá *Nornabúðinni* leiðbeinir um notkun galdrarúna og tarotspila **kl. 20:00** og aftur **kl. 23.15**



MYNDAÐU STUTTMYND
Theodór Kristjánsson, tölvu- og myndgúrú, verður í tón- og mynddeildinni **frá kl. 20:00 – 24:00**. Þú getur tekið þína eigin hreyfimynd og sett á netið með hans aðstoð. Viltu senda kveðju, syngja lagið sem þú lærðir í samsöngnum .... eða eitthvað allt annað?
Allar græjur á staðnum, þú þarft bara að mæta.

ÞÖGNIN ROFIN
Hefur þig alltaf dreymt um að láta í þér heyra á bókasafninu? Samsöngur með Óskari Einarssyni, stjórnanda Gospelkórs Reykjavíkur.
Allir geta verið með!
Kl. 21:00 og aftur kl. 22:00






# Margarita Mazyrova

## Matreiðslumeistari

**Gestakokkur Einars Ben á Food & Fun í ár kemur frá St. Pétursborg og er hún ein þekktasta matreiðslukona Rússlands í dag.**

Margarita Mazyrova er einn virtasti kvenkokkur Rússlands og sérstakur matreiðslumeistari hjá patríarkanum í rússnesku réttrúnaðarkirkjunni í St. Pétursborg. Hún er yfirkokkur og aðalstjórnandi veitingastaðarins Sadco í St. Pétursborg. Sá veitingastaður hefur góðan orðstír fyrir að halda í hinar sönnu rússnesku matarhefðir þó nútímalegur sé.

Laugardaginn 24. febrúar verður á boðstólum ekta Blinis og kampavín á barnum, 3. hæð á Einari Ben frá kl. 13 – kl. 17.

Verð á matseðli kr 5.900

Einnig þá stendur til boða að láta veitingastjóra Einars Ben um að velja vín með hverjum rétti. Veitingastjóri Einars Ben er Stefán Guðjónsson sem hefur unnið meðal annars, titilinn Vínþjónn ársins í tvígang ásamt, framreiðslumaður ársins og er eini íslendingurinn sem hefur klárað 1 áfanga hjá Court of Master Sommeliers.

Einar Ben.
RESTAURANT & BAR

Við Ingólfstorg • Sími 511 5090



Hrefna Jóhannsdóttir Sætran er yfirmatreiðslumaður á Sjávarkjallaranum og er mjög spennt yfir komu indverska kokksins Wikram Garg. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Indverskur keimur

„Frá miðvikudegi til sunnudags ætlum við að vera með matseðilinn sem indverski kokkurinn,



Spennandi sjávarréttur frá Hrefnu á Sjávarréttakjallaranum.

Wikram Garg, hefur útbúið og verður öll kvöldin,“ segir Hrefna Jóhannsdóttir Sætran, yfirmatreiðslumaður á Sjávarkjallaranum. „Þetta er mjög spennandi matseðill og ber keim af því að kokkurinn er indverskur. Það verður túnfiskstartar í forrétt, humar og síðan lamb á tvenna vegu í aðalrétt. Hann gerir þetta náttúrlega sjálfur þannig að við bíðum spennt og erum komin með vatn í munninn af eftirvæntingu.“

Hrefna segir alla mjög spennta á staðnum og að margir hafi pantað sér borð. „Við höfum verið með í hátíðinni frá því staðurinn var opnaður árið 2003 svo þetta er í fjórða skipti og það er mikil spenna í loftinu,“ segir Hrefna.


TIVOLI PAL ÚTVARP
Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI
...alltaf með kaffinu!



KORTER.IS

Útsölustaðir:
Epal, Skeifunni 6, S. 568 7733 - Kokka, Laugavegi 47 S. 562 0808 - Duka Kringlunni S. 533 1322
Mirale, Grensásvegi 8, S. 517 1020 - Hallldór Ólafsson, Glerártorgi S. 462 2509
Birta, Egilsstöðum og Reyðarfirði S. 471 2020 - Tónspil, Neskaupsstað S. 477 1580
Fríhöfnin Keflavíkurflugvelli - CM Laugvegi 68 S. 551 7015


# Andi skálds í eldhúsinu

Veitingastaðurinn Einar Ben við Ingólfstorg er nefndur eftir einum framsæknasta Íslendingi síðustu aldar, Einari Benediktssyni. Til þess að standa undir nafni leggja matreiðslumenn staðarins sig fram um að töfra fram spennandi rétti úr fyrsta flokks íslensku hráefni. Steinar Þór Þorfinnsson er yfirkokkur á Einari Ben og hefur verið starfandi í eldhúsinu þar undanfarin tvö ár.

„Það leggst mjög vel í mig að taka þátt í Food and fun hátíðinni, flakka á milli veitingastaða og prófa réttina sem verða framreiddir. Til okkar kemur matreiðslumaðurinn Margarita Mazurova frá Rússlandi. Hún er orðin vel þekkt í sínu landi fyrir að taka rússneskan mat og framreiða hann á nýstárlegan hátt, en það er í raun það sama sem við reynum að gera hérna á Einari Ben, þannig á ég von á því að geta lært eitthvað skemmtilegt af henni. Ég er reyndar ekki mikið inni í rússneskri matreiðslu svo það verður líka gaman að kynna sér þá nýju strauma.“

Steinar Þór segir hátíðina mikilvæga fyrir matreiðslumenn landsins. „Það fara margir út að borða þann tíma sem hátíðin stendur yfir og flestir hafa mjög gaman af. Á sama tíma er sérstaklega áhugavert að fá að kynnast því sem er að gerast í öðrum löndum og eiga samskipti við þessa erlendu gesti sem hingað koma,“ segir Steinar Þór, sem bíður spenntur eftir því að fá að sjá hvað verður í boði á veitingastöðum borgarinnar vikuna 21.-25. febrúar, enda ætlar hann sér að vera duglegur að fara út að borða.



Lambaskanki með rjómasoðnu grænmeti og rauðvínsgljáa. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



Saltfisk brandade með súrmjólkur- og piparrótarfroðu.



Steinar Þór Þorfinnsson, yfirkokkur á Einari Ben.


GOTT FÓLK McCANN



Í BÍTIÐ Á BYLGJUNNI
6.55-9.00 ALLA VIRKA MORGNA

HEIMIR OG SIRRÝ TAKA Á MÓTI ÞÉR Í BETRI STOFU BYLGJUNNAR
FULLUR ÞÁTTUR AF ÖLLU SEM ÞÚ ÞARFT FYRIR DAGINN

Dægurmál, fréttir, veður, íþróttir og allt þar á milli

BYLGJAN 989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

# Parmaskinka, mozzarella og pasta

Þar sem Ítalía samanstendur af ótalmörgum héruðum er töluvert erfitt að skilgreina ítalska matargerð sem slíka, en á veitingastaðnum La Primavera hefur það besta verið tekið úr öllum áttum og úr því gert áhrifaríkt ítalskt-íslenskt eldhús.

Sá sem upphaflega aðstoðaði eiganda La Primavera við að móta stefnu staðarins er hinn heimsþekkti kokkur Enrico Derflinghe, en hann var eitt sinn yfirkokkur þeirra Díönu og Karls Bretaprins.

Á meðan Food and Fun hátíðin stendur yfir mun gestakokkurinn Riccardo Benvenuti, ásamt kokkum staðarins, sjá um að útbúa sérstakan Food and Fun matseðil þar sem íslensk hráefni verða höfð í fyrsta sæti í anda keppninnar.

Heiðdís Hauksdóttir, kokkur á La Primavera, er meðal fárra kvenkokka hér á landi. Hún hefur starfað á La Primavera undanfarin sjö ár en sem kokkur útskrifaðist hún fyrir tveimur árum síðan. Heiðdís eldaði fyrir lesendur ravioli-böggla, fyllta með parmaskinku og mozzarella-osti, borna fram með smjör- og chili-sósu.

Áður en Heiðdís fyllti pastað með ostinum hafði hún látið það liggja í marineringu af svolitlu salti, olíu og pipar, en þegar parmaskinka er höfð með í matargerð er best að fara varlega með saltið.

*- mhg*



**Heiðdís Hauksdóttir, kokkur á La Primavera.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**Ravioli-bögglar, fylltir með parmaskinku.**









**Stefán Stefánsson kokkur á Rauðará eldaði þennan forrétt fyrir lesendur af matseðli Rauðarár. Steiktur skötuselur vafinn inn í beikon, með papriku og púrrulauk, mangó og teryaki-sósu.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Japönsk áhrif

Kanadíski kokkurinn Dennis Johnston verður gestakokkur á Rauðará á Food and Fun í ár. „Hann þykir einn alfremsti kokkurinn í Kanada og leggur áherslu á japönsk áhrif í vestrænni matargerð," segir Stefán Stefánsson kokkur á Rauðará. Johnston rekur veitingastaðinn Sid í Halifax sem Stefán segir mjög nútímalegan. „Það er ótrúlega gaman að fá svona reyndan mann," segi Stefán sem telur sig hafa verið mjög heppinn með kokka undanfarin ár. Hátíðin hafi leitt til þess að íslenskir kokkar hafi komist í samband við heimsþekkta matreiðslumenn og lært mikið af þeim. John Bess, sem vann keppnina hér um árið, var til að mynda á Rauðará og hefur það orðið til þess að kokkar af Rauðará hafa fengið tækifæri til að fara út á veitingastað hans í New Orleans.

Stefán segir kokkana engar prímadonnur, hins vegar hafi þeir ekki mikinn tíma í eldhúsinu þar sem þeir þurfi að sinna öðrum verkefnum. Hins vegar setja þeir mark sitt á veitingastaðinn með sérvöldum matseðli. Johnston ætlar til að mynda að elda saltfiskköku í japönsku raspi í forrétt, stökksteikta bleikju með japönskum sveppum í millirétt, lambarétt að hætti Sids í aðalrétt og súkkulaðiköku að hætti Johnstons í eftirrétt.

# Allt fyllist af fólki

Veitingastaðurinn Vox við Suðurlandsbraut fær meistarakokkinn Kai Kallio frá Finnlandi til liðs við sig á Food and Fun hátíðinni. „Hann ætlar að vera með alveg dúndrandi fimm rétta matseðil og mér líst alveg rosalega vel á þetta hjá honum," segir Sigurður Gíslason, yfirkokkur á Vox. „Kai ætlar að vera með kóngakrabba í forrétt með tómatseyði, lúðu steikta í karrísmjöri í millirétt, lambasteik í aðalrétt og súkkulaðiköku í eftirrétt," bætir Sigurður við en staðurinn er að verða fullbókaður yfir hátíðina. „Það hefur aldrei verið jafn mikil aðsókn hjá okkur eins og núna í kringum þessa hátíð," segir hann glaður í bragði.

„Við notum íslenskt hráefni en annars er mjög gaman að fá svona snillinga hér inn og maður fer í annan gír. Það er bara keyrt á þessum eina matseðli og hér fyllist allt af fólki, þannig að þetta er mjög skemmtilegt," segir Sigurður en Vox tekur þátt í hátíðinni í fjórða sinn nú í ár.

*- sig*



**Elísabet Þorvarðardóttir matreiðslunemi stendur einbeitt yfir pottunum á Vox.**



**Girnilegur matur á veitingastaðnum Vox.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




Fólk fortíðar bregður á leik í Þjóðminjasafninu

Töfrandi tónar og leikræn leiðsögn á **Safnanótt** 23. febrúar

*Kl. 19.30 og 21*
***Leiðsögn*** Arndísar Árnadóttur um textílsýninguna ***Með silfurbjarta nál***

*Kl. 20 og 22*
***Spilmenn Ríkínís*** syngja fjörleg, fornfögur lög og leika á gömul hljóðfæri

*Allt kvöldið kl. 19-24*
***Fólk úr fortíðinni*** töfrað fram með leik, leiðsögn og tónum

Flottir gripir í ***Safnbúðinni*** og kræsingar í ***Kaffitári***

Allir eru velkomnir!

ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS
*National Museum of Iceland*

Þjóðminjasafn Íslands Suðurgötu 41 101 Reykjavík Sími 530 2200 www.thjodminjasafn.is


# Hollendingurinn fljúgandi

„Gestakokkurinn okkar heitir Pierre Wind, Hollendingurinn fljúgandi," segir Þórarinn Eggertsson yfirkokkur á veitingahúsinu Salti. „Pierre er einn frægasti sjónvarpskokkur Hollendinga en hann er með tvo sjónvarpsþætti þar í landi."

Pierre mun bjóða upp á svolítið villtan matseðil á hátíðinni. „Hann verður til dæmis með kjúklingasúpu litaða með kolkrabbableki og bragðbætta með lakkrís og súrkálsís í eftirrétt. Þetta er svona mesta ruglið í þessum matseðli. Ég get lofað fólkinu að þetta verður alveg svakalega gott, maður bíður bara spenntur. Þetta verður góð máltíð og skemmtileg kvöldstund," segir Þórarinn.



**Boðið er upp á risahörpuskel og andalifur með kóngasveppafroðu á kvöldmatseðli veitingastaðarins Salt.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**Þórarinn leggur lokahönd á verkið.**

Veitingastaðurinn Salt er þó ekki alltaf svona villtur. „Salt flokkast undir klassískan veitingastað. Við bjóðum upp á franska matargerð með smá snúningi og erum til að mynda að leika okkur með alls konar froður, loft og reyk. Við setjum frönsku klassíkina í algjörlega nýjan búning," segir Þórarinn.

Þórarinn eldaði risahörpuskel og andalifur með kóngasveppafroðu fyrir Fréttablaðið en réttinn má finna á kvöldmatseðli veitingahússins.


De Dietrich
FULLKOMINN GLÆSILEIKI!
Lúxus í sérflokki
GLÆSILEG ESPRESSO KAFFIVÉL
INNBYGGÐ KVÖRN
2.5 LÍTRA VATNSTANKUR
1 EÐA 2 BOLLAR Í EINU
HRÖÐ, MEÐAL, HÆG STILLING Á KAFFIBRUGGUN
RAFEINDASTÝRING
ÖFLUG VÉL FYRIR KAFFIUNNENDUR
SPANSUÐU- OG
HALOGENHELLUBORÐ
Í ÚRVALI
EINN FULLKOMNASTI OFNINN Á MARKAÐINUM
MEÐ ICS (INTELLIGENT COOKING SYSTEM)
ALSJÁLFVIRKT MATREIÐSLUKERFI
HRAÐHITUN Á OFNI, BIOGRILL, HALOGENLJÓS Í OFNI
ALSJÁLFVIRK LYKTEYÐANDI LOFTHREINSUN
PYROLYSE HREINSIKERFI MEÐ RAFEINDASKYNJURUM
ÞETTA ER OFNINN FYRIR MATGÆÐINGA
EF
P
VIÐ DYRNAR
Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Símar: 520 7901 & 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

22. – 24. febrúar 2007

# Vetrarhátíð

## í Reykjavík



- Dionysos
- Heimsdagur barna
- Borgarfulltrúar bjóða í kaffi
- Ljós, rokk, breik og götuleikhús
- Skammdegissöngur
- Safnanótt
- Eldorgel
- Ljóðaganga í Elliðaárdal
- Dýrið í mér
- Hlaupanótan í beinni
- La Guardia Flamenca

POURQUOI PAS? FRANSKT VOR Á ÍSLANDI

Reykjavíkurborg

spron

Orkuveita Reykjavíkur

Kynntu þér dagskrána á **www.vetrarhatid.is**

### Fjárhags- og reksrarráðgjöf

Gerum tilboð í fjárhags og rekstrarráðgjöf að kostnaðarlausu. Uppl. í s. 517 7701 & markadsstofan@markadsstofan.is

### 908 2525

Símaspá 661 3839, opið 17-01 virka daga, helgar 13-01.




### Bella.is s. 5 67 07 57. EURO/VISA

Spilaspá. Tarot. Draumaráðningar. Andleg leiðsögn. Bið fyrir þeim sem vilja. Áratuga góð reynsla. Kl. 16 - 24 virka daga og 18 - 24 laugardaga. Bella.is

## Rafvirkjun







## Trésmíði

Húsasmiður getur tekið að sér ýmis verkefni, bæði í tilboðum og tímavinnu. Vinnusími 895 9570.

## HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife! Ráðgjöf og eftirfylgni. Edda Borg www.lifsstill.is. S. 896 4662.

## Líkamsrækt

Jóga í Rósinni Bolholti 4 Öndunaræfingar, jógastöður, slökun og hugleiðsla. Kristín Sjöfn jógakennari, kristinsjofn@simnet.is. Gsm 899 7809, www.rosin.is, www.heilsubankinn.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

## Nudd

Stífar herðar, hnakki, handleggir? Shiatsu Orkupúnktanudd er lausnin. sími 844 0599.

Viltu nudd ? Hafðu samband í síma 869 6914.

## Snyrting

Dekurhús didrix




S:561 8677

## Dýrahald

Sýningarnámskeið fyrir Hrfí skráða hunda, nokkur pláss laus 20,22,27 febrúar kl 21. 897 1992 www.heimsendahundar.tk

## TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting



Sumarbústaðir til leigu (30 mín frá RVK). Heitur pottur og gasgrill. Nánari upplýsingar í síma 898 6107 eða www.nupar.is.

## Byssur

**Aðalfundur Skotveiðifélags Íslands 2007**

**Aðalfundur Skotveiðifélags Íslands 2007 verður haldinn í Norræna Húsinu þriðjudaginn 20. febrúar kl. 18:00. Venjuleg aðalfundarstörf. Stjórn Skotvís**

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

### www.leigulidar.is

Leiguliðar ehf. Eigum lausar íbúðir á nokkrum stöðum, sjá www.leigulidar.is.

98 fm 3ja herbergja íbúð til leigu í Flétturima 36. Er laus 1.mars og í að lágmarki 12 mánuði. Verð: 140.000kr á mánuði. Ef þú hefur áhuga sendu þá E-mail á hannes@remax.is

Til leigu 2-3 herb. íbúð á Völlunum í Hfn. Uppl. í s. 892 1125, e. kl. 16.

Til leigu stúdíó íbúð í Fossvogi. Engin fyrirframgreiðsla en trygging áskilin. Uppl. í s. 845 3539.

## Húsnæði óskast

Reglusama konu vantar litla íbúð sem fyrst. Vinsamlega hringið í mig í síma. 699 2139

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu í Mosfellbæ ca. 150 fm iðnaðarrými, efri hæð ásamt íbúð. S. 691 1603.

## Geymsluhúsnæði

Þinn eigin geymslubílskúr. 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is




## Bílskúr

Rúmlega 25fm., bílskúr í Grafarvogi til leigu. Uppl. í s. 567 6691 & 821 6691.

## ATVINNA

## Atvinna í boði

**Veitingahús í Kópavogi**
**Íslenskumælandi starfsfólk óskast í kvöld- og helgarvinnu. Æskilegur aldur 30+. Upplýsingar í síma 897 4433.**

## FUNDIR

### Verkalýðsfélagið Hlíf

# Félagsfundur

Fundur verður haldinn miðvikudaginn 21. febrúar 2007 kl. 20:00 í Skútunni, Hólshrauni 3, Hafnarfirði

**Dagskrá:**

1. **Kjaramál.** Stefán Ólafsson, prófessor flytur erindi um skatta og lífskjör.
2. **Önnur mál.**

Kaffiveitingar
Stjórn Vlf. Hlífar

## STEFNUMÓT VIÐ STJÓRNMÁLAFLOKKA
### KYNBUNDIÐ OFBELDI

**Morgunverðurfundur á Grand hótel, miðvikudaginn 21. febrúar kl. 8.00**
Morgunverðurinn kostar 1.400 kr.

**Örstutt erindi flytja** Guðrún Jónsdóttir Stígamótum, Ása Ólafsdóttir lögfræðingur og Kristín Ástgeirsdóttir forstöðumaður RIKK.

**Pallborðsumræður** með þátttöku fulltrúa stjórnmálaflokkanna.

**Fundarstjóri:** Guðrún Agnarsdóttir læknir.

Kvennaathvarfið, Samtök kvenna af erlendum uppruna
Kvenréttindafélag Íslands, Kvenfélagasamband Íslands
Mannréttindaskrifstofa Íslands, UNIFEM á Íslandi
Neyðarmóttaka vegna nauðgana, Feministafélagið
Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum við HÍ, Stígamót

## FASTEIGNIR

Draumahús 530 1800

### Asparholt - 225 Álftanes



**20.900.000**
96,1 fm. 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í nýlegu fjölbýli með sérinngang af svölum. Vandaðar innréttingar og gólfefni.
**Þórarinn s. 530 1811**

Frum

**Föst lág söluþóknun**

Draumahús ehf. • Hjalti Pálmason hdl. og Sigurður J. Sigurðsson, löggiltir fasteignasalar
Mörkin 4 • 108 Reykjavík sími: 530 1800 • fax: 530 1801
www.draumahus.is • draumahus@draumahus.is

## ATVINNA



**BYGGINGARFYRIRTÆKIÐ EYKT**
**HÖFÐATORG BORGARTÚNSREITUR**

# Óskum eftir að ráða trésmiði og trésmíðanema til starfa.

**Fjölbreytt verkefni framundan:**

Uppsteypa á skrifstofuhúsnæði.
Uppsteypa á bílageymslurampi.
Klæðning og gluggaísetning.
Létt stálgrindarhæð.
Trésmíðavinna innanhúss, m.a. hurðir og léttir veggir.
Mælingar- og tímavinnuverkefni.

Mögulegt að ráða menn á verktöku.

**Upplýsingar gefa verkstjórar:**
Baldvin Björnsson S:8224431
Sigurður Elínbergsson S:8224427

EYKT
ÞEKKINGARFYRIRTÆKI Í BYGGINGARIÐNAÐI

Eykt ehf. / Lynghálsi 4 / 110 Reykjavík
Sími: 595 4400 / Fax: 595 4499
Netfang: eykt@eykt.is / www.eykt.is

**Ertu sjálfstæður snyrtifræðingur?**
Hæ ertu að leita þér að vinnu þar sem að þú getur þénað vel... unnið sjálfstætt og ráðið þér sjálf í frábærri vinnuaðstöðu.... leitaðu þá ekki lengra því hérna gefst þér frábært tækifæri.. að vinna sem sjálfstæður IPL ráðgjafi.... IPL stendur fyrir intense pulse light... með þessari tækni getum við nú eytt óaæskilegum hárum varanlega.. unnið á acne og rósroða... hrukkuvandamálum... örum osfrv... ótrúlega spennandi og árangursrík meðferð í alla staði.....
Hafðu samband ef þú vilt vinna sjálfstætt í síma 892 4284 Hanna Kristín Didriksen.

**Aktu Taktu**
Aktu Taktu Skúlagötu og Aktu Taktu Garðabæ leitar eftir rösku og heiðarlegu starfsfólki í fullt starf og hlutastarf. Vaktavinna í boði. Skemmtilegt starf á skemmtilegum vinnustað.
Atvinnuumsóknir á www.aktutaktu.is.

**Garðlist**
Vantar duglegan einstakling í fullt starf, ýmis garðyrkjustörf og vélavinnu. Vantar einnig einstakling í trjáklippingar, reynsla ekki skilyrði.
Uppl. í s. 860 2971 eða gardlist.is

**Leikskólinn Brekkuborg**
óskar eftir að ráða leikskólakennara/leiðbeinenda í 100% starf í leikskólann Brekkuborg í Grafarvogi.
Upplýsingar gefur leikskólastjóri í s. 567 9380

**Kaffihús, Bakarí**
Bakarameistarinn Mjódd, Smáratorgi, Suðurveri, Glæsibæ óskar eftir afgreiðslufólki. Vinnutími 10-19 og 13-19 og 07-13. Einnig laus helgarstörf. Góð laun í boði.
Uppl. í s. 897 5470 til kl.17.00. Einnig umsókareyðublöð http://www.bakarameistarinn.is

**Geysir Bistro Bar**
Óskar eftir vaktstjóra í sal. Unnið er á vöktum.
Upplýsingar í síma 517 4300 eða 663 7283, Særún.

**Þjónustustarf.**
Fullt starf / Fastar vaktir. Þarf að hafa frumkvæði og tala íslensku. Rótgróið fyrirtæki. Lámarksaldur er 20 ár. Umsóknir á staðnum og á www. kringlukrain.is
Upplýsingar um starfið veitir Sophus s. 893 2323.

**Starfsmaður í eldhús.**
óskum eftir starfsfólki í eldhús í kvöld og helgarvinnu.
Upplýsingar í síma 864 6112.

**Job in a Kitchen**
People wanted in assistence in a kitchen. Nights and weekends.
Info. 864 6112.

**Keiluhöllin Öskjuhlíð**
Óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu á kvöldin og um helgar.
www.keiluhollin.is
Upplýsingar í síma 617 8602

Europris, störf í boði. S. 533 3366. Europris.

Björnsbakarí óskar eftir starfskrafti til afgreiðslustarfa. Vinnutími er frá kl 13-18.30. Helga gefur frekari upplýsingar í síma 699 5423.

**Barinn**
Fólk í eldhús óskast á hressasta barinn í bænum. S. 690 9996.

**Vanur maður!**
Óskum eftir réttingamanni, bílasmið, næg vinna framundan. Bílasprautun SMS ehf s. 567 1101.

## Atvinna óskast

INTJOB STARFSMANNALEIGA ÚTVEGAR FYRIRTÆKJUM ERLENDA IÐNVERKAMENN OG VERKAFÓLK

Útvegum m.a.:
- Smiði
- Múrara
- Pípara
- Rafvirkja
- Vélvirkja
- Meiraprófsbílstjóra
- Tækjastjórnenda
- Verkamenn
- Hjúkrunarfólk
- Önnur störf samkvæmt óskum atvinnurekanda

INTJOB hefur verið starfrækt í þrjú ár með góðum árangri
Hafðu samband í síma 517 4530

INTJOB STARFSMANNALEIGA
Hagasmára 1, 201 Kópavogur, www.intjob.is

Starfsfólk frá Lettlandi! smidir, verkamenn, vidgerdarmenn, bilstjorar etc. Uppl. í s. 845 7158.

## Tilkynningar



22.02.2007 www.johanng.is Vertu velkomin(n)!

## Ýmislegt

**Engar skuldir - Hærri tekjur**
Skoðaðu www.Kennsla.com ef þú vilt losna við skuldir og fá miklu hærri tekjur.

**Demantsdiskar og sagarblöð frá DIMO**
DIMO DIAMOND PRODUCTS



FRÁBÆR VERÐ
MÚRBÚÐIN
*Byggingavöruverslunin í Árbænum*
Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470

**Gefðu dýrmætasta efni í heimi**
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

## FASTEIGNIR

RE/MAX

# EIGNIR ÓSKAST!

**ERUM MEÐ ÁKVEÐNA KAUPENDUR AÐ EFTIRTÖLDUM EIGNUM:**

- 3 herbergja í hverfi 105-108-110
- 4 herb. í hverfi 108, 109 og 110.
- Rað- eða parhús í Lindunum/Salarhverfi í Kóp. m/ bílskúr verð ca. 45 milljónir.

**LÖGMAÐUR OG LÖGGILTUR FASTEIGNASALI MEÐ ÞÉR ALLA LEIÐ!**

RE/MAX MJÓDD
Félag Fasteignasala

**Heimir Bergmann**
Sölufulltrúi
Beinn sími 520-9568
**GSM: 822-3600**
E-mail: heimir@remax.is

**Jónas Örn Jónasson**
Lögmaður
Löggiltur fasteignasali
**GSM: 698 3600**
E-mail: jonas@remax.is



Þönglabakka 1 • 109 Reykjavík • Sími: 520 9568 • Fax: 520 9551

## KÓPAVOGSBÆR

# Verðkönnun sálfræðiþjónustu

- **Fræðsluskrifstofa Kópavogs auglýsir eftir verðhugmyndum í sálfræðiþjónustu fyrir grunnskóla Kópavogs.** Kópavogur rekur 10 grunnskóla með um 4000 nemendur. Sálfræðitímum er úthlutað á grunnskólana eftir nemendafjölda og getur því verið breytilegur ár frá ári. Um er að ræða greiningar og ráðgjöf samkvæmt reglugerð um sérfræðiþjónustu nr. 386 frá 26. júní 1996. Gerðir eru samningar til 3ja ára í senn.
Frestur til að skila inn verðhugmyndum er til 1. mars nk.

Nánari upplýsingar fást í tölvupóstfanginu **arnih@kopavogur.is** eða í afgreiðslu fræðsluskrifstofu s. 570-1600.

**www.kopavogur.is - www.job.is**

**Reykjavíkurborg**
Skipulags- og byggingarsvið

# Tillaga að breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024

**Nýr byggðareitur austan Grafarholts, við Reynis-vatnsás, á byggðasvæði nr. 13. Breytt afmörkun Græna trefilsins.**

Borgarráð Reykjavíkur auglýsir, skv. 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br., tillögu að breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024. Tillagan gerir ráð fyrir um nýjum byggðareit austan Grafarholts (10 ha) og lítilsháttar tilfærslu á Græna treflinum. Borgaryfirvöld Reykjavíkur bæta það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Tillagan hefur verið send sveitstjórnum á höfuðborgarsvæðinu til kynningar. Tillagan verður send Skipulagsstofnun sem gerir tillögu til umhverfisráðherra um lokaafgreiðslu.

Þeir sem óska nánari upplýsinga um tillöguna geta snúið sér til skrifstofu skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar, Borgartúni 3.

Sviðsstjóri skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar

Reykjavík 20. febrúar 2007

BORGARTÚN 3 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 3000 - MYNDSENDIR 411 3090

## ATVINNA

# Þjónustuverkstæði og móttaka

BERNHARD

Bifreiðaumboðið Bernhard ehf. óskar eftir að ráða kraftmikla einstaklinga til starfa á þjónustuverkstæði og í móttöku verkstæðisins.

**ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI**

**Starfssvið:**
- Almennar viðgerðir og þjónusta á Honda og Peugeot bifreiðum og mótorhjólum

**Hæfniskröfur:**
- Menntun í bifvélavirkjun eða vélvirkjun æskileg
- Reynsla af sambærilegum störfum æskileg
- Mikill bílaáhugi

**MÓTTAKA ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐIS**

**Starfssvið:**
- Móttaka viðskiptavina
- Skráning tímapantana
- Reikningagerð
- Almenn afgreiðsla

**Hæfniskröfur:**
- Góð þekking á bifreiðum
- Reynsla af sambærilegum störfum æskileg
- Góðir samskiptahæfileikar
- Jákvætt og glaðlegt viðmót

Bernhard ehf. er reyklaus vinnustaður

Umsóknarfrestur er til og með 27. febrúar nk.

Áhugasömum er bent á að leggja inn umsókn á heimasíðu Ráðningarþjónustunnar www.radning.is og sækja þar sérstaklega um starfið.

Umsjón með störfunum hefur Inga Steinunn Arnardóttir, inga@radning.is

RÁÐNINGAR ÞJÓNUSTAN

Krókháls 5a • 110 Reykjavík • Sími: 588 7700 • Fax: 588 8700 • www.radning.is • radning@radning.is

# SJÓNARHORN



EKKI ER VITAÐ UM AFDRIF MANNSINNS, EN SKÓRINN FANNST VIÐ REYKJANESBRAUT. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

GOTT FÓLK McCANN



Í BÍTIÐ Á BYLGJUNNI
6.55-9.00 ALLA VIRKA MORGNA

HEIMIR OG SIRRÝ TAKA Á MÓTI ÞÉR Í BETRI STOFU BYLGJUNNAR
FULLUR ÞÁTTUR AF ÖLLU SEM ÞÚ ÞARFT FYRIR DAGINN

Dægurmál, fréttir, veður, íþróttir og allt þar á milli

BYLGJAN 989

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 7.351 **+0,56%** **Fjöldi viðskipta:** 538 **Velta:** 6.771 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Össur** | +4,26% | **Teymi** | - 1,42% |
| **Grandi** | +3,91% | **Icelandic Group** | -1,37% |
| **Glitnir** | +3,03% | **365** | -0,77% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 3,87 -0,77% ... Actavis 69,50 +0,43% ... Alfesca 4,77 -0,63% ... Atlantic Petroleum 625,00 +0,81% ... Atorka 7,02 +1,15% ... Bakkavör 66,30 +0,61% ... Eimskipafélagið 33,90 +0,59% ... FL Group 32,60 +2,19% ... Glitnir 27,20 +3,03% ... Kaupþing 982,00 -0,61% ... Landsbankinn 31,30 -0,32% ... Marel 76,00 +2,01% ... Mosaic Fashions 14,30 +0,70% ... Straumur-Burðarás 20,50 +1,99% ... Össur 122,50 +4,26%

**viðskipti**
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Alfesca kaupir Adrimex SAS

Alfesca hefur keypt franska skelfiskframleiðandann Adrimex SAS. Félagið rekur tvær verksmiðjur í borginni Nantes en um 120 manns vinna hjá félaginu í fullu starfi. Kaupverðið er 21,2 milljónir evra sem samsvarar um 1,9 milljörðum íslenskra króna.

Meðal helstu afurða Adrimex eru heitsjávarrækjur tilbúnar til neyslu, grillrækjur á teini og í grillbökkum, rækjuhringir og frystar rækjur. Árssala á síðasta reikningsári nam 56,4 milljónum evra sem var fjórtán prósenta aukning frá árinu á undan. EBITDA félagsins á tímabilinu var 3,35 milljónir evra sem nemur tæpum 300 milljónum íslenskra króna.

Í fréttatilkynningu vegna kaupanna er haft eftir Xavier Govare, forstjóra Alfesca, að Adrimex efli eina af meginstoðum samstæðunnar á lykilmarkaði, renni styrkari stoðum undir fjárhag samstæðunnar og auki fjölbreytni framleiðslunnar. „Staða Adrimex á markaði fyrir skelfiskafurðir er mjög sterk og félagið fellur mjög vel að núverandi rekstri Alfesca. Hvort tveggja gerir okkur kleift að styrkja rekstur Adrimex á afar áhugaverðum og ört vaxandi markaði.“

Alfesca hyggst reka Adrimex sem sjálfstætt félag. Gert er ráð fyrir að töluverð samlegðaráhrif verði vegna kaupanna, ekki síst hvað varðar hráefniskaup, vöruþróun, vörumerkjastefnu og þekkingu á markaðnum auk samlegðar á sviði stjórnunar. **- hhs**



**ALFESCA KAUPIR Í FRAKKLANDI** Alfesca hefur keypt franska skelfiskframleiðandann Adrimex SAS fyrir sem nemur 1,9 milljörðum króna.

# Síminn leiddi ólöglegt samráð

**Síminn, Landsvirkjun og Fjarski hafa fallist á að hafa haft með sér ólögmætt samráð í tengslum við kaup Símans á eignarhlut í Fjarska, og við kaup Símans á sex ljósleiðarastrengjum á milli Hrauneyjarfossstöðvar og Akureyrar.**

**Fyrirtækin borga fyrir vikið 80 milljónir króna í stjórnvaldssekt.**

**Síminn, Landsvirkjun, Fjarski og Samkeppniseftirlitið gerðu með sér sátt í kjölfar rannsóknareftirlitsins. Í henni felst að aðilar málsins viðurkenna að hafa farið gegn 10. gr. samkeppnislaga og fallast á að ógilda þá samninga sem voru grundvöllur brota.**

**„Þá fellst Síminn á að greiða 55 milljónir í stjórnvaldssekt og Landsvirkjun 25 milljónir. Litið var til þess að Síminn var leiðandi aðili í samráðinu sem skýrir mismun á sektarfjárhæð,“ segir Samkeppniseftirlitið.** **- óká**



**A380 RISAÞOTA** Airbus mun greina frá hagræðingaráætlun sinni á næstu dögum.

# Airbus frestar hagræðingu

Evrópsku flugvélasmiðirnir hjá Airbus hafa ákveðið að fresta því að tilkynna um fyrirhuguð hagræðingaráform hjá fyrirtækinu. Ástæðan er sú að ekki hafa náðst sættir við dótturfélög Airbus víðs vegar í Evrópu.

Óttast er að tæplega 60.000 manns hjá Airbus missi vinnuna.

Tafir á framleiðslu A380 risaþotu Airbus hafa valdið því að afhending á þotunum hefur dregist um tvö ár sem aftur hefur leitt til þess að nokkur flugfélög hafa dregið pantanir sínar til baka auk þess sem hrikt hefur í stoðum EADS, móðurfélags Airbus.

Vonast er til að með aðgerðunum verði hægt að spara fimm milljarða evra, jafnvirði 438,25 milljarða íslenskra króna, á næstu þremur árum. **- jab**








*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ingibjörg Þóra Sigurðardóttir**

Furugerði 1, (áður Stangarholti 12) Rvk,

lést á heimili sínu föstudaginn 16. febrúar.
Útförin verður auglýst síðar.

**Fyrir hönd aðstandenda**

**Margrét Sigurðardóttir, Sigurbjörn Sigurðsson og Sigríður Ó. Þ. Sigurðardóttir.**



*Innilegar þakkir sendum við öllum þeim fjölmörgu sem sýndu okkur vináttu, samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar okkar ástkæra föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Svavars G. Jónssonar**

Öxl, Austur-Húnavatnssýslu.

Sérstakar þakkir til starfsfólks lyfjadeildar Fjórðungssjúkrahúss Akureyrar og sjúkradeildar 1 á Heilbrigðisstofnuninni á Blönduósi fyrir góða umönnunn. Einnig sérstakar þakkir til H.U.H. og félaga. Guð blessi ykkur öll.

**Jón Reynir Svavarsson**
**Sigríður Bára Svavarsdóttir**
**Ásdís Svavarsdóttir** **Jörgen Inge Persson**
**Guðmundur Jakob Svavarsson** **Anna Margrét Arnardóttir**
**Dröfn Svavarsdóttir** **Torfi Gunnarsson**
**Svavar Guðjón Eyjólfsson** **Thelma Andrésdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Hjartanlegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð, vinarhug og hlýju við andlát og útför föður okkar, afa og langafa,*

**Finns F. Einarssonar**

frá Gufuá, Ánahlíð 2, Borgarnesi.

**Sólveig Sigríður Finnsdóttir** **Þorsteinn Hlíðdal Vilhjálmsson**
**Guðmundur Finnsson** **Jenný Svana Halldórsdóttir**
**Sesselja Valdís Finnsdóttir** **Kristján Björnsson**
**Gróa Finnsdóttir** **Ólafur Ingi Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jósef Tryggvason**

Þrastarhóli, Arnarneshreppi,

lést á heimili sínu laugardaginn 17. febrúar. Hann verður jarðsunginn frá Möðruvallaklausturskirkju laugardaginn 24. febrúar kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarsjóð Heimahlynningar á Akureyri.

**Vilborg Pedersen**
**Hreinn Pálsson** **Sigríður Kristín Bjarkadóttir**
**Salvör Jósefsdóttir** **Árni Ómar Jósteinsson**
**Ingibjörg Valgerður Jósefsdóttir** **Sigurður Svan Gestsson**
**Óskar Jósefsson** **Ingibjörg Sverrisdóttir**
**Haraldur Jósefsson**
**Sigrún Jósefsdóttir** **Friðbjörn Hilmar Kristjánsson**
**Hildur Jósefsdóttir** **Guðmundur Örn Helgason**
**Níels Pétur Jósefsson** **Anna Jóna Vigfúsdóttir**
**Heiða Björk Jósefsdóttir** **Ingi Rúnar Jónsson**
**Sigríður Hrefna Jósefsdóttir Sørensen** **Ricky Carl Sørensen**
**Ólöf Harpa Jósefsdóttir** **Axel Grettisson**
**afabörn og langafabörn.**


**Það sem hafa ber í huga varðandi andlát og útför**



Sverrir Einarsson Hermann Jónasson Geir Harðarson Bryndís Valbjarnardóttir

**ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS**
Suðurhlíð 35 Fossvogi • www.utforin.is
Vaktsími: **581 3300 & 896 8242 • Sólarhringsvakt**
**Komum heim til aðstandenda ef óskað er**

Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur
Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar


**LEIKSTJÓRINN ROBERT ALTMAN (1925-2006) FÆDDIST Á ÞESSUM DEGI**

*„Með kvikmyndagerð má upplifa mörg lífshlaup."*



**ÞETTA GERÐIST:** 20. FEBRÚAR 1950

## *Dylan Thomas til New York*



Þennan dag árið 1950 kom velska ljóðskáldið Dylan Thomas til New York í fyrsta sinn og hóf þar með sína fyrstu ljóðlestrarferð af fjórum um Bandaríkin. Thomas fæddist í Swansea í Wales árið 1914 og sleit þar barnsskónum. Hann hætti í skóla sextán ára gamall og gerðist blaðamaður. Innan við tvítugt vann hann ljóðasamkeppni í dagblaði og fyrsta ljóðabók hans leit dagsins ljós árið 1934 og önnur tveimur árum síðar. Þegar Thomas var 21 árs flutti hann til London þar sem hann hitti írska snót að nafni Caitlin MacNamara. Þau gengu í hjónaband ári síðar. Samband þeirra var þó alla tíð stormasamt en þau eignuðust þrjú börn.

Thomas naut hins vegar mikillar velgengni sem ljóðskáld, bæði á Bretlandseyjum og ekki síður í Bandaríkjunum. Hann ferðaðist vestur um haf í fyrsta skipti af fjórum árið 1950. Hann var hins vegar mikill drykkjurútur og áfengið varð honum að falli. Árið 1953, er hann var 39 ára að aldri, hné Dylan Thomas örendur niður á krá í New York eftir að hafa drukkið sautján glös af viskíi.

# tímamót

timamot@frettabladid.is

APPLE IMC OG BUBBI: SÉRÚTGÁFA IPOD TIL STYRKTAR SÁÁ

# Dýrmætur stuðningur

Apple IMC og Bubbi Morthens hafa tekið saman höndum um sölu sérstakra Bubba-iPoda, en hluti ágóðans af sölu þeirra mun renna til unglingadeildar SÁÁ. iPodarnir eru áritaðir af listamanninum og þeim fylgir jafnframt rafrænn safndiskur með lögum Bubba. Til að styrkja SÁÁ enn frekar munu nokkrir fjársterkir aðilar kaupa iPodana á yfirverði, að sögn



**BUBBA-IPOD** Bubbi er fyrsti íslenski tónlistarmaðurinn sem fær sérútgáfu iPodsins vinsæla, en hljómsveitin U2 hefur áður notið þess heiðurs ytra.

Steingríms Árnasonar, þróunarstjóra Apple á Íslandi.

„Ástæðan fyrir því að ég geri þetta er að mér rennur blóðið til skyldunnar. SÁÁ bjargaði lífi mínu og ég þekki hundruð manna í sömu sporum," sagði Bubbi, sem þiggur engin laun fyrir framtakið. Málefni SÁÁ eru Bubba afar hjartfólgin, en honum þykir með ólíkindum að samtökin þurfi að berjast í bökkum vegna fjárskorts. „Þetta er eina meðferðarstofnunin á Íslandi sem hefur hundrað prósent fagfólk. Þarna fær ekki bara eldri deildin, heldur líka unga fólkið, fullkomna og faglega hjálp við að ná tökum á lífi sínu. Við missum á hverju ári tugi manna úr áfengis- og eiturlyfjaneyslu, og það er ekki lengra síðan en þrjú ár að ég spilaði í átta jarðarförum þar sem elsti einstaklingurinn var 31 árs. Öll höfðu þau svipt sig lífi," sagði hann.

„Mér fannst þetta afskaplega flott hugmynd hjá Apple-mönnum og mikill heiður fyrir mig líka," sagði Bubbi. „Með þessu móti eigum við möguleika á að vekja athygli á stöðu þessara mála hjá SÁÁ og í hvaða óefni þetta stefnir," bætti hann við.

Ari Matthíasson, framkvæmdastjóri félags- og útbreiðslusviðs SÁÁ, var að vonum ánægður með liðsinnið. „Bubbi hefur alltaf verið okkur mjög velviljaður og spilað fyrir okkur



**RENNUR BLÓÐIÐ TIL SKYLDUNNAR** Bubbi Morthens hefur lagt SÁÁ lið í gegnum árin og var að eigin sögn afar hrifinn af hugmynd Apple-manna. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

þegar við höfum óskað eftir því. Við höfum ekki næga fjármuni til rekstrarins og hann vildi leggja sitt lóð á vogarskálarnar," sagði hann. „Þetta lýsir því kannski hversu vel og fallega Bubbi hugsar alltaf til okkar. Það er svo mikilvægt þegar einstaklingar og fyrirtæki leggja okkur lið með þessum hætti, það er alltaf svo dýrmætt," bætti Ari við.

**sunna@frettabladid.is**



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við fráfall elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Rannveigar Jóhannesdóttur**

Dvalarheimilinu Höfða, Akranesi.

**Sigurjón Hannesson** **Guðlaug Bergþórsdóttir**
**Guðbjörg Fanney Hannesdóttir** **Heiðar Jóhannsson**
**Þjóðbjörn Hannesson** **Kristrún Líndal Gísladóttir**
**Guðríður Hannesdóttir** **Jóhann Þóroddsson**
**Guðbjartur Hannesson** **Sigrún Ásmundsdóttir**
**og ömmubörn.**



*Innilegar þakkir fyrir samúð og vinarhug við andlát og útför systur okkar, frænku, mágkonu og svilkonu,*

**Ölfu Þorbjargar Hjálmarsdóttur**

lyfjafræðings.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á deild V-3 á elli- og hjúkrunarheimilinu Grund fyrir góða umönnun.

**Erla H. Hjálmarsdóttir** **Hjálmar V. Hjálmarsson**
**Sigríður Gísladóttir**
**Áslaug Ásmundsdóttir**
**Ingveldur Ásmundsdóttir**
**Kristín Jónsdóttir.**



*Elskulegur sambýlismaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Karl Júlíusson**

Garðhúsum, Grindavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja föstudaginn 16. febrúar. Jarðsungið verður í Grindavíkurkirkju laugardaginn 24. febrúar klukkan 14.

**Sigrún Guðmundsdóttir**
**Guðmundur Grétar Karlsson**
**Sigurður Rúnar Karlsson**
**Jón Júlíus Karlsson**
**Páll Tryggvi Karlsson** **Finndís Fjóla Birgisdóttir**
**Ronja Rán Pálsdóttir**
**Ylfa Dröfn Pálsdóttir**



*Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Guðrún Guðjónsdóttir**

frá Fremstuhúsum í Dýrafirði,

verður jarðsungin frá Fossvogskapellu miðvikudaginn 21. febrúar kl. 11.

**Kristján Jóhannsson**
**Kristján Gaukur Kristjánsson** **Maliwan Phumipraman**
**Pathipan Kristjánsson** **Malín Agla Kristjánsdóttir**
**Kristján Örn Kristjánsson** **Drengur Arnar Kristjánsson.**



515 6100 I SYN.IS I VODAFONE
Á MORGUN KL. 19:30
BARCELONA
LIVERPOOL
MEISTARADEILDIN
UEFA
CHAMPIONS
LEAGUE
16 LIÐA
ÚRSLIT
Í KVÖLD KL. 19:30
Lille - Man. Utd. Sýn
Real Madrid - Bayern München Sýn Extra
PSV - Arsenal Sýn Extra 2
Á MORGUN KL. 19:30
Barcelona - Liverpool Sýn
Porto - Chelsea Sýn Extra
Inter - Valencia Sýn Extra 2
Guðni Bergs og Heimir Karls
fjalla um alla leikina kl. 19:00
sýn
besta sætið
GOTT FOLK McCANN

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | VODAFONE

ATHUGIÐ!

SÝNING Á PRISON BREAK FELLUR NIÐUR VEGNA HLÉS SEM REGLULEGA ER GERT Á SÝNINGUM STÆRSTU ÞÁTTA Í BANDARÍKJUNUM. SPÁNNÝR ÞÁTTUR VERÐUR Á SÝNUM STAÐ, ÞRIÐJUDAGINN 27. FEBRÚAR KL. 20:50.

THE APPRENTICE SNÝR AFTUR

Í kvöld kl. 20:50




## STUÐ MILLI STRÍÐA: Æðri tilgangur Eurovision

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** SAMEINAÐIST MEÐ ÞJÓÐ SINNI



Forval Eurovision er hálfgerður vorboði og því ekki skrítið að einhverjir skuli rasa um ráð fram þennan laugardag í febrúar, teyga ódýrt rauðvín, gefa krökkunum bónussnakk og jafnvel grilla í frostinu. Það er vel hægt að taka generalprufu á aðalpartíið í maí.

Framlag þjóðarinnar skal valið og enn og aftur komið tækifæri til að sýna þessum stórþjóðum úti í heimi hvar Björk og Sigur Rós keyptu ölið. Þeir eru að vísu fleiri sem hættir eru að líta á keppnina sem dauðalvarlega dómsmeðferð og reyna þess í stað að taka dæminu létt. Enda agalegt að fjölskyldan fari öll grátandi í háttinn þegar ljóst er að meginlandinu finnst íslenska lagið ljótt og leiðinlegt.

Þrátt fyrir að Eurovision sé í flestum tilvikum ruslakista fyrir lélegar lagasmíðar má þó spotta ágætis laglínur inni á milli. Söngvararnir gefa sig í það minnsta alla í verkefnið og láta sig hafa það að klæðast oft á tíðum „umdeildum“ klæðnaði. Eurovision á mun stærri sess í hjörtum Íslendinga en þeir flestir vilja viðurkenna. Flestir hafa gert upp hug sinn hvaða lag er best og hvaða lag er verst og hvaða lög eru hugsanlega stolin frá Björgvini Halldórs. Það er með hreinum ólíkindum að þetta eina kvöld skuli allir sameinast í að skeggræða lagasmíðar sem í flestum öðrum tilvikum væru álitnar hreinasta hörmung.

Börnin taka virkan þátt í sturluninni sem heltekur heimilið. Heimta afnot af farsímum foreldranna og kjósa lögin sem þau geta sungið með. Þeim er alveg sama þótt textinn sé bjagaður og óskiljanlegur, þótt nokkur orð vanti hér og þar. Bara ef lagið fær þau til að hrista sig og skekja. Daginn eftir vakna þau síðan með laglínuna á vörunum og halda uppi skemmtuninni með eigin útfærslu af sigurlaginu við misjafnar undirtektir. Enginn er laus úr viðjum Eurovisjon fyrr en botninum hefur verið náð í maí. Og þá er spurning hvað og eða hvern við tökum fyrir og skellum skuldinni á ef ófarirnar eru miklar. Það er úr nokkru að velja svo sem ljótir búningar, vond hárgreiðsla eða smekklaus Evrópa.

# myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Kjölturakkar** Eftir Patrick McDonnell




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Tónlist af amerískum ættum

Ingveldur Ýr Jónsdóttir mezzósópransöngkona og píanóleikarinn Kurt Kopecky flytja aríur og sönglög af amerískum uppruna á hádegistónleikum Íslensku óperunnar í dag. Á efnisskrá dagsins, sem ber yfirskriftina „Andagift frá Ameríku“, eru óperuaríur, söngleikjalög og djasstónlist eftir Stephen Sondheim, Kurt Weill, Menotti og fleiri.

Ingveldur Ýr Jónsdóttir stundaði nám við Tónlistarskóla Vínarborgar og Manhattan School of Music í New York. Að lokinni mastersgráðu í söng starfaði hún við óperuhús víða erlendis. Hún hefur margsinnis komið fram með



**SÖNGKONAN INGVELDUR ÝR JÓNSDÓTTIR** Syngur á hádegistónleikum Íslensku óperunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Sinfóníuhljómsveit Íslands og CAPUT-hópnum auk þess að syngja inn á hljómdiska. Meðfram starfi sínu sem óperusöngkona hefur Ingveldur um árabil rekið sitt eigið söngstúdíó og haldið fjölda námskeiða fyrir söngáhugafólk á öllum aldri. Ingveldur Ýr syngur um þessar mundir hlutverk hinnar skeggjuðu Tyrkja-Böbu í uppsetningu Íslensku óperunnar á Flagara í framsókn eftir Stravinsky og hefur hlotið góða dóma fyrir frammistöðu sína.

Tónleikarnir standa yfir í um fjörutíu mínútur og er tilvalið fyrir þá sem starfa eða búa í miðbænum að taka sér örstutt frí frá dagsins önnum og líta inn í Óperuna í hádeginu og hlýða á ljúfa tóna. Veitingar verða boðnar til sölu í anddyri hússins, bæði fyrir og eftir tónleikana. **- khh**

# Laddi er í allra kvikinda líki

Hápunkturinn á frumsýningunni á afmælishófi Þórhalls Sigurðssonar – Laddi 6-tugur – var óneitanlega þegar hann birtist loks í eigin persónu á sviðinu. Þá var kvöldið hálfnað og meistarinn hafði komið fram í allra sinna kvikinda líki og farið á kostum, tekið nokkrar, nei margar, gamlar lummur, við gríðarleg fagnaðarlæti. Nú stóð hann við hnéhátt púlt og sagði nokkrar sögur sem voru meira í ætt við uppistand en leikin atriði. Skyndilega fór hann úr svörtum jakkanum, beygði sig yfir púltið, skellti á sig sólgleraugum og latexkollu og reis upp og var orðinn Bubbi Morthens. Kassinn þaninn, upphandleggirnir stæltari, maðurinn einfaldlega umbreyttist frammi fyrir augum áhorfenda. Yfir brjóstið mitt stóð á hvítum bolnum 60.60.60.

Salurinn á frumsýningunni elskaði sinn mann og rétt er það: Laddi er dæmalaust flinkur skemmtikraftur, skarpur á einkennum í karakterum sem hann hefur skapað, þótt samkenni þeirra komi í ljós þegar þeir mæta í langri runu. Allir hafa mállega kæki og sinn talanda, fas sem er sérstakt og ýkt upp með hári, gleraugum, og réttum fötum. Gamansemin er alltaf meinlaus og beinist gjarna að persónunni sjálfri, þá sjaldan fjarstaddar persónur eru nefndar dylst engum að það er ekki gert af meinfýsni eða spottþörf. Líklega er það einn af mörgum lyklum að velgengni og lýðhylli Ladda. Annar er að hann stígur létt í klámvænginn án þess



**LEIKLIST**

**Laddi 6 tugur**

eftir Gísla Rúnar og Ladda
Leikstjóri: Björn G. Björnsson
Hljómsveitarstjóri: Hjörtur Howser

★★★★

Dauður maður getur hlegið en sýninguna mætti stytta og skerpa aðeins.

að verða nokkru sinni sóðalega grófur. Það er yfir honum bjart sakleysi, eins og allir þekkja. Sýningin í Borgarleikhúsinu er því fjölskylduskemmtun.

Hjálparmenn Ladda eru fjögurra manna band, strákarnir hans þrír, Halli bróðir hans, Steinn Ármann og Eggert Þorleifsson í einu atriði. Af þessum reynir mest á bandið sem er prýðilegt en nokkuð háttstillt miðað við söng. Steinn Ármann stendur sig þokkalega sem straight-maður, sá sem spyr, hann er mátulega hlutlaus og látlaus í fasi. Eggert er stórkostlegur í sínu litla atriði og Halli samur við sig, á kostulegum mörkum þess að vera atvinnumaður og amatör.

Sýningin er í lengra lagi og dettur aðeins niður skömmu fyrir lokaatriði. Hún ber þess nokkuð merki að vera hugsuð sem skemmtun á laugardagskvöldi. Það vantar í hana fágun en líklega er það nokkuð sem Ladda þykir ekki skipta máli: útlit. Hann er að sönnu gríðarlega næmur fyrir sal áhorfenda, haldinn þessari náttúrulegu guðsgjöf trúðsins að geta vakið hlátur með smávægilegri hreyfingu, handarhreyfingu, halla á búk, augntilliti. Það er náðargáfa og lærist víst seint og enginn nema hann hafi sótt miðin lengi og leikið mikið á sviði.

Sýningin teygist semsagt. Klippt atriði úr safni ríkissjónvarpsins voru snubbótt, endurtekningar á myndum komu fyrir og sá partur ekki unninn af miklum metnaði. Það læddist að manni sá grunur að enn teldu menn sig stadda á matsölustaðnum Broadway, á næsta bæ við Múlakaffi, og þá væru ekki alveg sömu kröfur gerðar og þyrfti í þessu húsi þar sem menn eiga að vanda sig í hverju verki. Vísast lítur stjórn hússins svo á að á Ladda-sjói leyfist allt þótt hann standi sig víst með prýði í einum þremur sviðsetningum LR um þessar mundir. Það væri máski ráð að fá hann í svo sem eina sýningu hjá Íslenska dansflokknum til þess að hann geri eitthvað nýtt og áhorfendur heimsæki flokkinn. Svo er bara að bóka Tónlistarhúsið fyrir 65 ára afmælið. Hver tekur annars á móti bókunum fyrir það? **Páll Baldvin Baldvinsson**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FEBRÚAR**

17 18 19 **20** 21 22 23

**Þriðjudagur**

### FYRIRLESTRAR

☐ 12.00 **Hreiðar Eiríksson** lögfræðingur heldur fyrirlestur á **Lögfræðitorgi Háskólans á Akureyri** og fjallar um hvort **hernaðaríhlutanir** séu réttlætanlegar út frá mannúðarástæðum og gerir grein fyrir helstu réttarheimildum sem varða bann við **beitingu vopnavalds** í samskiptum ríkja. Fyrirlesturinn fer fram í stofu **L201 á Sólborg v/Norðurslóð.**

### SÝNINGAR

☐ 10.00 Sýning á bókverkum **Sigurborgar Stefánsdóttur** stendur yfir í **Þjóðarbókhlöðunni**. Á sýningunni **Spari bækur** eru myndverk í formi bóka

☐ 11.00 í **Hafnarborg** standa yfir sýningar á verkum **Hrafnhildar Ingu Sigurðardóttur** og **Drafnar Friðfinnsdóttur**. Sýningarnar verða opnar til 4. mars.

☐ 12.00 í **Listasafni Akureyrar** standa yfir tvær sýningar, annars vegar á verkum **Jóns Óskars** en sýning hans ber yfirskriftina Les Yeux de L'ombre Jaune og hinsvegar sýning **Adam Batemans** - Tyrfingar.

### BÆKUR

☐ 20.00 Fyrsta **Skáldaspírukvöld** ársins hjá **Lafleur** útgáfunni fer fram í bókaverslun **Pennans-Eymundssonar**, Austurstræti, á efstu hæð. Þar les **Einar Már Guðmundsson** úr nýjustu ljóðabók sinni **Ég stytti mér leið framhjá dauðanum**.


Flagari í framsókn – The Rake's Progress – IGOR STRAVINSKY

**FLAGARI Í FRAMSÓKN - The Rake's Progress e. STRAVINSKY**
fös. 23. feb. - sun. 25. feb. - fös. 2. mars - SÝNINGAR HEFJAST KL. 20
**AÐEINS ÞESSAR ÞRJÁR SÝNINGAR EFTIR**
**Kynning fyrir sýningu í boði VÍÓ - Kynningin hefst kl. 19.15**

**ANDAGIFT FRÁ AMERÍKU**
**HÁDEGISTÓNLEIKAR - ÞRIÐJUD. 20. FEB. KL. 12.15**
Ingveldur Ýr Jónsdóttir, mezzósópran, og Kurt Kopecky, píanó.
Miðaverð kr. 1.000

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

Landsvirkjun

ÞJÓÐARÓPERA ÍSLENDINGA Í 25 ÁR






**BJARNI HAUKUR (HELLISBÚINN) Í GLÆNÝRRI GAMANSÝNINGU**
SALA Í FULLUM GANGI Á EFTIRFARANDI SÝNINGAR:
23/2 ÖRFÁ SÆTI LAUS, 24/2 UPPSELT,
25/2 ÖRFÁ SÆTI LAUS, 2/3 UPPSELT,
3/3 ÖRFÁ SÆTI LAUS, 4/3 ÖRFÁ SÆTI LAUS,
7/3 LAUS SÆTI.
9/3, 10/3, 15/3, 17/3, 18/3, 22/3, 23/3, 24/3.
Allar sýningar hefjast kl. 20 nema 10/3 kl. 15.
ÓSÓTTAR PANTANIR SELDAR DAGLEGA!!
Miðasalan í Iðnó er opin 11.00 til 16:00 virka daga og tveim tímum fyrir sýningu. Sími miðasölu er 562 9700.
THORSSON PRODUCTIONS
midi.is






Leikhópurinn **Á senunni** og **Hafnarfjarðarleikhúsið** kynna söngleikinn:

**Abbababb!** eftir Dr. Gunna

2. sýning lau. 17. febrúar kl. 14.00
3. sýning lau. 17. febrúar kl. 17.00
4. sýning sun. 4. mars kl. 17.00

HAFNARFJARÐAR LEIKHÚSIÐ

Forsala hefst mánudaginn 5. febrúar



„DAUÐUR, SKÍTUGUR, TÓMUR“
DAGUR VONAR

**ÓFAGRA VERÖLD**
Fim 22/2 kl. 20 Fim 1/3 kl. 20
Fös 9/3 kl. 20 Síðustu sýningar

**VILTU FINNA MILLJÓN?**
Fös 2/3 kl. 20 Lau 10/3 kl. 20
Lau 17/3 kl. 20 Lau 31/3 kl. 20

**SAN FRANCISCO BALLETTINN**
Samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Borgarleikhússins.
Mið 16/5 kl. 20 UPPS.
Fim 17/5 kl. 20 UPPS. Fös 18/5 kl. 20 UPPS.
Lau 19/5 kl. 14 Lau 19/5 kl. 20 UPPS.
Sun 20/5 kl. 14 Sun 20/5 kl. 20 UPPS.

**MEIN KAMPF**
Lau 24/2 kl. 20 AUKAS. Mið 28/2 kl. 20 AUKAS.
Sun 18/3 kl. 20 AUKAS. Síðustu sýningar

**EILÍF HAMINGJA**
Í samstarfi við Hið lifandi leikhús
Sun 25/2 kl. 20 UPPS. Sun 4/3 kl. 20
Sun 11/3 kl. 20 Sun 18/3 kl. 20

**LADDI 6-TUGUR**
Lau 24/2 kl. 20 UPPS. Lau 24/2 kl. 22:30 UPPS.
Lau 3/3 kl. 20 UPPS. Lau 3/3 kl. 22:30 UPPS.
Fim 8/3 kl. 21 UPPS. Fös 16/3 kl. 21 UPPS.
Lau 24/3 kl. 20 UPPS. Lau 24/3 kl. 22:30 UPPS.

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
Fim 22/2 kl. 20 UPPS. Fös 2/3 kl. 20 AUKAS.
Þri 13/3 kl. 20 AUKAS. Síðustu sýningar

**SÖNGLEIKURINN ÁST**
Í samstarfi við Vesturport
Lau 10/3 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT
Sun 11/3 kl. 20 Lau 17/3 kl. 20

**DAGUR VONAR**
Fös 23/2 kl. 20 UPPS. Sun 25/2 kl. 20 UPPS.
Fim 1/3 kl. 20 AUKAS. Lau 3/3 kl. 20 UPPS.
Sun 4/3 kl. 20 UPPS. Fim 8/3 kl. 20 UPPS.
Fös 9/3 kl. 20 Fim 15/3 kl. 20
Fös 16/3 kl. 20 Lau 24/3 kl. 20
Ekki er hleypt inn í salinn eftir að sýning er hafin

**LEIKHÚSSPJALL**
Fim 22/2 kl. 20:15 Ókeypis aðgangur
Á Borgarbókasafni Kringlunni. Fjallað verður um verkið Dagur vonar

**RONJA RÆNINGJADÓTTIR**
Sun 25/2 kl. 14 Sun 4/3 kl. 14
Sun 11/3 kl. 14 Sun 18/3 kl. 14
Sun 25/3 kl. 14 Síðustu sýningar

**KILLER JOE**
Í samstarfi við leikhúsið Skámána
Fim 1/3 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT
Lau 3/3 kl. 20 Fim 8/3 kl. 20

**KARÍUS OG BAKTUS**
Uppselt á allar þessar sýningar!
Sun 25/2 kl. 13,14,15, Sun 4/3 kl. 13,14, 15,
Sun 11/3 kl.13, 14, 15, Sun 18/3 kl. 13, 14, 15,
Sun 25/3 kl. 13, 14, 15, Sun 1/4 kl. 13, 14, 15,
Sun 15/4 kl. 13,14,15
Sun 22/4 kl. 13,14, 15 AUKASÝNINGAR
Sun 29/4 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Gestaleikur frá Leikfélagi Akureyrar

**FEBRÚARSÝNING Íd**
Fös 23/2 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT
Sun 25/2 kl. 20 Sun 4/3 kl. 20
Sun 11/3 kl. 20

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

BORGARLEIKHÚSIÐ



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ






**Stóra sviðið kl. 20:00**

**STÓRFENGLEG!** eftir Peter Quilter.
Aukasýning 23/2 örfá sæti laus. Allra síðasta sýning!

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
**Lau. 24/2 kl. 20:00 örfá sæti laus, sun. 25/2 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun 4/3 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 11/3 kl. 14:00 örfá sæti laus,** sun. 18/3 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 25/3 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 1/4 kl. 14:00 nokkur sæti laus.

**LEG** - söngleikur eftir Hugleik Dagsson. Tónlist hljómsveitin Flís.
Forsýningar fim. 1/3 **örfá sæti laus**, fös. 2/3 **nokkur sæti laus** og lau. 3/3 örfá sæti laus. Miðaverð kr. 1.500,-
Frumsýning fim. 8/3 uppselt, 2. sýn. fös. 9/3 **örfá sæti laus**, 3. sýn. lau. 10/3 **örfá sæti laus,** 4. sýn. mið. 14/3 **örfá sæti laus**, 5. sýn. fim. 15/3 **örfá sæti laus**, 6. sýn. fös. 16/3 **örfá sæti laus,** 7. sýn. lau. 17/3 **nokkur sæti laus,** 8. sýn. lau. 24/3 **nokkur sæti laus**.

**Smíðaverkstæðið kl. 20:00**

**PATREKUR 1,5** eftir Michael Druker.
**Í kvöld þri. 20/2 örfá sæti laus,** mið. 21/2 **örfá sæti laus, lau. 24/2 örfá sæti laus, fim. 1/3 kl. 13:00 uppselt, þri. 6/3 kl. 17:00 uppselt.**
**Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir skólanema gegn framvísun skólaskírteinis.**

**Kúlan**

**PÉTUR OG ÚLFURINN - Brúðusýning Bernds Ogrodniks eftir verki Prokofievs.**
Lau. 24/2 kl. 13:30 **örfá sæti laus**, kl.15:00 **örfá sæti laus** og kl. 17:00 **uppselt**, sun. 25/2 kl. 13:30 **örfá sæti laus** og 15:00 **örfá sæti laus**. lau. 3/3 kl. 13:30 og kl. 15:00, sun. 4/3 kl. 14:30 og kl. 15:00. Takmarkaður sýningafjöldi.

**Þjóðleikhúskjallari kl. 21:00**

**EINU SINNI VAR Hugleikur segir sögur**
Sagnadagskrá leikfélagsins Hugleiks kl. 21:00 þri.20/2.
Miðapantanir á hugleikur@hugleikur.is.

**Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is.**

**Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00. Leikhúskjallarinn opinn fyrir og eftir sýningar föstudaga og laugardaga. Upplýsingar í miðasölusíma.**

fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is

# Britney rakaði sjálf af sér hárið

Poppprinsessan sköllótta Britney Spears rakaði sjálf af sér hárið á hárgreiðslustofu í Los Angeles eftir að hárgreiðslukonan neitaði að verða að ósk hennar. Er hárið nú til sölu á uppboðssíðunni Ebay fyrir tæpar 72 milljónir króna.

„Ég reyndi að telja henni hughvarf. Ég spurði: Ertu viss um að þér líði ekki bara eitthvað illa í dag og verðir á annarri skoðun á morgun? Hvers vegna bíðurðu ekki aðeins með þetta?“ sagði Esther Tognozzi, eigandi hárgreiðslustofunnar í viðtali við CNN. „Þá sagði hún: Nei, ég vil pottþétt raka hárið af núna. Það næsta sem ég sá var að hún greip rakvélina, fór baka til og rakaði hárið af sjálf.“

Eftir þetta ók Britney til húðflúrara þar sem hún fékk sér tvö húðflúr. Fyrst lét hún setja rauðar varir á úlnlið sinn og síðan hvítan og bleikan kross á mjöðmina.

Erlendir fjölmiðlar telja að Britney eigi við mikil vandamál að stríða og þurfi augljóslega á sálfræðiaðstoð að halda. Hún er sögð ramba á barmi taugaáfalls af ótta við að missa forræði sitt yfir sonum sínum tveimur til fyrrverandi eiginmanns síns, Kevin Federline.

Lögfræðingar Federline hafa útmálað Britney sem óhæfa móður sem eigi við drykkjuvandamál að stríða.

Britney skráði sig í meðferð síðastliðinn fimmtudag eftir fjögurra daga fylliríi í New York.



**SKÖLLÓTT** Britney Spears er orðin sköllótt eftir að hún rakaði sjálf af sér hárið á hárgreiðslustofu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Innan við sólarhring síðar sneri hún aftur heim til Kaliforníu og hitti syni sína áður en hún rakaði af sér hárið og lét húðflúra sig. Að því loknu sást til Britney með svarta hárkollu á læknasetri í Beverly Hills þar sem hún ræddi við starfsfólk í afviknu herbergi.



**JUSTIN OG DIAZ** Hittust á hóteli þrátt fyrir að vera hætt saman.

## Hittust á hóteli

Parið fyrrverandi Justin Timberlake og Cameron Diaz hittist í laumi á hóteli fyrir skömmu, þrátt fyrir að hafa nýverið hætt saman eftir þriggja ára samband.

Justin var staddur á hótelinu ásamt leikstjóranum Martin Scorsese og nokkrum öðrum þegar hann steig upp frá borði og ræddi við konu sem stóð baka til. Sjónarvottar segja að þarna hafi Diaz verið mætt og fór hún með Justin út af hótelinu nokkru síðar.

## Cage á toppinn



**GHOST RIDER** Nicolas Cage fer með aðalhlutverkið í Ghost Rider.

Hasarmyndin Ghost Rider með Nicolas Cage í aðalhlutverki fór beint á toppinn á bandaríska aðsóknarlistanum sína fyrstu viku á lista. Þrátt fyrir að myndin hafi fengið misjafna dóma var þetta aðsóknarmesta opnunarmynd ársins í Bandaríkjunum til þessa. Í myndinni leikur Cage mótorhjólakappa sem býr yfir ofurmannlegum hæfileikum. Í öðru sæti lenti ævintýramyndin Bridge to Terabithia og í því þriðja varð Norbit með Eddie Murphy í aðalhlutverki. Í fjórða og fimmta sæti voru rómantísku gamanmyndirnar Music and Lyrics og Daddy´s Little Girls.



Hallgrímur Helgason ræðir við Hjört Howser matargagnrýnanda og Auði Húnfjörð.

# Kodak-augnablik Hallgríms

**Hallgrímur Helgason opnaði myndlistarsýninguna The Kodak Moments í Galleríi Turpentine á föstudag. Margt góðra gesta samgladdist Hallgrími en sýningin samanstendur af svarthvítum grafíkverkum sem unnin voru á árunum 2004-2007. Öll fjalla þau um lífið innan veggja heimilisins; sambönd og sambúðir, foreldra, börn og barning kynja.**



María Nordal, Margrét Schram og Sólveig Theódórsdóttir fögnuði með Hallgrími á föstudag.



Hanna Hlíf, Sara María og Hjálmar Blöndal létu sig ekki vanta í Gallerí Turpentine.



Andri Snær Magnason mætti ásamt dóttur sinni, Elínu Freyju. Hér eru þau á tali við Hans Kristján Árnason.

## Úr meðferð á djammið



**AFTUR Á DJAMMIÐ** Lindsay Lohan var komin á djammið áður en meðferð hennar lauk formlega. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Lindsay Lohan var ekki lengi að skella sér á djammið eftir að hafa verið í meðferð, hún var komin á galeiðuna kvöldið áður en meðferðinni lauk. Lindsay var útskrifuð á föstudag eftir 30 daga dvöl á meðferðarheimilinu en kvöldið áður sást til hennar á næturklúbbnum Teddy's í LA. Lindsay skellti sér aftur á djammið á föstudagskvöldinu. Þá fór hún á skemmtistaðinn Les Deux þar sem meðal annars sást til hennar á spjalli við Justin Timberlake.



**ÁSTLEITINN** Bret Michaels úr hljómsveitinni Poison mun leita að eiginkonu í nýjum raunveruleikaþætti. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

## Leitar að ástinni

Rokkarinn Bret Michaels úr hljómsveitinni Poison verður í aðalhlutverki í eigin raunveruleikaþætti á sjónvarpsstöðinni VH1. Í þætti sínum mun Michaels leita að ástinni og mun þessi snilld kallast Rock of Love with Bret Michaels. Rokkarinn mun koma sér fyrir með fjölda fagurra kvenna á heimili sínu í Los Angeles og munu stúlkurnar þurfa að gangast undir ýmsar prófraunir í keppni sinni um hylli hans.






# Rómantísk helgi

Owen Wilson flaug til Ástralíu á Valentínusardaginn þar sem hann kom Kate Hudson á óvart. Leikararnir kunnu, sem halda því fram að þau séu ekki par, eyddu svo helginni saman á glæsihóteli. Skötuhjúin sáust saman í hjólreiðatúr um helgina auk þess sem þau fóru á forsýningu á nýjustu mynd Kate, Fool's Gold. „Þau leiddust og virtust mjög ánægð þar til þau uppgötvuðu að ljósmyndari var að fylgjast með þeim," sagði heimildarmaður Daily Telegraph í Ástralíu. Hermt er að Wilson hafi hrint ljósmyndara frá þeim þegar þau komu út úr kvikmyndahúsi.



**SYLVESTER STALLONE** Stallone gæti átt kæru yfir höfði sér.

# Lyfjaleit hjá Stallone

Tollverðir í Ástralíu leituðu að ólöglegum lyfjum á hótelherbergi og í einkaþotu leikarans Sylvesters Stallone í gær.

Síðastliðinn föstudag fundust ólögleg lyf í fórum fylgdarliðs Stallones er hann mætti til Ástralíu til að kynna nýjustu mynd sína, Rocky Balboa.

Yfirvöld eiga enn eftir að ákveða hvort Stallone eða einhver úr fyldgarliði hans verður ákærður. Stallone fékk að yfirgefa Ástralíu eftir að kynningarferðinni lauk.




Stílhrein hönnun frá VIOLINO

Nýjung hjá Lystadún Marco







Kynningarverð

á Glæsilegum leðursófum og stólum.

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10–18 og laugardaga: 11–16

Reykjavík: Mörkin 4, sími: 533 3500 Akureyri: Hofsbót 4, sími: 462 3504 Egilsstaðir: Miðvangur 1, sími: 471 2954






www.icelandexpress.is/afangastadir

Brandenborgarhliðið, Bach, Champs-Elysées, vindsængur, kengúrur, götóttur ostur, reiðhjólabrautir, kjötbollur og kóngafólk, Piña Colada...

» Evrópa býður upp á margt skrítið og skemmtilegt og Iceland Express færir þig í fjörið. Næsta sumar verða áfangastaðirnir orðnir 13 og því um að gera að skipuleggja draumafríið til Evrópu sem fyrst.

Þú bókar og finnur nánari upplýsingar um áfangastaðina á **www.icelandexpress.is**

» VERÐ FRÁ: 7.995 kr. Aðra leið með sköttum.

» BÖRN: 50% Börn, 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum, fá helmingsafslátt af verði fyrir skatta og gjöld.

Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, sími 5 500 600 » www.icelandexpress.is

Iceland Express








# Ray Liotta ákærður

Leikarinn Ray Liotta hefur verið ákærður fyrir að hafa ekið undir áhrifum áfengis eftir að hann klessti bíl sínum á tvo kyrrstæða bíla í Los Angeles.



**RAY LIOTTA** Leikarinn Ray Liotta hefur verið ákærður fyrir að aka undir áhrifum.

Liotta, sem er 52 ára, borgaði lausnargjald sitt en þarf að mæta fyrir rétti í næsta mánuði. Liotta hefur leikið í myndum á borð við Goodfellas og Field of Dreams auk þess sem hann fékk Emmy-verðlaunin fyrir gestahlutverk í sjónvarpsþættinum ER. Nýjasta mynd hans nefnist Smokin´ Aces þar sem hann leikur á móti Ben Affleck, Andy Garcia og Aliciu Keys.

# Vopnaðir útlifaðir unglingar

Forréttindapakk í Los Angeles, vopnað marghleypum og grasi og of stóru egói, kemur sér í klandur í myndinni Alpha Dog. Leikstjórinn Nick Cassavetes byggir mynd sína á sannsögulegum atburðum og ævi smákrimmans Jesse James sem var á sínum tíma yngsti gangsterinn á óskalista FBI.

Í myndinni heitir hann Johnny Truelove (Emile Hirsch) en deilur hans við snaróðan dópista og sérlegan kúnna, Jake Mazursky (Ben Foster) verða til þess að Truelove rænir yngri Mazursky-bróðurnum Zack (Anton Yelchin). Þetta „sakleysislega“ mannrán fer heldur betur úr böndunum og partíið endar illa. Myndin hefur nokkuð augljósan boðskap í andófi sínu gegn trylltri unglingamenningu Bandaríkjanna, það borgar sig ekki að byrja að selja dóp og ógna öðrum með skammbyssum og það kemur að því að pabbinn getur ekki bjargað þér.

Alpha Dog er vel leikin mynd en full af klisjum. Meginhluti myndarinnar er eitt stórt unglingapartí þar sem yngri Mazursky-bróðirinn fær gelgjulega eldskírn í fylgd hins umhyggjusama Frankie (Justin Timberlake). Val leikstjórans að gera sem mest úr þeirra vináttusambandi er skiljanlegt, þeir eru einu persónurnar sem maður hefur einhverja samúð með. Hinir dúddarnir eru yfirborðskenndir og heimskulegir og virðast sem halda að þeir séu harðir naglar. Stórstjörnurnar sem eiga að lyfta þessari mynd upp virðingarlistann, Bruce Willis og Sharon Stone, gera lítið fyrir mig enda eru þau í afbökuðum hlutverkum. Willis er sýndur sem bólugrafinn ósannfærandi Guðföðurtýpa og Stone er svo sett í fitubúning sem eyðileggur síðan alla hennar frammistöðu.

Yfirbragð myndarinnar er nokkuð vel úthugsað og mörg skotin í skemmtilega unnin. Þetta er sveitt og rykug mynd af sjúskuðu glanslífi með hressilegri músík í bakgrunni. Hasarinn er bundinn við angistarfullt tilfinningalíf persónanna en fegin er ég að leikstjórinn missti sig ekki í bílaeltingaleiki eða einvígi. Samtölin eru þó leiðingjörn til lengdar – annað hvert orð er ýmist „fuck“ eða „shit“ sem þýðist illa, reyndar er alltaf eitthvað svo kauðst að lesa þýðingar á slíkum blótsyrðum enda eru þau sjaldnast jafn svaðaleg og á frummálinu. Cassavetes nær í það minnsta að mjólka þessar aðstæður vel, hann spilar bæði á húmorinn, sakleysið, hormónana og tengslaleysið sem þessir útúrdópuðu ungmenni þjást af svo úr verður nokkuð eftirminnileg svipmynd af annarlegri menningu sem fæsta langar að kynna sér betur.

Í lok myndarinnar eru örlög þessa ógæfufólks afhjúpuð á hefðbundinn hátt með skýringartexta – sem reyndar er gjörsamlega ólæsilegur vegna þess að íslenska textanum er varpað beint ofan á hann.

Kristrún Heiða Hauksdóttir



**KVIKMYNDIR**

**Alpha Dog**

Leikstjóri: Nick Cassavetes

Aðalhlutverk: Emile Hirsch, Ben Foster, Anton Yelchin, Justin Timberlake.

★★★

Vel leikin, forvitnileg en klisjukennd mynd.



**SUFJAN STEVENS** Sufjan ætlar hugsanlega að gefa út plötu um Kaliforníu á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Plata um Kaliforníu

Vangaveltur eru uppi um að næsta plata bandaríska tónlistarmannsins Sufjan Stevens muni fjalla um Kaliforníu. Sufjan hefur lýst því yfir að hann ætli að semja plötu um öll fimmtíu ríki Bandaríkjanna. Þegar hefur hann gefið út plöturnar Michigan, sem kom út 2003, og Illinois sem kom út tveimur árum síðar.

Hingað til hefur verið orðrómur uppi um að næsta plata Sufjan verði annaðhvort um Oregon, Rhode Island eða Minnesota, en svo virðist sem hann hafi ekki verið á rökum reistur.

Sufjan, sem hélt tónleika hér á landi í fyrra, spilar næst á plötu til heiðurs Joni Mitchell sem kemur út í vor. Björk Guðmundsdóttir syngur einnig á plötunni.









# Dvergvaxinn töffari

Lady Sovereign heitir réttu nafni Louise Harman og ólst upp í alræmdu fátækrahverfi í Norður-London. Hún vakti fyrst athygli þegar hún setti efni með sér inn á aðdáendasíðu bresku rappsveitarinnar So Solid Crew. Hún var þá 14 ára. Hún átti lag á Grime-safnplötunni Run The Road sem kom út árið 2005, en Grime-tónlistin er sambland af garage-danstónlist og rappi og hefur verið áberandi í London síðustu ár.

Lady Sovereign hitti Jay-Z í samkvæmi árið 2005. Hann bað hana að spinna upp rímur á staðnum sem hún gerði með stæl og í framhaldinu bauð hann henni samning við Def Jam-útgáfuna. Public Warning er hennar fyrsta plata í fullri lengd. Hún er sambland af gömlu smáskífulögunum hennar og nýju efni. Hún kom út í Bandaríkjunum í fyrra, en er nýkomin út í Evrópu.

Lady Sovereign er bæði töffari og húmoristi. Hún hefur gott flæði og mjög áberandi enskan framburð og textarnir hennar eru fullir af skemmtilegum hversdagsævintýrum. Hún hefur húmor fyrir sjálfri sér og talar mikið um það hvað hún sé smávaxin. Í laginu Love Me Or Hate Me segist hún vera „Officially the biggest midget in the game“ og fyrsta EP-platan hennar hét „Vertically Challenged“. Það er margt flott í tónlistinni, taktarnir eru bæði ferskir, einfaldir og fönkí. Það eru nokkur frábær lög hér, – þar á meðal 9 to 5, Random, Public Warning, Love Me or Hate Me og Hoodie. Lögin eru samt misjöfn að gæðum og það dregur heildina niður.

Trausti Júlíusson




**TÓNLIST**

**Public Warning**

Lady Sovereign

★★★

Frumsmíð dvergvöxnu ensku rappstelpunnar sem Jay-Z féll fyrir er fersk og skemmtileg þó að lögin séu misjöfn að gæðum.




Háskólabíó

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| LETTERS FROM IWO JIMA | kl. 6 - 9 | B.i.16 | BLOOD DIAMOND | kl. 6 - 9 | B.i.16 |
| PERFUME | kl. 6 - 9 | B.i.12 | BABEL | kl. 9:30 | B.i.16 |
| DREAMGIRLS | kl. 6 - 9 | B.i.7 | FORELDRAR | kl. 7:50 | |
| | | | STRANGER THAN ... | kl. 5:50 | Leyfð |

SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| HANNIBAL RISING | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | B.i.16 | BLOOD DIAMOND | kl. 5 - 8 - 10:40 | B.i.16 |
| HANNIBAL RISING VIP | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | | BABEL | kl. 8 | B.i.16 |
| ALPHA DOG | kl. 8 - 10:30 | B.i.16 | FORELDRAR | kl. 6 | Leyfð |
| PERFUME | kl. 5 - 8 - 10:40 | B.i.12 | VEFURINN HEN... M/- Ísl tal | kl. 3:40 - 5:50 | Leyfð |
| MAN OF THE YEAR | kl. 10:30 | B.i.7 | FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal. | kl. 3:40 | Leyfð |

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| GHOST RIDER | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | B.i.12 | |
| HANNIBAL RISING | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | B.i.16 | |
| ALPHA DOG | kl. 8 - 10:30 | B.i.16 | |
| CHARLOTTE´S WEB Enskt tal | kl. 5:50 | Leyfð | DIGITAL |

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| ALPHA DOG | kl. 8 | B.i. 16 |
| ROCKY BALBOA | kl. 8 - 10:20 | B.i. 12 |
| BLOOD DIAMOND | kl. 10:20 | B.i. 16 |

SAMBÍÓIN / AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| HANNIBAL RISING | kl 8 - 10 | B.i.16 |
| PERFUME | kl 10 | B.i.16 |
| MAN OF THE YEAR | kl 6 - 8 | B.i.7 |
| VEFURINN HEN... M/- Ísl tal | kl. 6 | Leyfð |

www.SAMbio.is 575 8900 www.SAMbio.is


# Helgi trúbador snýr aftur

**Helgi, persónulegi trúbadorinn, er í aðalhlutverki í nýjum auglýsingum fyrir Lengjuna sem verða frumsýndar í sjónvarpinu í kvöld.**



**PERSÓNULEGI TRÚBADORINN** Helgi, persónulegi trúbadorinn, fer á kostum í nýjum auglýsingum.

Í auglýsingunum, sem eru um fimmtán talsins, syngur Helgi á sinn angurværa og hreinskilna hátt um þekkt nöfn úr knattspyrnuheiminum á borð við Rio Ferdinand og Eggert Magnússon.

Sigurjón Kjartansson gerði Helga ódauðlegan í gamanþáttunum Fóstbræðrum og eiga vafalaust margir eftir að taka honum fagnandi þegar hann mætir aftur á skjáinn. „Þetta er verkefni sem var leitað með til mín og er að mínu mati afskaplega vel heppnað,“ segir Sigurjón, sem hefur m.a. farið á kostum í auglýsingum fyrir Homeblest og Tal.

Sigurjón segist fylgjast vel með fótbolta í gegnum syni sína sem séu mjög áhugasamir. „Ég fór til dæmis á leik Barcelona og Real Madrid í fyrra, áður en Eiður kom. Það var helvíti skemmtilegt og ég hef miklu meiri mætur á spænska boltanum en þeim enska,“ segir hann. „Spænski boltinn er svo miklu flottari bolti og miklu meira töff heldur en hjá þessum húlígönum í Bretlandi sem gera ekki annað en að drekka bjór og baula. Þarna á Spáni fara fjölskyldur saman á völlinn, ekki þessir gúbbar, þar sem gamlir og ungir sameinast í stuði.“

freyr@frettabladid.is








**GEIR OG GULA LIMMAN** Glæsibifreiðin hefur verið seld fyrir tuttugu og fimm milljónir.

# Geiri selur gulu glæsibifreiðina

„Hún var í hálfan mánuð á sölu, svo kom tilboð upp á tuttugu og fimm milljónir og ég ákvað að selja hana,“ segir Ásgeir Davíðsson, betur þekktur sem Geiri á Goldfinger.

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu fyrir nokkru var gula Hummer-glæsibifreiðin sett á sölu og vakti það mikla athygli enda hefur bíllinn notið fádæma vinsælda. Hann komst í fréttirnar þegar fermingarbörn vildu leigja hann til að skutla sér í veislurnar en góðborgurum landsins fannst það hins vegar ekki hæfa slíkum sómadegi. Framhaldsskólanemar hafa hins vegar gjarnan nýtt sér þessa þjónustu til að fá skutl á skólaböll og má reikna með að þarna hafi nýir eigendur komist í feitt.

Ásgeir var staddur í einkaerindum í Prag og undi glaður við sitt. Var með tveimur vinum sínum að skoða glerverksmiðju og njóta lífsins. „Sá sem keypti bílinn er hins vegar búinn að selja hann aftur. Og sá kaupandi getur hrósað happi yfir því enda fæst ekki aftur leyfi fyrir svona glæsibifreið og gula limman verður því sú eina sinnar tegundar á landinu,“ segir Geiri. „Ég sjálfur bara rétt náði að koma honum inn í landið,“ bætir hann við og hlær.

- fgg




## > Sinisa Valdimar Kekic í Víking

Þróttarar hafa tekið tilboði Víkinga í Sinisa Valdimar Kekic og hefur framherjinn skrifað undir eins árs samning við Víking. Kekic stoppaði stutt við hjá Þrótti en hann var keyptur til liðsins síðasta sumar fyrir háa fjárhæð að því talið var og líklegt að Þróttur hafi hreinlega ekki haft efni á að halda svo dýrum leikmanni í 1. deildinni. Því hafi verið erfitt að segja nei við tilboði Víkinga. Það verður spennandi að fylgjast með Kekic í Víkinni næsta sumar en hann kann enn að spila fótbolta þó svo hann nálgist fertugsaldurinn óðfluga.




sport

sport@frettabladid.is

HLYNUR SIGMARSSON HANDBOLTAFORKÓLFUR: FYRSTUR TIL AÐ FÁ 100 ÞÚSUND KRÓNA SEKT VEGNA HEGÐUNAR

# *Verður maður ekki að styrkja HSÍ?*



Það gustar í kringum Hlyn Sigmarsson, formann handknattleiksdeildar ÍBV, þessa dagana eins og svo oft áður. Handknattleiksdeild ÍBV fékk fyrir síðustu helgi 100 þúsund króna sekt vegna hegðunar Hlyns í kvennaleik ÍBV og Fram í Eyjum. Þetta er hæsta mögulega sekt sem gefin er í handboltanum en upphæðin var hækkuð fyrir tímabilið. Hlynur er því þess vafasama heiðurs aðnjótandi að vera fyrsti einstaklingurinn sem fær 100 þúsund króna sekt frá aganefnd HSÍ.

Til að bæta gráu ofan á svart þá var Hlynur að afplána tveggja leikja bann í leik ÍBV og Fram og það var hegðun hans á áhorfendapöllunum sem orsakaði sektina en að sögn sjónarvotta stóð Hlynur við endalínu vallarins og jós úr skálum reiði sinnar við dómara leiksins en þess má geta að ÍBV tapaði honum.

„Verður maður ekki að styrkja HSÍ? Þeir nota kannski peningana til þess að þjálfa og fræða dómarana,“ sagði Hlynur léttur í lund við Fréttablaðið í gær en þetta er önnur sektin sem hann fær í vetur en hin hljóðaði upp á 30 þúsund krónur.

„Maður fær aldrei að verja sig. Maður er bara dæmdur. Ég skil ekki af hverju ég er að fá þessar sektir og bönn núna. Ég hef alltaf hagað mér svona,“ sagði Hlynur sem þvertekur fyrir að vera grófari í hegðun sinni í ár þar sem gengi ÍBV sé ekki eins gott og oft áður.

„Ég spyr hvort ég njóti ekki sömu réttinda og aðrir í hreyfingunni. Ég hef séð ýmislegt gerast bara í vetur sem dró engan dilk á eftir sér,“ sagði Hlynur hundfúll en hann segist spyrja sig að því hvort hann sé lagður í einelti af dómurum.

„Fróðir menn segja að það séu fleiri en ég sem láta í sér heyra á leikjum en ég hef ekki heyrt af afskiptum í þeirra garð,“ sagði Hlynur en mega handboltaunnendur búast við fleiri sektum og bönnum þar sem spennan nær fljótlega hámarki í boltanum? „Nei, ég fer bara að láta HSÍ sjá um þetta. Svo fer þetta dæmi að hætta hér. Við tökum ekki þátt í þessari vitleysu. Umhverfið sem okkur er skapað er hreinlega ekki boðlegt og menn virðast vilja breyta þessu móti í Reykjavíkurmót.“



**ALDA LEIF** Sneri aftur á völlinn í gær.

Kvennakarfan í gærkvöldi:

## ÍS-sigur í endurkomu Öldu

**KÖRFUBOLTI** ÍS vann 12 stiga sigur á Hamri, 71-59, í Iceland Express-deild kvenna í gær. Casey Rost skoraði 15 stig fyrir ÍS áður en hún fór útaf meidd, Svandís Sigurðardóttir skoraði 10 stig og Lovísa Guðmundsdóttir var með 9 stig og 7 stoðsendingar. Hjá Hamri var Anne Flesland með 19 stig þar af 13 þeirra af vítalínunni og Latreece Bagley skoraði 17 stig og tók 12 fráköst. Alda Leif Jónsdóttir lék sinn fyrsta leik eftir barnsburð og skoraði 8 stig á 6 mínútum. - óój

# Tók þrjá mánuði að fá leik í efstu deild

**Staðan í dómaramálum í handboltanum á Íslandi er mjög alvarleg að margra mati. Það tók handknattleiksdómarann Gunnar Jarl Jónsson aðeins þrjá mánuði að fá leik í DHL-deild karla. Formaður dómaranefndar HSÍ segir dómara ekki vilja dæma í efstu deildum vegna neikvæðs viðhorfs til dómara.**

**HANDBOLTI** Staðan í dómaramálum á Íslandi er ekki góð og svo slæm er staðan að stefnir í óefni ef ekki verður gripið til einhverra aðgerða. Gott dæmi um stöðuna í dómaramálum á Íslandi er saga Gunnars Jarls Jónssonar. Gunnar leikur með 1. deildarliði Leiknis í knattspyrnunni og dæmir fyrir KSÍ.

Hann lét tilleiðast að mæta á fund hjá handboltadómurum í september síðastliðnum. Þar þreytti hann skriflegt próf sem gerði það að verkum að hann gat byrjað að dæma handboltaleiki. Í kjölfarið byrjaði Gunnar að dæma leiki í yngri flokkum en fór síðan á fullt í dómgæslunni í nóvember.

Hann fékk fljótlega leiki í 1. deild karla og síðan í kjölfarið leiki í DHL-deild kvenna. Um síðustu helgi var Gunnar Jarl síðan bókaður á leik Akureyrar og Stjörnunnar í DHL-deild karla ásamt félaga sínum Herði Aðalsteinssyni en Gunnar gat reyndar ekki dæmt vegna veikinda. Þá var Gunnar búinn að dæma af einhverri alvöru í rétt rúma þrjá mánuði. Það er sá tími sem tekur að verða úrvalsdeildardómari á Íslandi í dag.

„Ástandið í dómaramálunum segir mikið um ástandið í handboltanum hér heima í dag, því miður,“ sagði Gunnar Jarl við Fréttablaðið í gær. „Það fæst greinilega ekki fólk til að dæma í dag og ég ætlaði aldrei að fara að dæma handbolta. Ég komst í gegnum skriflega prófið og svo var þrekprófið ekki heldur erfitt. Ég var í frekar litlu formi þegar ég þreytti það en hefði getað labbað síðasta hringinn en samt náð prófinu. Það var mjög auðvelt að ná þessu prófi.“



**KNATTSPYRNUMAÐUR, KNATTSPYRNUDÓMARI OG HANDKNATTLEIKSDÓMARI** Gunnar Jarl Jónsson lætur svo sannarlega til sín taka í íslensku íþróttalífi. Hann er farinn að dæma í efstu deild í handbolta eftir aðeins þrjá mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Guðmundur Kr. Erlendsson. formaður dómaranefndar HSÍ, segir að þetta sé ekki í fyrsta skipti sem dómari klífur metorðastigann svo hratt og hefur ekki áhyggjur af stöðu dómaramála.

„Þetta dómarapar er mjög gott og þess vegna hefur uppgangur Gunnars verið svona hraður. Það eru mörg fordæmi fyrir þessu og ekkert athugavert við þetta. Við erum annars með fjórtán pör á okkar snærum sem dæma í meistaraflokki og það eru 4-6 pör sem dæma í efstu deild,“ sagði Guðmundur en íslensk dómgæsla missti mikið þegar Stefán Arnaldsson og Gunnar Viðarsson hættu að dæma. „Ég er búinn að vera í eftirliti erlendis og ég verð að segja að okkar pör eru ekkert síðri en mörg erlendu paranna þó við eigum ekki enn eins gott par og Stefán og Gunnar.“

Guðmundur segir dómaranefndina vera reglulega með námskeið sem mættu vera betur mönnuð en þó hefðu 48 einstaklingar útskrifast á síðasta ári. Vandamálið væri samt að dómararnir skiluðu sér ekki í efstu deildirnar af ýmsum ástæðum.

„Ég held að það sé fyrst og fremst umhverfið sem menn vilja ekki vinna við. Það er neikvæðni í garð stéttarinnar, enginn hvati og frekar niðurrif. Það má kenna ýmsum um að staðan er svona. Þessi neikvæðni í garð dómara þekkist ekki erlendis. Við höfum verið að berjast gegn þessu viðhorfi lengi með litlum árangri.

Stundum held ég að fólk komi á völlinn eingöngu til að öskra á dómarann en ekki styðja sitt lið. Svo fá dómarar ekki alltaf frið til að stunda sína vinnu vegna áreitis frá þjálfurum. Áhorf gæti dottið niður af þessum sökum þar sem foreldrar vilja ekki að börnin sín heyri orðaforðann sem kemur úr stúkunni í garð dómara,“ sagði Guðmundur.

henry@frettabladid.is


**Námskeið**

24. – 25. febrúar kl. 8.30 – 16.30
3. – 4. mars kl. 8.30 – 16.30

**Námskeið í íþróttanuddi**

Verð 39.900

Lærðu að undirbúa íþróttamanninn fyrir hámarksárangur og draga úr þreytu, bólgum og vöðvaspennu með íþróttanuddi. Þá lærirðu einnig að nýta þér nuddið til að auka liðleika og fyrirbyggja meiðsli. Minni meiðsli sem verða vegna of mikillar áreynslu má í flestum tilvikum laga á skömmum tíma með nuddi.

Einstakt tveggja helga námskeið fyrir þjálfara, einkaþjálfara og íþróttakennara.

Leiðbeinandi
Guðbrandur Einarsson
kennari við Nuddskóla Íslands

Kynntu þér málið á
www.akademian.is

íþrótta akademían


Þorsteinn Ingvarsson sett nýtt Íslandsmet unglinga á MÍ í fjölþraut:

# Íslandsmeistari í fyrstu þrautinni

**FRJÁLSAR** Þorsteinn Ingvarsson, 18 ára strákur úr HSÞ, varð Íslandsmeistari í sjöþraut um helgina og það í sinni fyrstu fjölþrautarkeppni. Þorsteinn fékk 5295 stig fyrir greinarnar sjö og hafði betur eftir hörku keppni við Fjölnismanninn Svein Elías Elíasson. Í lokin munaði aðeins 30 stigum en báðir fóru þeir yfir 5000 stiga múrinn í fyrsta sinn og settu einnig báðir Íslandsmet. Þorsteinn bætti unglingamet 19 til 20 ára en Sveinn Elías fékk 5265 stig og bætti eigið Íslandsmet í drengjaflokki um 355 stig.

„Það var alltaf stefnan að fara yfir fimm þúsund stigin en ég hafði aldrei keppt í þraut áður þannig að ég vissi ekki alveg hvernig þetta kæmi út hjá mér. Ég vissi samt að ég gæti farið yfir fimm þúsund stigin ef allt gengi upp,“ sagði Þorsteinn.

„Ég held samt að fæstir hafi búist við því að ég myndi taka þetta,“ segir Þorsteinn sem segir að bætingin í stangarstökkinu hafi lagt grunninn að sigrinum. „Það gengu allar greinarnar mjög vel en ég hefði viljað fá fleiri stig úr langstökkinu. Ég bætti mig í stangarstökki og hljóp 1.000 metra hlaup í fyrsta skipti.“ Þorsteinn segir tímann sem keppnin tekur hafa reynt á sálarlífið. „Ég var búinn að heyra að þetta væri mjög erfitt en það erfiðasta sem mér fannst við fjölþrautina var að glíma við spennuna stanslaust í tvo sólarhringa. Það var ekkert mál að stökkva þrjú stökk eða kasta þrisvar,“ segir Þorsteinn.



**ÖFLUGUR** Þorsteinn Ingvarsson úr HSÞ sló í gegn um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Samkvæmt nýjasta afrekslista sem völ er á þá er árangur Þorsteins um helgina sá þriðji besti í heiminum hjá strákum fæddum 1988 eða síðar. Þorsteinn býst ekki við að keppa aftur í þraut fyrr en hann reynir sig í tugþrautinni í sumar.

„Þar eru enn þá fleiri greinar sem ég á eftir að prófa og læra,“ segir Þorsteinn í léttum tón. „Ég ætla að prófa tugþrautina í sumar og hugsanlega stefni ég á hana í framtíðinni,“ segir Þorsteinn að lokum. - óój



**BESTUR Í ANNAÐ SINN** Kobe Bryant var einnig besti maður Stjörnuleiksins 2002. NORDIC PHOTOS/GETTY

Stjörnuleikur NBA:

## Kobe bestur í auðveldum sigri

**KÖRFUBOLTI Kobe Bryant var valinn maður liðsins í Stjörnuleik NBA-deildarinnar sem fram fór í fyrrinótt. Bryant var með 31 stig, 6 stoðsendingar og 6 stolna bolta á þeim 28 mínútum sem hann spilaði í leiknum en hann hitti úr 13 af 24 skotum sínum í leiknum. Lið vesturstrandarinnar vann auðveldan sigur á austurliðinu í leiknum, var skrefinu á undan allan tímann, náði mest 33 stiga forustu og vann að lokum með 153 stigum móti 132. Amare Stoudemire var með 29 stig og 9 fráköst fyrir vesturliðið, Carmelo Anthony skoraði 20 stig og hirti 9 fráköst og Shawn Marion skoraði 18 stig og hirti 8 fráköst. Hjá austurliðinu var LeBron James lang atkvæðamestur með 28 stig en Dwight Howard kom næstur með 20 stig og 12 fráköst. - óój**

Sextán liða úrslit meistaradeildar Evrópu hefjast í kvöld og Arsenal og Man. Utd spila þá bæði á útivelli:

# Stórleikur kvöldsins er á Bernabeu

**FÓTBOLTI** Sextán liða úrslit meistaradeildar Evrópu hefjast í kvöld með fjórum leikjum en seinni fjórir leikirnir eru síðan á morgun.

Stórleikur kvöldsins er á Bernabeu í Madríd. Real Madrid og Bayern München hafa valdið miklum vonbrigðum á þessu tímabili. Bæði liðin eru í 4. sæti sinna deilda og unnu hvorug um helgina, Real gerði markalaust jafntefli við Real Betis og Bayern tapaði sínum öðrum leik síðan Ottmar Hitzfeld tók aftur við liðinu.

AC Milan horfir líkt og fyrrnefnd stórveldi til meistaradeildarinnar því ítalski meistaratitillinn er ekki raunhæft markmið lengur. „Það skiptir engu máli hvort maður endar í 3. eða 4. sæti í ítölsku deildinni. Aðalmarkmið okkar er að vinna meistaradeildina,“ sagði Carlo Ancelotti, þjálfari AC Milan, sem heimsækir Celtic í kvöld.

Ensku liðin Arsenal og Manchester United þóttu bæði hafa verið heppin þegar dregið var í 16 liða úrslitin en mótherjarnir hafa oft reynst skeinuhættir í meistaradeildinni. Arsenalmenn eru komnir til Eindhoven þar sem þeir spila við PSV. Eftir frábæra byrjun á tímabilinu hefur hollenska liðið verið að gefa eftir en Arsenalmenn eru hins vegar á fullu á öllum vígstöðum. Lið PSV-manna var hins vegar eitt af þeim fyrstu sem komst upp úr riðlakeppninni og finni liðið sitt fyrra form gæti Arsenal lent í vandræðum.

Síðasti leikur kvöldsins er síðan heimsókn toppliðs enska boltans, Manchester United, til franska liðsins Lille. Lille hefur átt í vandræðum með að skora mörk og það boðar ekki gott fyrir heimsókn United sem hefur sex stiga forskot í ensku úrvalsdeildinni. - óój

**REAL VANN SÍÐAST** Real Madrid hafði betur þegar liðið mætti Bayern síðast. NORDIC PHOTOS/GETTY



Enska bikarkeppnin:

## Chelsea mætir Tottenham

**FÓTBOLTI** Stórleikur í átta liða úrslitum ensku bikarkeppninnar er nágrannaslagur Lundúnaliðanna Chelsea og Tottenham á Brúnni en dregið var í gær.

Aðrir leikir eru þeir að Middlesbrough eða West Brom mæta Man Utd eða Reading, Arsenal eða Blackburn spila við Manchester City og að lokum tekur Plymouth á móti Watford. Stórliðin Chelsea, Manchester og Arsenal sleppa því hvert við annað í þessari umferð.

Leikirnir fara fram dagana 10. og 11. mars en þeir leikir sem enduðu með jafntefli um helgina verða spilaðir aftur 27. og 28. febrúar. - óój



**3356 STIG** Ágústa Tryggvadóttir úr UMF Selfossi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fimmtarþraut kvenna:

## Ágústa varði titilinn sinn

**FRJÁLSAR Ágústa Tryggvadóttir úr UMF Selfoss varð Íslandsmeistari í fimmtarþraut kvenna um helgina og varði þar með titilinn sem hún vann í fyrra. Ágústa hlaut samtals 3356 stig og var 300 stigum frá Íslandsmeti Kristínar Birnu Ólafsdóttur ÍR frá því í fyrra. Selfyssingar geta verið sáttir með afrakstur helgarinnar því Fjóla Signý Hannesdóttir varð í öðru sæti með 3063 stig. Valgerður Þorsteinsdóttir úr UFA varð síðan þriðja með 2850 stig. Í fimmtarþraut meyja (16 ára og yngri) sigraði Helga Margrét Þorsteinsdóttir úr USVH með miklum yfirburðum og setti meyjamet. Helga náði í 4141 stig úr greinunum fimm. - óój**





Sigurliðið fagnar góðum árangri

Frábær liðsheild, metnaður og góður stuðningur hefur fært Haukastelpunum bikarinn enn á ný!

Við þökkum þeim sem þáðu boð Actavis og studdu stelpurnar á úrslitaleiknum í Laugardalshöll á laugardaginn.

*Actavis er öflugur stuðningsaðili körfuknattleiks á Íslandi*

actavis

## > KATE HUDSON

Fæddist 19. apríl 1979. Þeir sem hafa unnið með henni tala allir um það hve skemmtileg hún er í samskiptum og jákvæð að eðlisfari. Hún er mikil hæfileikamanneskja sem er þekkt fyrir að leggja sig alla fram. Hún fæddist sem skemmtikraftur og sem barn söng hún og dansaði við hvert tækifæri. Foreldrar hennar vonuðust eftir að hún færi í háskóla en hún sjálf ákvað að fara veg kvikmyndaleikarans. Hún fékk strax nokkuð góð hlutverk en stóra tækifærið kom þegar hún fékk hlutverk í Almost Famous. Kate Hudson lék í Le Divorce sem sýnd er á Stöð 2 Bíó í kvöld.



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** KRISTRÚN HEIÐA HAUKSDÓTTIR HUGSAR TIL ÞULANNA

## *Nöturleg umgjörð um hlýlega þjónustu*

Það mun án efa taka nokkra áratugi að venjast nýja fréttastefinu á RÚV en ég held þó að þessi ráðstöfun sé til góðs og ef til vill aðeins forsmekkurinn að því sem koma skal. Nú þegar þjóðsöngur þessa ljósvakamiðils, sem stendur hjarta margra svo nær, hefur fengið nútímalegt yfirbragð, er þess mögulega skammt að bíða að flaggskip Ríkissjónvarpsins fái yfirhalningu líka?

Ég hef alltaf verið dálítið svag fyrir þulunum á RÚV. Þær (og hann þarna maðurinn líka) eru einkar umvefjandi, móðurlegar og mátulega sexý allar saman. Þær leiða mann ljúflega inn í ólíklegustu dagskrárliði af sannfæringu og alúð sem vart þekkist annars staðar. Ekki nóg með að raddir þeirra allra séu blíðlegar, stimamjúkar og skýrar heldur njóta fagrar ásjónur þeirra sín afar vel



á skjánum og dagskráin verður einhvern veginn svo miklu persónulegri fyrir vikið. Þær eru ófáar ungversku heimildarmyndirnar sem ég álpast til að horfa á þeirra vegna. Vissulega er þulustarfið töluverð tímaskekkja og raunar óþarft með tilliti til nútímatækniframfara. En ef við ætlum að hafa þulur á annað borð finnst mér kominn tími til að bæta aðbúnað þeirra. Dag eftir dag birtast þær á skjánum í þessum nöturlegum bláma - kannski með einhverri málamynda þurrblómaskreytingu til hátíðabrigða. Þarna standa þær lon og don upp á annan endann, aleinar með hálfa þjóðina gónandi. Mega þær ekki fá stól? Hvernig væri að skella eins og einu landslagsmálverki inn í settið - er ekki til eitthvað af þeim uppi í Efstaleiti?

## EKKI MISSA AF



▶ **18.05** Lost in Translation STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **19.30** Lille - Man. Utd. SÝN



▶ **20.00** Skólahreysti SKJÁREINN



▶ **20.30** Ali G SIRKUS



▶ **22.50** Everybody Loves Raymond SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**17.05 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Magga og furðudýrið** (23:26)
**18.30 Kappflugið í himingeimnum**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Everwood** (1:22) Bandarísk þáttaröð um heilaskurðlækni og ekkjumann sem býr ásamt tveimur börnum sínum í smábænum Everwood í Colorado. Aðalhlutverk leika Treat Williams, Gregory Smith, Emily Van Camp, Debra Mooney, John Beasley og Vivien Cardone.
**20.55 Allra meina bót** (6:8) (Bota mig)
**21.25 Alex Riel** (Spot: Alex Riel) Danskur þáttur um trommuleikarann Alex Riel sem hefur spilað með mörgum bestu djasstónlistarmönnum heims og kemur fram á afmælistónleikum Múlans 23. og 24. febrúar.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Draugasveitin** (4:8) (The Ghost Squad) Bresk spennuþáttaröð um sveit sem rannsakar spillingu innan lögreglunnar.
**23.15 Njósnadeildin (e)** (3:10) (Spooks)
**00.10 Kastljós**
**00.40 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 The Commitments**
**08.00 Mrs. Doubtfire**
**10.05 Lost in Translation**
**12.00 Le Divorce** (Skilnaðurinn)
**14.00 The Commitment**
**16.00 Mrs. Doubtfire**
▶**18.05 Lost in Translation**
**20.00 Le Divorce** Aðalhlutverk. Naomi Watts, Kate Hudson, Jean-Marie Lhomme. Leikstjóri. James Ivory. 2003.
**22.00 Nine Lives** Stranglega bönnuð b.
**00.00 Spartan** Stranglega bönnuð b.
**02.00 The Guys** (Strákarnir)
**04.00 Nine Lives**

## 2

**07.20 Grallararnir** (Tiny Toons)
**07.40 Tasmanía** (Taz-Mania)
**08.00 Oprah**
**08.45 Í fínu formi 2005**
**09.00 Bold and the Beautiful**
**09.20 Related** (12:18) (Systrabönd)
**10.05 Ganga stjörnurnar aftur?**
**10.50 Whose Line Is it Anyway?**
**11.15 60 mínútur** (60 Minutes)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.40 Nágrannar** (Neighbours)
**13.05 Homefront** (Heimavígstöðvarnar)
**13.50 Nábúar - Æður og maður**
**14.40 Las Vegas** (4:23)
**15.25 Whose Line Is it Anyway?**
**15.50 Horance og Tína**
**16.13 Shin Chan**
**16.38 Nornafélagið**
**17.03 Tasmanía** (Taz-Mania)
**17.23 Músti**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar** (Neighbours)
**18.18 Íþróttir og veður**
**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 The Simpsons** (9:22)
**20.05 Jack Osbourne - No Fear** (4:4) Nú þegar Jack Osbourne - sonur rokkarans Ozzys - hefur skipt rækilega um lífstíl heldur hann í þessari nýju þáttaröð áfram að prófa hinar ýmsu jaðaríþróttir þar sem reynir fyrst og síðast á hugrekki hans og óttaleysi.
**20.50 The Apprentice** Donald Trump snýr aftur í fimmtu seríunni af The Apprentice þar sem hann leitar enn á ný af lærlingi fyrir Trump-fyrirtækjaveldið sitt.
**21.35 Shark** (7:22) (Hákarlinn)
**22.20 The Unit** (9:13)
**23.05 Twenty Four** (5:24) (24)
**23.50 Nip/Tuck** (7:15) (Klippt og skorið)
**00.40 Crossing Jordan** (16:21)
**01.25 Cold Case** (6:24)
**02.10 Down With Love** (Ástsýki)
**03.50 Revelations** (4:6) (Hugljómun)
**04.35 Murder Investigation Team** (2:8)
**05.25 Fréttir og Ísland í dag**
**06.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18.00 Insider (e)**
**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Seinfeld**
**19.55 3. hæð til vinstri** (19:30)
**20.00 Entertainment Tonight**
▶**20.30 Ali G** Hinn eiturharði Ali G er mættur ásamt vinum sínum Borat frá Kasakstan og hinum austurríska og samkynhneigða Bruno. Ferðast þeir um Bretland og Bandaríkin og taka viðtöl við alls kyns fólk, hvort sem það eru kennarar eða háttsettir embættismenn. Fá viðmælendur kappana óþægilegar og vandræðalegar spurningar sem yfirleitt bjóða upp á álíka vandræðaleg svör. Ali G og Borat eru nú þegar orðnir heimsfrægir og segir sagan að Bruno sé við það að slá í gegn líkt og vinir hans.
**21.00 American Dad 3 (e)**
**21.30 The Loop** Gamanþættir um Sam sem er yngsti stjórnandinn hjá stóru flugfélagi. Það hljómar kannski spennandi en tvennt er að angra hann þar sem yfirmaðurinn hans er brjálæðingur og vinnufélagi hans er sífellt að reyna við hann.
**22.00 The Nine** Níu manns, allt ókunnugt fólk, eru tekin í gíslingu í banka einum. Þar er þeim haldið í 52 klukkustundir við erfiðar aðstæður. Þegar þau losna úr bankanum og fara að lifa lífi sínu finna þau að ekkert verður eins aftur. Líf þeirra er breytt að eilífu. Á milli þessara níu manna hafa nú myndast sterk bönd sem engin nema þau sem haldið var í bankanum skilja.
**22.50 Twenty Four** (17:24) (24 - 2)
**23.40 Insider**
**00.05 Janice Dickinson Modeling Agency (e)**
**00.35 Four Kings (e)**
**01.00 Seinfeld**
**01.25 Entertainment Tonight (e)**
**01.55 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.
**16.45** og **17.45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07.15 Beverly Hills 90210 (e)**
**08.00 Rachael Ray (e)**
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Melrose Place (e)**
**14.45 Vörutorg**
**15.45 One Tree Hill (e)**
**16.45 Beverly Hills 90210**
**17.30 Rachael Ray**
**18.15 Melrose Place**
**19.00 Everybody Loves Raymond (e)**
**19.30 Out of Practice (e)**
▶**20.00 Skólahreysti** Grunnskólakeppni í fitnessþrautum. Haldnar verða tíu forkeppnir um allt land og mun stigahæsta skólaliðið úr hverjum riðli komast í úrslit. Í síðasta þættinum á höfuðborgarsvæðinu sjáum við skóla frá Hafnafirði og Reykjanesi í æsispennandi keppni.
**21.00 Innlit / útlit** Hönnunar- og lífsstílsþáttur þar sem Þórunn, Nadia og Arnar Gauti koma víða við, heimsækja skemmtilegt fólk og breyta og bæta á heimilum þess. Þau eru með góðan hóp iðnaðarmanna sér til halds og trausts og koma með sniðugar hugmyndir og einfaldar lausnir.
**22.00 Close to Home** Annabeth vill ólm fá öll erfiðustu glæpamálin og hlífir sér hvergi, ekki alltaf við góðar undirtektir yfirmanna sinna. Þættirnir hafa fengið alveg ótrúlega góðar móttökur áhorfenda og er þeim líkt við hina vinsælu C.S.I.
▶**22.50 Everybody Loves Raymond**
**23.15 Jay Leno**
**00.05 Heroes (e)**
**01.05 Jericho (e)**
**02.05 Vörutorg**
**03.05 Beverly Hills 90210 (e)**
**03.50 Melrose Place (e)**

## SKJÁR SPORT

**08.00 Ítölsku mörkin (e)**
**17.00 Ítölsku mörkin (e)**
**18.00 Bolton - Fulham (frá 11. feb)**
**20.00 Chelsea - Middlesb. (frá 10. feb)**
**22.00 Juventus - Crotone (frá 17. feb)**
**00.00 Dagskrárlok**

Innlit / útlit

Í þættinum í kvöld kíkir Arnar Gauti á glæsilega líkamsræktarstöð á Akureyri, Þórunn heimsækir listakonuna Elísabetu Ásberg og Nadia skoðar nýjan veitingastað þeirra Kormáks og Skjaldar.

Í KVÖLD KL. 21.00
Á SKJÁEINUM

ENNEMM / SÍA / NM26220



## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 21.35**

### Shark (Hákarlinn)

Nýir bandarískir spennuþættir sem slegið hafa í gegn vestanhafs. Þættirnir fjalla um stjörnulögfræðinginn harðsvíraða Sebastian Stark sem söðlað hefur um og gerst opinber saksóknari eftir að hafa getið sér gott orð sem verjandi frægra fólksins. Þegar átta ára stúlka er numin á brott úr almenningsgarði og myrt telur Stark sig greina tenginu við annað fimmtán ára gamalt morð. Þá hafði Stark verið verjandi hins sakfellda sem þá var dæmdur fyrir morð.



## VIÐ MÆLUM MEÐ

**Everwood RÚV kl. 20.10**

Í kvöld hefst ný syrpa af Everwood í Ríkissjónvarpinu. Þetta er bandarísk þáttaröð um heilaskurðlækni og ekkjumann sem býr ásamt tveimur börnum sínum í smábænum Everwood í Colorado. Aðalhlutverk leika Treat Williams, Gregory Smith, Emily Van Camp, Debra Mooney, John Beasley og Vivien Cardone. Þátturinn sem sýndur verður klukkan rúmlega átta í kvöld er fyrsti þáttur af tuttugu- og tveimur.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**07.00** Fréttir **07.05** Morgunvaktin **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Fréttir **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Laufskálinn **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.13** Heima er best **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Vítt og breitt
**14.00** Fréttir
**14.03** Útvarpssagan: Snorrabraut 7 (2:18)
**14.30** Seiður og hélog
**15.00** Fréttir
**15.03** Orð skulu standa
**16.00** Fréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.00** Fréttir
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**19.00** Vitinn
**19.30** Laufskálinn
**20.10** Þórbergur Þórðarson og allir hinir (Frá því á sunnudag) (2:2)
**20.50** Í heyranda hljóði
**22.00** Fréttir
**22.15** Lestur Passíusálma (14:50)
**22.22** Lóðrétt eða lárétt
**23.10** Fimm fjórðu
**00.00** Fréttir
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

## SÝN

**17.05 PGA Tour 2007 - Highlights**

**18.00 Ensku bikarmörkin 2007**

**18.30 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur** Allt það helsta úr Meistaradeildinni.

**19.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs - Upphitun** Heimir Karls og Guðni Bergs hita upp fyrir alla leiki kvöldsins í Meistaradeild Evrópu.

▶**19.30 Meistaradeild Evrópu** (Lille - Man. Utd) Bein útsending frá 16-liða úrslitum. Leikmenn Lille verða ekki auðunnir fyrir United.

**21.40 Meistaradeildin með Guðna Bergs** (Meistaramörk) Farið ítarlega yfir alla leiki kvöldsins í Meistaradeild Evrópu.

**22.10 Meistaradeild Evrópu** (Real Madrid - Bayern München) Útsending frá stórleik í 16-liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu. Hér eru á ferðinni félög með gífurlega hefð og ótal titla í heimalöndunum.

**00.00 Meistaradeild Evrópu** (PSV - Arsenal) Leikurinn var í beinni útsendingu á Sýn Extra 2 kl 19.30.

**01.50 Meistaradeildin með Guðna Bergs (e)** (Meistaramörk)

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar

**21.00 Einbýlishús** – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

**22.00 Fjölbýli og hæðir** – Litlar og meðalstórar eignir sýndar

**23.00 Nýjar eignir** e.

**0.00 SMS eignir** – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda SMS-skilaboð

## DR 1

**6.00** Den lille prinsesse **6.10** Peter Pedal **6.30** Snip Snap Snude **6.50** Nasse **7.00** Magnus og Myggen **7.15** Rubbadubbers **7.30** Rabatten **8.00** Kaptajn og besætning byder velkommen **8.30** Deadline 2. Sektion **9.00** Jersild & Spin **9.30** Læs for livet **10.00** Jagerpiloterne **10.30** Vagn hos kiwierne **11.00** TV Avisen **11.10** Horisont **11.35** Grøn glæde **12.00** Genbrugsguld **12.25** Aftenshowet **13.20** Arbejdsliv - find et job! **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawson's Creek **15.00** Flemmings Helte **15.15** SPAM **15.30** Shin Chan **15.35** Ninja Turtles **16.00** SportsNørd **16.30** Lille Nørd **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **17.55** Aftenshowet med Vejret **18.30** Hvad er det værd **19.00** Verdens sejeste dansker **19.30** Kender du typen **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** SportNyt **21.00** Hvor kragerne vender **21.45** Columbo **23.00** Lady Jayne: lejemorder **5.30** Alle vi børn i Bulderby **6.00** Den lille prinsesse

## NRK 1

**8.30** Viten om **9.00** Siste nytt **9.05** Puls **9.30** Faktor: Jakten på den komplette samlingen **10.00** Siste nytt **10.05** Oddasat - Nyheter på samisk **10.20** Distriktsnyheter **10.40** Fra Nordland **11.00** Siste nytt **11.05** Distriktsnyheter **11.20** Fra Møre og Romsdal **11.40** Fra Hordaland og Sogn og Fjordane **12.00** Siste nytt **12.05** Distriktsnyheter **12.20** Fra Aust- og Vest-Agder **12.40** Fra Buskerud, Telemark og Vestfold 1**3.00** Siste nytt **13.05** Distriktsnyheter **13.20** Fra Oslo og Akershus **13.40** Fra ¥stfold **14.00** Siste nytt **14.05** Drakejegerane **14.30** Duck Dodgers **15.00** Siste nytt **15.03** Dracula junior **15.30** Liga **16.00** Siste nytt **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Fra loft og kjeller **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Konrad katt **17.10** Vennene på Solflekken **17.25** Gubben og Katten **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Ut i naturen **18.55** Norsk for nybegynnere **19.25** Kroppen **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Standpunkt **21.15** Extra-trekning **21.30** Bokprogrammet **22.00** Kveldsnytt **22.15** Kulturnytt **22.20** Utsyn: Jihad-tv 23.05 4•4•2: Bakrommet: Fotballmagasin **23.35** Youssou N'Dour og venner

## SVT 1

**8.30** Keith on the road **9.00** Pedagogikens giganter **9.30** VeteranTV **10.00** Vetenskap - DNA **10.30** Livet & hälsan **11.00** Rapport **11.05** Övervakade **13.25** Min hund Skip **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Extra **16.25** Born Wild **16.30** Krokomax **17.00** Lilla blå draken **17.10** Djurbebisar **17.15** Dra mig baklänges **17.30** Allt och lite till **18.00** Lilla Aktuellt - kortnyheter **18.05** Grand Prix **18.30** Rapport **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Höök **21.00** Argument **22.00** Rapport **22.10** Kulturnyheterna **22.20** Orkesterliv **22.50** Sändningar från SVT24





# Við þökkum frábærar viðtökur

á frumsýningu Isuzu D-MAX um helgina!

## Gerðu samanburð!

| Vél og afköst | 35" Breyttur D-Max | Hi-Lux (óbreyttur) |
|---|---|---|
| Gerð | 3.0 | 3.0 |
| Ventlakerfi | 16 ventla DOCH | 16 ventla DOCH |
| Stimpilstærð | 95,4 x 104,9 | 96,0 x 103,0 |
| Slagrými | 2999cc | 2982cc |
| Hámarksafköst (hö/snm) | 163/3600 | 171/3600 |
| Hámarkstog (Nm/snm) | 360/1800 - 3600 | 343/1400 - 3400 |
| Dráttargeta | 3 tonn | 2,2 tonn |
| Framleiðsluland | Thailand | Afríka |
| Verð sjálfskiptur | 3.440.000 kr.* | 3.380.000 kr. |

*Hús á palli er ekki innifalið í verði

## D-MAXinn er svo sannarlega að slá í gegn!

Við bjóðum **D-MAX með 35" breytingu frá Arctic Trucks** á sambærilegu verði og óbreyttur Hi-Lux. Frábærlega útbúinn jeppi sem dregur það sem hann vill draga og fer þangað sem hann ætlar sér. Hann er er með nýrri díselvél sem suðar eins og saumavél, sparar eldsneyti og minnkar útblástur. Hvað viltu hafa það betra? Það er engin furða að allt skuli hafa troðfyllst á sýningunni um helgina. D-MAX, annað er bara brjálæði!

***Komdu og tryggðu þér eintak!***



### Ný díselvél með millikæli

Háþróuð tækni eins og millikælir og VGS (Variable Geometry System) skilar 13% betri eldsneytisnýtingu, meiri krafti og minni hávaða og minni útblæstri. Nýja díselvélin sem er hljóðlátari en nokkru sinni fyrr og **eyðir aðeins 6,5-9,4l/100**.



### Rúmgóður og þægilegur

Innviðir **ISUZU D-MAX** vekja jafnvel enn meiri gleði en ytra byrðið. Hann er einstaklega rúmgóður og ný hönnun á glæsilegu mælaborði með raflýstum mælum og nýjum og notkunarvænum bílstjórasætum færa innra rýmið upp í nýja vídd hvað varðar þægindi.



### Innbyggt öryggi

Dúal SRS loftpúðar í framsætum minnka hættu bílstjóra og farþega komi til árekstrar, einkum þegar þeir eru notaðir með þriggja punkta ELR sætisbeltunum. Framljósin eru með Slipsod kerfi sem eykur lýsingu og lengir sjónsviðið og eykur þannig enn öryggi bílstjóra.

**Ingvar Helgason** Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00

Umboðsmenn um land allt | Akranesi 431 1376 | Akureyri 464 7940 | Höfn í Hornafirði 478 1990 | Njarðvík 421 8808 | Reyðarfirði 474 1453

ENNEMM / SÍA / NM26202

## BESTI BITINN ...



*Þá sjaldan ég lyfti mér upp og fæ mér skyndibita finnst mér gott að fá mér Tommaborgara á Hamborgarabúllunni við höfnina. Mér finnst pítsurnar frá Eldsmiðjunni líka fyrirtaks skyndibiti og fer stundum þangað. Þá panta ég yfirleitt pítsu með sniglum.*

Katrín Jakobsdóttir, varaformaður Vinstri grænna.

# Rótsterkur Faxe rýkur út

„Já, áhuginn hefur sannarlega aukist,“ segir Anton Ingimarsson, starfsmaður vínbúðar ÁTVR í Kringlunni, en sala á tíu prósenta Faxe-bjór hefur tekið kipp eftir innslag Kastljóssins fyrir réttri viku.



**ANDRI FREYR** Hætt er við að timburmenn hafi bankað upp á hjá útvarpsmanninum daginn eftir Kastljósþáttinn.




Í þættinum var útvarpsmaðurinn Andri Freyr Viðarsson fenginn til að kneyfa sex hálfs lítra dósir af hinu rammsterka öli til að sýna hvaða áhrif áfengisdrykkja hefði á ökuhæfni manna. Áhrifin létu heldur ekki á sér standa; þegar Andri hafði lokið við kippuna ræddi Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir við hann og fór ekki á milli mála að útvarpsmaðurinn var orðinn dauðadrukkinn og ekki í neinu ástandi til að setjast undir stýri.

Anton segir að innslagið hafi óneitanlega vakið athygli á bjórnum. „Við höfum orðið vör við að fólk sem leggur leið sína hingað spyr um þennan bjór og segist þá oftar en ekki hafa séð hann í Kastljósi. Yfirleitt er þetta fólk í yngri kantinum, á milli tvítugs og þrítugt,“ segir Anton, sem telur að fólk sé aðallega forvitið. „Þetta er auðvitað sérstök vara, það er allt annað bragð af svona sterkum bjór en þessum venjulega og ég er ekki viss um að þeir sem smakki muni kaupa hann aftur. En þeir eru auðvitað líka til sem finnst svona sterkur bjór góður.“ - bs



**RAGNHILDUR STEINUNN** Fylgdist með hvernig Andra reiddi af eftir því sem hann svolgraði meiri bjór.



**LÁRÉTT** 2 hjólbarði 6 tveir eins 8 samkynhneigður 9 hallandi 11 slá 12 blökk 14 fugl 16 grískur bókstafur 17 temja 18 óhreinka 20 bardagi 21 titra.

**LÓÐRÉTT** 1 aflast 3 skammstöfun 4 skipsgluggi 5 knæpa 7 brennivínstegund 10 spíra 13 vætla 15 þekkja leið 16 samstæða 19 til.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2 dekk, 6 áá, 8 hýr, 9 ská, 11 rá, 12 talía, 14 valur, 16 pí, 17 aga, 18 ata, 20 at, 21 riða.

**LÓÐRÉTT:** 1 fást, 3 eh, 4 kýrauga, 5 krá, 7 ákavíti, 10 ála, 13 íla, 15 rata, 16 par, 19 að.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 10

1 Hussein
2 Sinawik
3 Lið Vesturstrandarinnar




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



**STUÐNINGUR** Aðrir keppendur í X-Factor hafa sýnt Ingu Sæland mikinn stuðning eftir að hún varð fyrir hinum alvarlegu meiðslum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## INGA SÆLAND: MISSTI FRAMAN AF LÖNGUTÖNG

# Óttast að geta ekki spilað á gítarinn aftur

Hinn geðþekki keppandi úr X-Factor, Inga Sæland, varð fyrir alvarlegum meiðslum á laugardaginn fyrir utan Smáralindina. Verið var að taka upp atriði fyrir næsta þátt þar sem þeir átta keppendur sem eftir eru mæta í verslunarmiðstöðina til að árita. Inga varð fyrir því óláni að skella bílhurð á löngutöng með þeim hrikalegu afleiðingum að það sneiddist ofan af honum. Kallað var á sjúkrabíl og söngkonan flutt samstundis á sjúkrahús þar sem gert var að meiðslum hennar. Inga var skiljanlega mjög kvalin og var mikið deyfð en er nú komin heim eftir þessa erfiðu lífsreynslu.

Þór Freysson, framleiðslustjóri þáttanna, sagði keppendurna hafa orðið fyrir miklu áfalli enda hafi slysið verið mjög alvarlegt. „Þau fengu eiginlega bara hálfgert taugaáfall og sú hugmynd kom upp að fresta árituninni. Krakkarnir ákváðu hins vegar að láta slag standa og harka þetta af sér,“ segir Þór. Hann heyrði síðan í Ingu á sunnudeginum og þá var hún nokkuð brött og gat gert létt grín að þessu sjálf þrátt fyrir alvarleika meiðslanna. „Við vorum náttúrlega bara öll í sjokki,“ segir Þór.

Sigríður Sæland Óladóttir, dóttir Ingu, sagði mömmu sína alla vera að koma til. „Hún var mikið deyfð til að byrja með og fann því ekki mikið til. Því hefur nú verið hætt og þess vegna hefur sársaukinn aðeins verið að gera vart við sig,“ segir Sigríður. „Mamma reynir annars bara að taka lífinu með ró en þetta var óskemmtilegt enda enginn sem vill missa framan af putta,“ bætir Sigríður við og segir móður sína hafa óttast mest að geta ekki spilað framar á gítar. Sigríður var stolt af frammistöðu móður sinnar hingað til en að þetta væri kannski pínulítið undarlegt, að eiga mömmu í X-Factor. „En þetta er frábært tækifæri fyrir hana enda hefur hún alltaf haft gaman af því að syngja.“

Einar Bárðarson, sem hefur veitt Ingu leiðsögn í gegnum keppnina, var rétt búinn að jafna sig á brotthvarfi Sigga á föstudeginum þegar áfallið reið yfir. „Þetta er náttúrlega agalegt,“ segir Einar sem náði ekki að fylgja Ingu upp á sjúkrahús en passaði hina keppendurna sína tvo eins og sjáaldur auga síns. „Við hittumst síðan öll á sunnudagsmorgninum og þá var hún strax aðeins hressari. Inga er hörð og ætlar að vera með á föstudaginn. Ætlaði að taka lagið Ég fer á puttanum en fannst það síðan ekki alveg við hæfi.“

freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Frétt Fréttablaðsins um stefnumót breska leikarans **Jude Law** og **Höllu** Vilhjálmsdóttur, kynnis í X-Factor, hefur vakið mikla athygli. Jude og Halla snæddu kvöldverð á Domo og skemmtu sér svo á Sirkus við Klapparstíg. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins fór vel á með þeim skötuhjúum, svo vel að þau munu hafa verið í stöðugu símasambandi eftir að Jude yfirgaf Ísland á laugardag.



Vinskapur þeirra **Höllu Vilhjálmsdóttur** og Jude Law hefur verið á allra vörum síðan fréttin birtist í gær og virðist ætla að hafa áhrif á gang mála í X-Factor. Að minnsta kosti ganga nú sögur þess efnis að fleiri en einn keppandi hafi lýst yfir áhuga á því að flytja sama lagið í næsta þætti. Það lag er að sjálfsögðu Bítlaklassíkin Hey Jude.



Eins og kunnugt er hefur **Páll Valsson** sagt lausu starfi sínu sem útgáfustjóri fagurbókmennta hjá Eddu útgáfu. Hann yfirgefur þó ekki fyrirtækið algjörlega heldur ritstýrir áfram þeim höfundum sem hann hefur haft innan sinnan vébanda. Auk þess er Páll sjálfur með nokkur járn í eldinum, meðal annars vinnur hann að ritun bókmenntasögu 20. aldar. Þá er annað verk í farvatninu sem er bundið við 19. öldina en fæst að öðru leyti ekki gefið upp um hvað snýst. Páll sendi síðast frá sér ævisögu Jónasar Hallgrímssonar árið 1999, sem vann meðal annars til Íslensku bókmenntaverðlaunanna. - óhþ/bs



# Svíar krefjast nærveru Eiríks

„Svíarnir sem framleiða þáttinn heyrðu af sigri Eiríks og vildu ólmir halda honum í þættinum. Töldu það bara vera þættinum til framdráttar að vera með sigurvegara innanborðs,“ segir Páll Magnússon, útvarpsstjóri í Efstaleitinu.

Eins og mörgum er kunnugt hefur Eiríkur verið fastagestur í árlegum Eurovision-þætti norrænu sjónvarpsstöðvanna, Inför Eurovision Song Contest, þar sem nokkrir valinkunnir tónlistarspekingar segja sitt álit á þátttakendum í keppninni.

Eftir sigur Eiríks fóru á kreik sögur um hvort söngvarinn gæti áfram verið með í þættinum en Páll segir svo vera. Og telur þetta bara vera plús fyrir land og þjóð því þetta hafi í för með sér mikla kynningu fyrir Eirík og lagið. „Hann verður sverð okkar og skjöldur í Eurovision þetta árið,“ segir Páll og hlær.

Sigurlagið Ég les í lófa mínum eftir Svein Rúnar Sigurðsson hlaut afgerandi kosningu samkvæmt fréttum Ríkissjónvarpsins á sunnudagskvöldinu. Þetta verður í þriðja sinn sem Eiríkur syngur í Eurovision-keppninni en hann hefur einu sinni áður tekið þátt fyrir Íslands hönd þegar Icy-tríóið tróð upp með Gleðibankann í Bergen árið 1986. - fgg



**EIRÍKUR HAUKSSON** Hlaut afgerandi kosningu á úrslitakvöldinu og verður meðal gesta í árlegum Eurovision-þætti sænska sjónvarpsins.




*20% afsláttur af öllum viðburðum Concert ef greitt er með MasterCard*

Kynnið ykkur frekari tilboð og tónleikadagskrá Concert á vef tónlistarklúbbs MasterCard, www.kreditkort.is/ klubbar

FORSALA AÐGÖNGUMIÐA Á WWW.MIDI.IS OG Í VERSLUNUM SKÍFUNNAR

CONCERT

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



Farsímalagerinn
**Miðhraun 14, Garðabæ.**
**www.farsimalagerinn.is**




**BAKÞANKAR**


ÞÓRHILDAR ELÍNAR ELÍNARDÓTTUR


## *Dirty weekend in Reykjavik*

Nú stendur fyrir dyrum ráðstefna í Reykjavík þar sem þátttakendur eru stórir framleiðendur klámefnis á netinu. Hvorki eru skráðir fyrirlestrar né pallborðsumræður í dagskrá á heimasíðu ráðstefnunnar. Ástæðan er sennilega ekki sú að klámframleiðendum sé lagnara að rýta og rymja en halda ræður, þótt óneitanlega sé það fyrsta hugsun. Líklega eru vandfundnir harðsvíraðri bissnessmenn en einmitt framleiðendur kláms. Þeir eru semsagt ekki í faginu af hugsjón. Nei, dagskráin lítur frekar út eins og dæmigerð skemmtiferð fyrir hvern annan túristahóp með bíltúrum á Gullfoss og Geysi. Ráðstefnan er því væntanlega einkum hugsuð til að styrkja hin sérhæfðu viðskiptatengsl og gera feita samninga. Reyndar er líka skipulögð hópferð á strippbúllu og einnig mun á döfinni að taka nokkrar klámmyndir í ferðinni. Kannski verður bráðlega hægt að sjá Gullfoss og Geysi í nýju ljósi, ef svo má segja.

**KONUR** sem birtast á klámmyndum selja afnot af líkama sínum í kynferðislegum tilgangi og eru því vændiskonur. Þeim, sem hefur þá hugmynd um vændiskonur að þær séu einkum spólgraðar alla daga, má benda á að rannsóknir hafa sýnt að mikill meirihluti þeirra varð fyrir kynferðisofbeldi í æsku og flestar eru háðar fíkniefnum. Og eins og upplýstu fólki ætti nú að vera orðið kunnugt eru einmitt sterk tengsl á milli kláms, vændis og mansals. Þeir sem enn vita ekkert um hvað er verið að tala, ættu að verða sér úti um kvikmyndina Lilja 4-ever, sem er skylduáhorf fyrir fullorðið fólk.

**SÍST** ætti samt að koma mikið á óvart að klámiðnaðurinn hafi fengið augastað á Reykjavík sem notalegum samverustað. Miðað við hefðbundna landkynningu gæti fólk ætlað að hér sé einn samfelldur næturklúbbur hvers íbúar væru að mestu fegurðardrottningar með brókarsótt sem vita ekkert skemmtilegra en að vera teknar í bakaríið af hverjum sem er.

**ALMENNT** séð er ímynd okkar því að verða nokkuð áhrifarík. Við leggjum óspillt náttúruvíðerni undir stórvirkjanir og seldum fiskimiðin og þjóðarbankana fáeinum útvöldum. Með því að bjóða klámfólkið velkomið getum við enn ýtt undir þá hugmynd að landið sé aðeins byggt lauslátum gærum og öðru sauðfé.





